


**STEINN ÓSKAR SIGURÐSSON**

*Plokkfiskur í uppáhaldi hjá dætrunum núna*

• matur • helgin • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR**

*Lifir vistvænu lífi, stundar sparakstur og endurnýtir föt*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**ÞORVALDUR ÞORVALDSSON**

*Tekur við af Bjarna Ármanns í Útsvari*

Hefði betur tekið við bankanum líka

FÓLK 34


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. október 2008 — 291. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Stökkpallur fyrir landsmenn**

Baldvin Björnsson hefur stofnað Íslendingasetur á Lálandi í Danmörku.

TÍMAMÓT 20



**Dýrt áhugamál**

Jóhannes Kjartansson ljósmyndari hefur eytt 1,5 milljónum króna í framköllun á filmum.

FÓLK 26

**Allt fyrir ekkert**

Með því að gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu hófst bylting í atvinnuháttum á Íslandi, segir Helgi Hjörvar.

UMRÆÐAN 18



**N1-deild karla**

Akureyri skaust á topp deildarinnar með sigri gegn Val í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**SLÆM FÆRÐ** Norðaustanstormur og hríð á Vestfjörðum í fyrstu og norðanstormur og snjókoma norðan- og norðaustanlands. Hægari vindur annars staðar og úrkomulítið. Hiti um frostmark.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.


# Lögmenn Kaupþings vilja ríkið með í mál

**Lögmenn Kaupþings sækjast eftir liðsinni ríkisins við málsókn á hendur breska ríkinu. Skaðabætur gætu numið hundruðum milljarða íslenskra króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Lögmenn gamla Kaupþings óskuðu eftir því á fundi með viðskiptanefnd Alþingis í gær að hið opinbera legði til fjármagn svo bankinn gæti stefnt breska ríkinu.

„Hvort hið opinbera komi að þessu með einhverjum hætti hefur einfaldlega ekki verið ákveðið,“ sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar. Breskir lögmenn sem undirbúa málsóknina telja réttmætt að kröfur bankans á hendur breska ríkinu nemi hundruðum milljarða íslenskra króna. Segja þeir góðar líkur á því að fá tilskipun breska fjármálaráðuneytisins á hendur bankanum frá 8. október síðastliðnum dæmda ólögmæta. Einnig að breska ríkið verði dæmt skaðabótaskylt vegna misbeitingu valds og vanrækslu.

„Þetta snýst ekki aðeins um peninga því þarna eigum við Íslendingar líka möguleika á að rétta við sjálfsvirðingu okkar,“ segir Magnús Árni Skúlason, samstarfsmaður lögmannanna. „Lögmennirnir telja að á okkur hafi verið brotið og það þarf að kanna. Og um leið værum við að bæta ímynd okkar sem bresk stjórnvöld hafa skaðað.“

„Það kom fram hjá bresku lögmönnunum að þeir mátu það þannig að málsókn gegn bresku ríkisstjórninni yrði ákveðinn áfellisdómur yfir henni,“ segir Ágúst Ólafur. „Svo hún myndi líklega gera ýmislegt til að forðast slíkan álitshnekki eins og til dæmis að semja um málið áður en það yrði látið fara til dómstóla.“ Heimildir Fréttablaðsins herma að bankinn hafi ekki efni á að fara í slíkan málarekstur svo að mikið er lagt upp úr því að hann fái liðveislu í þeim tilgangi þannig að hann tapi ekki þeim fjármunum sem lögmenn telja vera í húfi.

Jón Daníelsson, prófessor í fjármálum við London School of Economics, sagði í Kastljósi í gær að miklar líkur væru á því að Kaupþing hefði ekki farið í þrot hefði breska ríkið ekki brugðist við eins og það gerði, því ætti að sækja það til saka. **- jse**



**SÚÐAVÍKURHLÍÐ LOKAÐ** Mikill sjór og grjót barst á land í óveðrinu sem gekk yfir Vestfirði í gær. Á myndinni sést þegar Súðavíkurhlíð var lokað síðdegis, en talið er að vegurinn hafi skemmst töluvert í látunum. **Sjá nánar síðu 2.** MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON



**FÁNI NÝJA ÍSLANDS** Baggalútar nota þennan fána en hann kom til greina sem fáni Íslands árið 1914.

Ísland á betra skilið:

## Baggalútur í útrás á Netinu

**FÓLK** Fréttamiðillinn Baggalútur.is er kominn í bullandi útrás og birtir nú fréttir sínar á ensku á vefsíðunni newiceland.net. Síðunni er ætlað að sporna við þeirri neikvæðu ímynd og umræðu sem landið hefur mátt þola undanfarið.

„Ísland á betra skilið. Við eigum ekki að þurfa að þola einelti og kúgun einhverra útlendinga,“ segir Jóhann Bragi Fjalldal, nýráðinn sviðsstjóri alþjóðasviðs Baggalúts. **-drg/** **sjá síðu 34**

Harka breskra stjórnvalda:

## Skapa fordæmi með Icesave

**VIÐSKIPTI Bretar kynnu að vera að skapa fordæmi með hörku í viðræðum við Íslendinga vegna Icesave-reikninganna. Tólf erlendir bankar eru með útibú í Bretlandi sem taka við innlánum með sama hætti og gert var á Icesave-reikninga Landsbankans.**

**Ljóst er að upphæðir á erlendum reikningum í Bretlandi, sem njóta svipaðrar tryggingaverndar og Icesave-reikningarnir, nema margföldum þeim upphæðum sem lágu á reikningum Landsbankans.**

**Bresk sendinefnd átti viðræður hér á landi til að ræða um lausn mála vegna skuldbindinga Landsbankans ytra. Eftir langa fundi í tvo daga hefur nefndin haldið heim á leið. Viðræðum er þó ekki lokið og verður haldið áfram síðar, herma upplýsingar Fréttablaðsins.** **- ikh /** **sjá bls. 4**

Straumur-Burðarás tryggði kröfur á hendur Samson eignarhaldsfélagi:

## Færðu milljarða fyrir greiðslustöðvun

**VIÐSKIPTI** Sama dag og Samson eignarhaldsfélag fékk greiðslustöðvun, 7. október síðastliðinn, gerði Straumur-Burðarás upp kröfur og skuldir við félagið. Greiddir voru tæpir tveir milljarðar króna til Samson. Samson eignarhaldsfélag átti um 40 prósent í Landsbankanum og fór fram á greiðslustöðvunina eftir að ríkið tók bankann yfir. Straumur er í ríflega þriðjungseigu Samson Global Holdings. Samson eignarhaldsfélag og Samson Global Holdings eru bæði í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, staðfestir að „einhver greiðslujöfnun“ hafi átt sér stað 7. október, en áréttar að það hafi hvorki verið að frumkvæði eða beiðni Samson eignarhaldsfélags. Samson er svo einnig í ábyrgð fyrir 207 milljónum evra (26 til 31 milljarðs króna eftir gengi) láns Landsbankans til XL Leisure Group sem varð gjaldþrota í september. Sú ábyrgð var færð um miðjan mánuðinn af Eimskipafélaginu yfir á Samson. Samson ætlar að fara fram á framlengingu greiðslustöðvunar eftir helgi, en komi til þess að félagið fari í þrot, tekur skiptastjóri afstöðu til krafna og tilfærslna fyrir greiðslustöðvunina. **- óká/** **Sjá síðu 16**







**SPURNING DAGSINS**



*Sigríður, kaupir fólk köttinn í sekknum hjá þér?*

„Nei, það lætur köttinn duga."

Kettir rjúka út úr Kattholti í kreppunni. Sigríður Heiðberg er forstöðumaður Kattholts.

Sjávarútvegsráðherra ætlar að bregðast við óskum hagsmunaaðila í sjávarútvegi:

# Kannar aukinn þorskkvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hyggst endurmeta hvort forsendur eru til að auka þorskkvótann. Slík ákvörðun verður þó ekki tekin nema það samrýmist að öllu leyti yfirlýstri stefnu um sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þar verði þess í öllu gætt að ákvörðun um meiri þorskveiði verði í samræmi við þá stefnu að fiskistofnum verði haldið við og þeir efldir.

Þetta kom fram í máli ráðherra við setningu aðalfundar Landssambands smábátaeigenda í gær. Þar greindi Einar frá því að einstaklingar og hagsmunaaðilar hafi farið þess á leit við hann að endurmeta ákvörðun um heildarafla í þorski. „Með skírskotun til fortíðarinnar taldi ég ekki sérstaka ástæðu til að bregðast við þessu. Ég tel hins vegar að það hljóti að vera skylda mín sem ábyrgs sjávarútvegsráðherra að fara yfir þessi mál efnislega núna og komast að niðurstöðu."



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Sjávarútvegsráðherra hyggst endurmeta hvort hægt sé að veiða meira en 130.000 tonn af þorski. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einar sagði að vegna anna hefði ekki unnist tóm til að meta þetta álitamál fyrr. Í ræðu sinni lagði Einar þunga áherslu á að ákvarðanir um aukinn þorskkvóta yrðu ekki teknar nema þær samrýmdust því sem hingað til hefur verið sagt erlendis og hér heima: „... við byggjum á sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem ekki er gengið á fiskistofnana, en þeim haldið við og þeir efldir." **- shá**

Nóróveiran á ferð og flugi:

## Niðurgangspest geisar á landinu

**HEILBRIGÐISMÁL Niðurgangspest hefur geisað að undanförnu í samfélaginu bæði hjá börnum og fullorðnum. Hún er af völdum svokallaðrar nóróveiru, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis.**

**Tuttugu einstaklingar hafa greinst með þessa veirusýkingu frá byrjun september, en Haraldur telur að það sé aðeins toppurinn á ísjakanum, mun fleiri eigi líklega eftir að veikjast.**

**Sjúkdómurinn berst mjög fljótt milli manna, en gengur í langflestum tilfellum yfir á einum til þremur sólarhringum án nokkurrar meðferðar.** **- jss**



**HLEÐSLUMEISTARI** Guðjón er flinkur að eiga við grjótið og einnig hagur á tré.

Fornar hefðir í húsagerð:

## Með sleggju, fleyg og hamar

**BYGGINGAR** Eldiviðarkofi úr grjóti, torfi og viði verður væntanlega byggður við Elliðavatn í næsta mánuði á fyrirhuguðu námskeiði Endurmenntunarskólans. Hlaðið eldstæði er á dagskránni líka. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Guðjón Kristinsson frá Dröngum.

Guðjón er landsþekktur fyrir snilli sína í grjóthleðslu og hyggst líka kenna fólki að nota sleggju og fleyg til að rífa við í áreftið. „Kannski förum við aftur á söguöld í vinnubrögðum og brúkum bara tré en sleppum járnnöglum," segir hann.

**-gun/sjá allt í miðju blaðsins**

**REYKJAVÍKURBORG**

### Synda frítt fyrsta vetrardag

Ókeypis verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og allar sundlaugar í Reykjavík fyrsta vetrardag, laugardaginn 25. október. Söfn borgarinnar verða einnig með sérstaka dagskrá í tilefni dagsins.

**VERKALÝÐSMÁL**

### Forsetakjör ASÍ í dag

Forsetakjör ASÍ fer fram í dag en Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Í framboði eru Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. Niðurstaða kjörsins verður ljós fyrir hádegi.

# Ekkert misræmi segir fjármálaráðherrann

**Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir ekkert misræmi milli þess sem kemur fram í útskrift af símtali hans við fjármálaráðherra Bretlands og þess sem hann sagði við fjölmiðla. Hann hafi sagt að staðið yrði við skuldbindingar Íslendinga.**

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra hafnar því að misræmi sé á milli upplýsinga sem hann gaf fjölmiðlum um símtal sitt við fjármálaráðherra Breta og þess sem sagt var í samtalinu.

Kastljós birti í gær íslenska þýðingu á símtali sem Árni átti við Alaister Darling, fjármálaráðherra Bretlands, að morgni 7. október. Daginn eftir þetta samtal sagði Darling að íslensk stjórnvöld hefðu sagt sér að þau hefðu engar áætlanir um að standa við skuldbindingar sínar vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi. Tveimur dögum síðar sagði Árni í samtölum við bæði visir.is og Kastljósið að hann hefði þvert á móti sagt að Íslendingar myndu standa við skuldbindingar samkvæmt tilskipun í EES-samningnum.

Í samtali Darlings og Árna eru meðal annars þessi orðaskipti:

AD: Svo réttindi almennings í þessu efni eru að ég tel sextán þúsund pund; og er það upphæðin sem fólk fær?

ÁMM: Tja, ég vona að það verði tilfellið. Ég get ekki kveðið skýrt úr um það eða tryggt það núna en vissulega vinnum við að því að leysa úr þessu máli. Við viljum sannarlega ekki hafa þetta hangandi yfir höfði okkar.

Árni segir ekkert misræmi milli samtalsins sjálfs og lýsinga hans af því.

„Ég segi aldrei í símtalinu að við ætlum ekki að standa við okkar skuldbindingar og ég segi aldrei að við ætlum ekki að borga það sem okkur ber og ítreka það við hann að við séum að vinna að því að leysa málin," útskýrir fjármálaráðherra.

Í samtalinu við Árna minnist breski fjármálaráðherrann á fund sem hann átti 2. september við Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og fleiri. Þar hafi Íslendingar sagt hluti sem ekki reyndust réttir. „Ég hafði mjög miklar áhyggjur af stöðu bankans í London og þeir héldu áfram að segja að ekkert væri að óttast," sagði Darling við Árna.

Ekki náðist í viðskiptaráðherra í gærkvöldi en aðstoðarmaður hans sagði í fréttum ríkissjónvarpsins að þer könnuðust hvorugur við lýsingar Darlings af fundinum.

„Ég er eins viss og maður getur verið viss um hluti sem maður var ekki viðstaddur að þar hefur ekkert verið sagt umfram það sem menn vissu sannast og best á þeim tíma," segir Árni Mathiesen um septemberfundinn.

Árni segir það vel geta verið að Alaister Darling hafi í raun verið að vísa til samtals þeirra tveggja með hinni umdeildu yfirlýsingu. „En ég tel ekki vera neinar forsendur fyrir því að halda því fram sem hann segir," segir ráðherrann sem kveðst ekki vilja dæma um hvort komið hafi upp misskilingur í símtalinu við Darling. „Ég ætla ekki að reyna að setja mig inn í kollinn á mönnum sem beita hryðjuverkalöggjöf vegna erfiðleika banka í dýpstu efnahagskrísu heimsins síðan 1930."

**gar@frettabladid.is**



**ÁRNI MATHIESEN** „Ég segi aldrei í símtalinu að við ætlum ekki að standa við okkar skuldbindingar," segir fjármálaráðherra um samtal sitt við breska fjármálaráðherrann.

> Ég ætla ekki að reyna að setja mig inn í kollinn á mönnum sem beita hryðjuverkalöggjöf vegna erfiðleika banka í dýpstu efnahagskrísu heimsins síðan 1930.
>
> **ÁRNI MATHIESEN**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Fíkniefni í Hafnarfirði:

## Franklín Steiner enn tekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann talsvert af fíkniefnum við húsleit í Hafnarfirði í gærmorgun. Um var að ræða bæði amfetamín og kókaín, samtals um 200 grömm, 25 e-töflur og neysluskammta af hassi.

Húsráðandi, karlmaður á sjötugsaldri, sem Fréttablaðið hefur upplýsingar um að sé Franklín Steiner, var færður á lögreglustöð. Hann hefur ítrekað komið við sögu lögreglu vegna sölu og dreifingar fíkniefna.



**SLYS** Báðir bílarnir eru mikið skemmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bílslys á Reykjanesbraut:

## Ökumenn sluppu vel

**LÖGREGLUMÁL Tveir ökumenn þóttu sleppa vel eftir harða árekstur á Reykjanesbraut við verslun Garðheima um hálfsjö leytið í gærkvöldi. Tvær bifreiðar skullu saman og þurfti að beita klippum til að ná öðrum ökumanninum úr bifreið sinni.**

**Samkvæmt lögreglu missti ökumaður stjórn á bíl sínum á leið suður Reykjanesbraut með þeim afleiðingum að hann kastaðist yfir umferðareyju og lenti á bíl sem kom úr gagnstæði átt. Lögreglan segir ökumenn hafa sloppið ótrúlega vel.** **- kg**




Rafmagnsleysi og mikill sjó- og grjótgangur á Vestfjörðum í óveðri:

# Súðavíkurhlíð var lokað í gær

**VEÐUR** Mikill sjór og stærðar björg gengu á land í Súðavíkurhlíð og víðar á Vestfjörðum í gær, og var hlíðinni lokað vegna þessa. Rafmagnslaust var um tíma á öllum norðanverðum Vestfjörðum en þegar Fréttablaðið fór í prentun var rafmagn víðast hvar komið á að nýju. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum lýsti, í samvinnu við Veðurstofu Íslands, yfir viðbúnaði vegna snjóflóðahættu snemma í gærdag, en samkvæmt lögreglu og Vegagerðinni var veðrið tekið að lægja undir kvöld og ekki líkur á flóðum.

Að sögn vaktstjóra hjá lögreglunni á Vestfjörðum varð veðrið ekki eins slæmt og búist hafði verið við í gær þrátt fyrir mikla úrkomu og vind. Ekki hafði verið tilkynnt um eignatjón á Vestfjörðum, en samkvæmt Vegagerðinni er líklegt að vegurinn í Súðavíkurhlíð hafi orðið fyrir töluverðum skemmdum vegna sjógangsins. Hlíðinni var lokað um miðjan dag í gær og ekki ljóst hvenær hún yrði opnuð aftur.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hafði björgunarsveitir í viðbragðsstöðu vegna slæmrar veðurspár víða um land í gær. Einnig var varðskip Landhelgisgæslunnar, Týr, í viðbragðsstöðu á Faxaflóa ef á þyrfti að halda.



**ÓVEÐUR** Mikil úrkoma var á Ísafirði í gær eins og hér sést. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Svipuð veðurspá er fyrir daginn í dag og því óbreytt staða hjá lögregluyfirvöldum og björgunarsveitum. **- kg**

Fíton/SÍA

# Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

**Ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum**

Saman mynda sparisjóðirnir traust öryggisnet um land allt. Hlutverk okkar er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð. Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og ætlum að halda áfram að veita þeim okkar bestu mögulegu þjónustu. Það er engin tilviljun að ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum.

**10% Vaxtaauki**

Þú færð 10% vaxtaauka til áramóta á **SP12** og **Netreikningi** Sparisjóðsins, sem stofnaðir eru fyrir 5. nóvember.
Kynntu þér málið á **spar.is**.

SPARISJÓÐURINN
spar.is

## GENGIÐ 23.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,47 | 118,03 |
| Sterlingspund | 190,61 | 191,53 |
| Evra | 150,58 | 151,42 |
| Dönsk króna | 20,197 | 20,315 |
| Norsk króna | 16,342 | 16,438 |
| Sænsk króna | 14,995 | 15,083 |
| Japanskt jen | 1,2058 | 1,2128 |
| SDR | 175,31 | 176,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

202,8365

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi eigandi Landsbankans og Icesave er staddur á landinu:

# Björgólfur segir svara að vænta um helgina

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er bara að undirbúa mig,“ sagði Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi eigandi Landsbankans og Icesave, þegar blaðamaður Fréttablaðsins bankaði upp á hjá honum í gærmorgun og innti hann um viðbrögð vegna þess ástands sem skapast hefur í íslensku samfélagi. Vikum saman hefur verið reynt að ná tali af honum í síma.

Pétur Blöndal alþingismaður greindi frá því að kröfur Breta og Hollendinga vegna Icesave-reikninganna væru, miðað við höfðatölu, þrisvar til fjórum sinnum hærri en þær skaðabætur sem Þjóðverjar greiddu samkvæmt Versalasamningnum, eftir fyrri heimsstyrjöld og leiddu til óðaverðbólgu og fjöldaatvinnuleysis.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að ekki væri útilokað að beitt yrði hörku gegn íslenskum auðmönnum reynist þeir uppvísir að lögbrotum, og eignir þeirra þá sóttar til útlanda. Ráðherra segir það samfélagslega ábyrgð íslenskra auðmanna að aðstoða íslenska ríkið, og beindi orðum sínum sérstaklega til Björgólfsfeðga og annarra sem komið hafa að hinum föllnu íslensku bönkum.

Björgólfur vildi ekki svara neinu um ábyrgð eigenda á stöðu mála en sagði þó að svara væri að vænta um helgina. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, sagði í samtali við blaðamann seinna um daginn að menn væru að reyna að átta sig á því hver staðan væri.

- kdk, kg



**BJÖRGÓLFUR Á HEIMILI SÍNU GÆR** Fyrrverandi eigandi Landsbankans vildi í gær ekki svara neinu um ábyrgð eigenda á stöðu mála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Nota má innritunarkerfi til að ná glæpamönnum.

Leit lögreglu að brotafólki:

## Nota tölvukerfi hjá Icelandair

**PERSÓNUVERND** Embætti lögreglu- og tollstjórans á Suðurnesjum má nota innritunarkerfi Icelandair til að reyna að hafa upp á glæpamönnum. Þetta kemur fram í svari Persónuverndar til lögreglunnar.

Persónuvernd telur að lögreglan megi nota upplýsingar úr svonefndu Star Check-innritunarkerfi Icelandair sem notað er til innritunar á flugfarþegum „til að geta séð hvort einstaklingar, sem líklegir eru taldir til að stunda innflutning fíkniefna eða aðra ólögmæta starfsemi, innriti farangur við brottför eða komu til landsins.“

- gar

Grunaður í gæsluvarðhald:

## Braut gegn fósturdóttur sinni

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á fimmtudag vegna gruns um að hann hafi framið kynferðisbrot gegn fósturdóttur sinni.**

**Barnaverndarnefnd á höfuðborgarsvæðinu gerði kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu viðvart í fyrradag. Maðurinn var handtekinn samdægurs og úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna í gær. Stúlkan sem um ræðir er tólf ára, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.**

- jss

# Icesave var brot af breskum innistæðum

**Innistæður Breta í Icesave eru brot af innistæðum sem breskur almenningur á í öðrum erlendum bönkum í Bretlandi. Írar og Hollendingar hafa verið mun stórtækari. Bretar kunna að ganga hart fram gegn Íslandi til að skapa fordæmi.**

**UTANRÍKISMÁL** Bretar kynnu að vera að skapa fordæmi, með hörku í viðræðum við Íslendinga, vegna Icesave-reikninganna. Svo segja íslenskir viðmælendur Fréttablaðsins.

Tólf erlendir bankar eru með útibú í Bretlandi sem taka við innlánum með sama hætti og gert var á Icesave-reikninga Landsbankans.

Í þessum hópi eru írsku bankarnir Bank of Ireland og Anglo Irish Bank, hollenski bankinn ING Direct, belgíski Fortis-bankinn og fleiri, þar á meðal bankar frá Kýpur og Gíbraltar.

Ljóst er að upphæðir á erlendum reikningum í Bretlandi sem njóta svipaðrar tryggingaverndar og Icesave-reikningarnir, nema margföldum þeim upphæðum sem lágu á reikningum Landsbankans.

Innlánatryggingasjóðir í hverju landi fyrir sig ábyrgjast innlán, að lágmarki fyrir 20.887 evrur. Breskar innlánatryggingar ábyrgjast annað upp að 50 þúsund pundum.

Um 300 þúsund manns áttu fé á reikningum Icesave. Ætla má að um eða yfir þúsund milljarðar króna hafi verið inni á Icesave-reikningum í Bretlandi.

Viðskiptavinir hollenska ING Direct-bankans, í sams konar viðskiptum, eru hins vegar yfir milljón. Þá munu enn fleiri Bretar eiga fé á reikningum í írsku bönkunum.

Írsk stjórnvöld lýstu því nýlega yfir að þau myndu ábyrgjast allar innistæður í írskum bönkum. Fram kom í breska blaðinu Mail on Sunday fyrir skömmu, að alls óvíst væri að írsk stjórnvöld gætu staðið við ábyrgðirnar, yrði áhlaup á írska banka. Þetta væri áhyggjuefni þar sem breskir innistæðueigendur hefðu flykkst inn í írsku bankana.

Bresk stjórnvöld gera nú kröfu til þess að íslensk stjórnvöld ábyrgist innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans, í kjölfar þess að ríkið tók Landsbankann yfir og eigur bankans ytra voru frystar. Þau hafa gengið fram af mikilli hörku gegn Íslendingum svo sem beiting hryðjuverkalaga sýnir.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis sagði í blaðinu í gær að Bretar stilli Íslendingum upp við vegg og „neyði Íslendinga til að greiða eitthvað sem líkist stríðsskaðabótum“.

Fram hefur komið að Íslendingar kynnu að þurfa að taka 600 milljarða króna lán hjá Bretum til að standa við þessar skuldbindingar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að Íslendingar láti ekki kúga sig í viðræðum við Breta.

Íslensk stjórnvöld hafa sagst vonast til þess að eignir Landsbankans í Bretlandi dugi til þess að standa undir skuldbindingum vegna Icesave-reikninga þar.

Fréttablaðið hefur hins vegar heimildir fyrir því að bresk stjórnvöld vilji nýta eignir bankans til að standa undir öðrum skuldbindingum bankans í landinu. Geir H. Haarde forsætisráðherra segist ekki geta staðfest það.

Bresk sendinefnd átti viðræður hér á landi til að ræða um lausn mála vegna skuldbindinga Landsbankans ytra. Eftir langa fundi í tvo daga hefur nefndin haldið heim á leið. Viðræðum er þó ekki lokið og verður haldið áfram síðar.

- ikh




**GORDON BROWN OG ALAISTAIR DARLING** Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra Breta hafa farið mikinn í gagnrýni sinni á íslensk stjórnvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fangelsi, sekt og svipting:

## Keyrði fullur og sló dóttur sína

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að keyra fullur og leggja hendur á dóttur sína.**

**Maðurinn ók drukkinn frá hesthúsi í Vestmannaeyjum og missti stjórn á bílnum sem hafnaði uppi á snjóruðningi. Um nóttina sló hann dóttur sína í andlitið og hrinti henni svo. Hún féll aftur fyrir sig á eldhúsgólfið með þeim afleiðingum að hún fékk skurð á hnakka sem sauma þurfti saman og margvíslega aðra áverka í andlit og á líkama.**

-jss



**HJALLASTEFNUBÖRN** Hafnarfjarðarbær hefur frestað framkvæmdum við nýjan skóla. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Hjallastefnan í Hafnarfirði:

## Framkvæmdum við skóla frestað

**HAFNARFJÖRÐUR** Framkvæmdum við nýjan leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar að Bjarkavöllum í Hafnarfirði hefur verið frestað um tvo mánuði, í það minnsta. Áætlað var að skólinn yrði tilbúinn í júlí 2009.

Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri Hjallastefnunnar, segir þetta ekki þýða heilsársfrestun á skólastarfi. Gert hafi verið ráð fyrir að meirihluti skólans yrði á leikskólastigi til að byrja með. Til skoðunar mun vera að slá fleiri framkvæmdum í Hafnarfirði á frest. Meðal annars við Kaplakrika, þar sem mikil uppbygging fer nú fram.

- hhs

**Hagnýtar aðferðir við verkefnastjórnun**

Námskeiðið *Verkefnastjórnun - Lykill að árangri* verður haldið hjá *Impru* á *Nýsköpunarmiðstöð Íslands* *30. og 31. október* frá *kl. 09.00 til 13.00* báða dagana.

- Verkefnishugmyndir og mótun þeirra.
- Að hefja verkefni.
- Hópvinna – mat á hagsmunaaðilum og óvissu.
- Gerð framkvæmdaáætlana.
- Eftirfylgni og mat á árangri.
- Verkefni og fyrirlestrar.
- Mannleg samskipti.

Leiðbeinandi: *Elvar Knútur Valsson*, viðskiptafræðingur.

**Við höldum námskeiðið einnig inni í fyrirtækjum sé þess óskað.**

**Upplýsingar og skráning:**
Hjá *Impru* á *Nýsköpunarmiðstöð Íslands* í síma *522 9000* hjá *brynjasig@nmi.is* eða á *www.nmi.is*.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**STORMASAMT VEÐUR**

Í dag verður stormasamt um landið norðanvert einkum á annesjum norðaustanlands. Úrkomulítið og hægari vindur um landið sunnanvert næstu daga en áframhaldandi snjókoma eða él á Vestfjörðum og Norðanlands.




**Á MORGUN** 8-18 m/s Stífastur NA-til.

**SUNNUDAGUR** Norðvestlæg eða breytileg átt, 3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Billund | 12° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 11° |
| Gautaborg | 11° |
| London | 14° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Berlín | 12° |
| Alicante | 19° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 18° |
| Eindhoven | 12° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 16° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Tilboð helgarinnar

OPIÐ til 20 alla daga



**SLÁTUR MARKAÐUR**
Vegna mikillar eftirspurnar FRAMLENGJUM við markaðinum til **31. okt.**

40% afsláttur við kassa

**RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI**
**1.199** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-



48% afsláttur
**774** kr/kg
Verð áður 1.498.-
**Nautahakk**



40% afsláttur við kassa
**1.079** kr/kg
Merkt verð 1.798.-
**Svínahelgarsteik**
- frá Íslandsgrís





40% afsláttur við kassa
**455** kr/pk
Merkt verð 759.-
**Kjúklingavængir 800g**
- BBQ og buffaló



**1.408** kr/kg
GOTT VERÐ
**Kjúklingabringur 1 kg.**
- gott í frystinn





ELDHÚSRÚLLUR
**599** kr/pk.
Verð áður 749.-





ARIEL
**999** kr/pk.
Verð áður 1.395.-
2850g





HAFRAMJÖL
**349** kr/pk.
Verð áður 405.-
950g



40% afsláttur
NÝBAKAÐ
VÍNARBRAUÐ
**99** kr/pk.
Verð áður 183.-



40% afsláttur
NÝBAKAÐ
KANILLENGJA
**345** kr/pk.
Verð áður 575.-





MALT & APPELSÍN
**99** kr/stk.
Verð áður 132.-

Gildir til 26. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ert þú í vanskilum?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,7% |
| Nei | 76,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarft þú að borga af húsnæðisláni?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

visir

Edmund Joensen hrærir upp í Evrópuumræðunni í Færeyjum:

# Gætu auðveldlega gengið í ESB

**FÆREYJAR** Edmund Joensen, þingmaður fyrir Sambandsflokkinn á færeyska Lögþinginu, hefur hrært hressilega upp í umræðunni um stefnu Færeyinga í Evrópumálum. Hann hélt í gær blaðamannafund þar sem hann greindi frá því sem hann hefði orðið vísari í ferð til Brussel, þar sem hann átti fund með Olli Rehn, stækkunarmálastjóra Evrópusambandsins.



EDMUND JOENSEN

Meginboðskapur Joensens á blaðamannafundinum var að Færeingar gætu gerst aðilar að ESB án þess að missa við það yfirráðin yfir sjávarútveginum, en rétt eins og á Íslandi hefur slíkur ótti verið aðalhindrunin í veginum fyrir fullri ESB-aðild.

„Olli Rehn taldi að Færeyjar gætu auðveldlega fengið aðild að ESB sem hluti af Danmörku, og það hefði engin áhrif á hin formlegu tengsl milli Færeyja og Danmerkur," er haft eftir Joensen á www.kringvarp.fo. Joensen segir það vera Færeyjum fyrir bestu að stefna að ESB-aðild sem fyrst.

Jörgen Niclasen, formaður Fólkaflokksins og utanríkisráðherra í landstjórninni, er ósáttur við þetta framtak Joensens og bendir á að í stjórnarsáttmálanum sé kveðið á um að könnuð skuli skilyrðin fyrir aðild bæði að ESB og EFTA.

Kaj Leo Johannesen, lögmaður og formaður Sambandsflokksins, vill ekki gera mikið úr þessu útspili flokksbróður síns. „Við ætlum að kanna vel skilyrðin fyrir aðild bæði að EFTA og ESB áður en við tökum afstöðu til þess hvort við viljum sækjast eftir aðild að hvorum samtökum sem er," tjáði Johannesen útvarpinu. - aa

Íbúafundir Fjarðaráls:

# Útblásturinn innan marka

**VIRKJANIR** Framleiðslulínur í steypuskála álversins á Reyðarfirði nálgast full afköst og losun gróðurhúsalofttegunda og annarra útblástursefna er innan þeirra marka sem kveðið er á um í starfsleyfi álversins. Þessar niðurstöður eru meðal þeirra sem kynntar voru á sex íbúafundum sem Fjarðarál hélt fyrir skömmu á Austurlandi.

Í tilkynningu frá Alcoa Fjarðaráli segir að miklar og almennar umræður hafi skapast á íbúafundunum. Allt bendi til þess að engin vandkvæði verði á því að halda útblæstri innan viðmiðunarmarka á öðru starfsári álversins. - kg

# Orkuútrásin í óvissu vegna kreppunnar

**Samræður á milli Landsbankans og REI um stofnun fjárfestingarsjóðs voru langt komnar þegar bankinn féll. Ríkið á nú stóran hlut í Geysi Green Energy. Útrásarfyrirtækin rifa flest seglin. Fjárfestingum erlendis hefur verið frestað.**

**ORKUMÁL** Viðræður á milli Landsbanka Íslands og Reykjavík Energy Invest (REI) um samstarf við stofnun fjárfestingarsjóðs voru langt komnar þegar bankinn féll, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Stofnun slíks sjóðs utan um verkefni REI er því á byrjunarreit og óvíst er um framhaldið. Íslensku orkuútrásarfyrirtækin sjá flest fram á erfiðleika við fjármögnun og hætt hefur verið við fjárfestingar. Eftir sviptingar undanfarinna vikna er ríkið orðinn stór hluthafi í Geysi Green Energy.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði Landsbankinn og REI, sem er félag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, átt í viðræðum um nokkurra mánaða skeið um framtíðarlausn um fjármögnun verkefna REI. Þar var unnið með þá hugmynd að innan REI yrði stofnaður fjárfestingarsjóður sem hefði með höndum fjármögnun verkefna félagsins í framtíðinni, líkt og fulltrúar fyrirtækisins kynntu í sumar. Einnig höfðu forsvarsmenn REI rætt við Kaupþing um samstarf, en án árangurs. Hugmyndin var að Landsbankinn hefði með höndum alla umsýslu fjárfestingarsjóðsins, og yrði því milliliður REI og annarra fjárfestingarsjóða, banka og einstaklinga sem áhuga hefðu á fjárfestingum innan orkugeirans.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður REI, segir að ýmsum hugmyndum hafi verið velt upp og ein þeirra hafi verið stofnun fjárfestingarsjóðs. Ekki hafi hins vegar verið um formlegar samningaviðræður að ræða. Kjartan segir nú óljóst hvert framhaldið verður með fjármögnun verkefna fyrirtækisins, enda ekki mikið fjármagn á lausu.



**ORKA** Fyrirtæki sem hugðu á orkuútrás rifa nú flest seglin og óvissa ríkir vegna efnahagsþrenginga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir fall bankanna er ríkið orðið stór hluthafi í fyrirtækinu Geysir Green Energy. Glitnir og Landsbanki áttu þar stóra hluti í gegnum Glacier Renewable Energy Fund, sem Glitnir hafði umsjón með auk þess að vera stór hluthafi, og Atorku þar sem bankarnir áttu tæplega sautján prósenta hlut. Ríkið hefur einnig eignast hlut í Enex, sem er í eigu GGE og REI.

Önnur fyrirtæki í orkuútrásinni halda að sér höndum. Landsvirkjun Power hefur ekki fjárfest erlendis til þessa og hyggst ekki gera það á meðan óvissa er mikil í efnahagsmálum. Sama gildir um Hydrokraft Invest sem er í eigu Landsvirkjunar og Landsbankans. RARIK orkuþróun hefur tekið sama kúrs og því ljóst að íslenska orkuútrásin rifar nú seglin og framtíðin er í óvissu.

svavar@frettabladid.is



**ALI NAIMI** Olíumálaráðherra Sádi-Arabíu mætir til fundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olíuverð í lágmarki:

# Olíuríkin draga úr framleiðslu

**AUSTURRÍKI, AP Fulltrúar frá olíuframleiðsluríkjunum í OPEC-samtökunum eru komnir til Austurríkis, þar sem þeir ætla í dag að hittast á fundi til að ræða hvernig hækka megi olíuverð á ný.**

**Búist er við að þeir samþykki að dregið verði úr framleiðslunni.**

**Olíuverð hefur lækkað um meira en helming frá því að það var hæst í júlí síðastliðnum. Hinn 11. júlí kostaði tunnan af hráolíu 147 dollara en var komin niður í 67 dollara áður en það tók að hækka lítillega á ný í gær.** - gb

Skíðasvæði:

# Opnar óvenjusnemma á Sigló

**FJALLABYGGÐ** Allar líkur benda til þess að víða um land verði hægt að opna skíðasvæði óvenjusnemma í vetur.

Stefnt er að því að opna skíðasvæðið á Siglufirði um næstu mánaðamót. Egill Rögnvaldsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins, segir að hægt verði að vinna svæðið mjög vel ef snjóalög leyfi. Spáin lofi góðu. Siglfirðingar hafa venjulega opnað skíðasvæðið rétt fyrir jól.

Á Ísafirði býst Úlfur Guðmundsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins, við að göngusvæðið verði opnað mjög fljótlega og hann segir að það styttist í að allt svæðið verði opnað. - ghs



**MARTIN SKANCKE** Formaður norsku sendinefndarinnar telur Íslendinga einkum þurfa stuðning til skamms tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Norska sendinefndin:

# Vinnur skýrslu um Ísland

**EFNAHAGSMÁL** Norska sendinefndin, sem er undir forystu Martins Skancke, heldur heim í dag. Skancke segir að nefndin gangi nú frá skýrslu sem verði lögð fyrir norrænu ráðherrana á Norðurlandaráðsþinginu í Helsinki í næstu viku þar sem Ísland verði mikilvægt umræðuefni.

Sendinefndin átti í gær fundi með fulltrúum forsætisráðuneytisins, Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins. Skancke segir að íslensk stjórnvöld verði að tilgreina hvers konar stuðning þau vilji. „Við höfum sagt að við förum yfir það með jákvæðum huga," segir Skancke og telur Íslendinga einkum þurfa stuðning til skamms tíma. „Það er of snemmt að segja hvað það getur verið," segir hann. - ghs



**ÚR KOMPÁSI** Karlar vildu hitta þrettán ára stúlku.

Sjónvarpsþátturinn Kompás:

# Tálbeitumenn sýknir saka

**DÓMSMÁL Þrír menn sem ákærðir voru fyrir að hafa ætlað að hafa samræði og önnur kynferðismök við þrettán ára stúlku voru í gær sýknaðir í Hæstarétti. Mennirnir þrír tóku allir þátt í netspjalli við tálbeitu á vegum sjónvarpsþáttarins Kompáss og mættu í kjallaraíbúð á Öldugötu þar sem þeir töldu að þrettán ára stúlka biði þeirra. Hæstiréttur segir lögreglu ekki hafa getað byggt ákæru á tálbeitu Kompáss og að önnur gögn í málinu sönnuðu ekki ásetning sakborninganna um að fremja glæp. Sjálfir neituðu mennirnir sök en einn þeirra var þó dæmdur í sekt fyrir að hafa barnaklám í tölvum sínum.** - gar

Efnahagsmálin eru í brennidepli kosningabaráttunnar í Bandaríkjunum:

# McCain heldur árásum áfram

**BANDARÍKIN, AP** Efnahagsólgan er nú orðið nánast eina kosningamálið, sem kjósendur hafa áhuga á að heyra Barack Obama og John McCain tala um.

McCain reynir sérstaklega að höfða til verkamanna, lofar lágum sköttum og segir Obama vera sósíalista sem ætli sér að stjórna því með ríkisvaldi hvernig auðæfi landsins deilast á íbúana.

Obama segir þetta ósanngjarnar persónuárásir: „Var McCain þá sósíalisti árið 2000 þegar hann var á móti áformum Bush" um skattalækkanir, spyr Obama, en McCain skipti um skoðun á skattalækkunum George W. Bush forseta eftir að kosningabaráttan um forsetaembættið var komin á fullt skrið.

Skoðanakannanir um fylgi þeirra




Obama og McCains hafa verið nokkuð misvísandi síðustu daga. Einstaka kannanir sýna sáralítinn mun milli frambjóðendanna tveggja sáralítinn en fleiri kannanir sýna þó sívaxandi fylgi Obama.

Athyglin beinist einkum að nokkrum ríkjum, þar sem mjótt er á mununum milli þeirra. Obama virðist vera að vinna á í sumum þeirra, þar á meðal í Flórída sem er fjölmennt ríki og gæti hæglega ráðið úrslitum í forsetakosningunum í næsta mánuði.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá AP-GfK eru Bandaríkjamenn



**BARACK OBAMA** Í hópi stuðningsmanna sinna í Virginíu á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

almennt bjartsýnir á að efnahagsástandið muni skána innan nokkurra mánaða, þótt þeir hafi áhyggjur af umrótinu sem nú stendur yfir. - gb

**ÍSRAEL**

### Stjórn strax eða kosningar

Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, segist ætla að krefjast þingkosninga ef henni hefur ekki tekist að mynda nýja ríkisstjórn á sunnudaginn. Enn strandar á að Shas, flokkur rétttrúaðra gyðinga, fallist á að styðja stjórnina.

**DÓMSTÓLAR**

### Hótaði fimm löggum lífláti

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir að hóta fimm lögreglumönnum lífláti. Það gerðist á lögreglustöðinni á Egilsstöðum á síðasta ári.

# Frábær tilboð!

netto



KALKÚNN 1.FL, FROSINN

**769 kr/kg**

~~1.098~~ kr/kg

30% afsláttur

GOÐI

GRÍSAGÚLLAS, PREPACK

**1.100 kr/kg**

~~1.834~~ kr/kg



40% afsláttur



42% afsláttur

UNGNAUTAHAKK

**695 kr/kg**

~~1.198~~ kr/kg

NETTÓ BRAUÐ

**119 kr/stk.**

~~199~~ kr/stk.




40% afsláttur

HYTOP BLÁBER, HINDBER OG JARÐARBER, lausfryst

**149 kr/pk.**

~~298~~ kr/pk.




50% afsláttur

X-TRA FRANSKAR KARTÖFLUR Í OFN 1kg

**159 kr/pk.**

~~259~~ kr/pk.







SKINNEY ÝSUBITAR, 1kg

**799 kr/pk.**

~~999~~ kr/pk.

X-TRA EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1.5l

**149 kr/stk.**

~~199~~ kr/stk.

AMERÍSK MCINTOSH EPLI 1.36kg

**169 kr/pk.**

~~338~~ kr/pk.




PEPSI 2l

**99 kr/stk.**







www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 23. - 26. OKTÓBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir nýjasta skáldsaga Einars Kárasonar?*
2. *Í hvaða grein verður keppt að Skarði í Miðdölum á laugardag?*
3. *Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokksins segist aldrei munu samþykkja fátækt á Íslandi?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 34

Lektor við HR segir að tilraunin frá 2001 hafi mistekist herfilega:

# Þurfum aðild að myntkerfinu

**EFNAHAGSLÍF** Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að kjarninn í efnahagsstefnu Íslendinga, umgjörð efnahagslífsins og skipan gjaldeyrismála, hafi brugðist.

Ólafur sagði á ársfundi Alþýðusambandsins, ASÍ, í gær að þessi tilraun hafi í raun ekki átt sér neinn bakhjarl í Seðlabankanum því hann hafi ekki haft nægilegt afl. Fjármálageirinn hafi verið í sérstakri áhættu því íslensku bankarnir hafi ekki átt nógu sterkan bakhjarl í Seðlabankanum.

„Sú heimagerða stefna sem fólst í þessari tilraun ásamt misráðnum aðgerðum, aðgerðaleysi og ógætilegum ummælum af hálfu þeirra sem síst skyldi hafa gert vandann hér á landi enn þungbærari en annars staðar,“ sagði hann.



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

Ólafur sagði að þjóðin yrði að draga réttan lærdóm af þessu og mætti ekki endurtaka tilraunina. Þá eigi að leita eftir því að fá aðild að evrópska myntkerfinu sem allra fyrst og eignast um leið bakhjarl í Evrópska seðlabankanum. „Þessi skipan yrði tímabundin þar til við fengjum fulla aðild að Evrópska myntbandalaginu í krafti aðildar að Evrópusambandinu.“

Ólafur sagði að Íslendingar yrðu að endurheimta traust umheimsins með því að þeir sem ábyrgð bera axli hana og þjóðin horfist í augu við atburðina. „Við þurfum óháða úttekt alþjóðlegra stofnana og erlendra manna sem njóta virðingar og trausts til að það megi liggja fyrir gagnvart umheiminum og okkur sjálfum hvernig það gat gerst að vestrænt lýðræðisríki, norður-evrópskt iðnríki, meðal hinna auðugustu í heimi, skyldi rata í þá stöðu sem við erum í.“ - ghs

Varaforseti Alcoa:

## Vilja enn annað álver á Íslandi

**IÐNAÐUR** Þrátt fyrir efnahagsástandið á Íslandi hefur Alcoa Inc. enn fullan hug á að reisa hér annað álver. Þetta sagði Kevin Anton, varaforseti Alcoa, á blaðamannafundi í Bandaríkjunum í gær.

Þetta kemur fram á fréttavef MetalBulletin.com, sem sérhæfir sig í markaðsfréttum af málmiðnaði. „Þegar horft er til framtíðar hefur Ísland ótrúlegar undirstöður til að byggja á,“ er haft eftir Anton. Alcoa hefur þegar lagt fram matsáætlun vegna álvars á Bakka við Húsavík. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 346 þúsund tonna framleiðslugetu. - ss



**SHIMON PERES** Forseti Ísraels lýsir stuðningi við friðartillögur arababandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Shimon Peres:

## Segist styðja tillögur araba

**ÍSRAEL, AP** **Shimon Peres, forseti Ísraels, segist styðja „andann“ í friðartillögum Arababandalagsins, sem lagðar voru fram árið 2002 til lausnar á deilum Ísraels og Palestínumanna.**

**Ísraelskir ráðamenn hafa hingað til ekki viljað taka undir þessar tillögur, en Peres sagði í gær, á sameiginlegum blaðamannafundi með Hozni Mubarak Egyptalandsforseta, að þær bjóði upp á tækifæri til að koma á friði í Mið-Austurlöndum.**

**Tillögurnar ganga út á það að arabaríkin viðurkenni tilverurétt Ísraels gegn því að Ísraelsmenn yfirgefi öll þau svæði sem hernumin voru árið 1967.** - gb

# Evra skiptir sköpum að mati forseta Alþýðusambandsins

**ASÍ spáir fimm prósenta atvinnuleysi, yfir 20 prósenta verðbólgu og minnkandi kaupmætti. Alþjóðlegrar aðstoðar er þörf og sækja þarf um aðild að Evrópusambandinu. Landið rúið trausti, að sögn forseta ASÍ.**

**EFNAHAGSMÁL** Alþýðusamband Íslands, ASÍ, spáir því að verðbólga fari upp undir 23 prósent í upphafi næsta árs, hjaðni fljótt og verði komin niður í 2,5 prósent í lok ársins. Atvinnuleysi verði 4-5 prósent á næsta ári, kjör heimilanna og fyrirtækja skerðist. Forgangsmálið sé að ná niður verðbólgu og styrkja gengi krónunnar.

Mikil óvissa er fram undan í efnahagsmálum þjóðarinnar og því hefur ASÍ ekki tekið saman spá, heldur aðeins rit um horfurnar 2008-2010. ASÍ gerir ráð fyrir því að tiltrú skapist á krónuna að nýju og gengið styrkist. Gengisvísitalan verði komin í 160 stig á árinu 2010 sem þýðir styrkingu um fimmtung frá því sem nú er. Í riti ASÍ kemur fram að kaupmáttur launa hafi rýrnað um fimm prósent síðasta árið vegna verðbólgu, kaupmátturinn muni rýrna um 7-7,5 prósent á þessu ári og annað eins á næsta ári en aukist svo á ný árið 2010.



**FARA ÞARF OFAN Í SAUMANA** Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, telur íslenskt efnahagslíf hafa beðið skipbrot. Nauðsynlegt sé að fara ofan í saumana á atburðarásinni til að koma í veg fyrir að hið sama gerist aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ASÍ gengur út frá því að helmingur útlendinga, sjö til átta þúsund manns, hverfi fljótlega af landi brott. Búist er við að allt að tíu þúsund störf geti tapast á næstu tveimur til þremur árum, þar af sex þúsund störf í mannvirkjagerð og verður áfallið því mest í þeirri grein. Í verslun og þjónustu er talið að um fimm þúsund störf geti tapast og allt að fimm þúsund störf í fjármálaþjónustu og fasteignaviðskiptum. Stöðugleiki verður á opinberum vinnumarkaði.

Í efnahagsspánni er gengið út frá því að leitað verði aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og frekari aðstoð fáist í kjölfarið frá alþjóðasamfélaginu. „Jafnframt er mikilvægt að leggja strax grunninn að stöðugleika til lengri tíma með því að stefna markvisst að upptöku evru. Sú ákvörðun skiptir sköpum til að auka trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf sem er lykilatriði til þess að við náum jafnvægi í hagkerfinu og getum unnið okkur út úr núverandi efnahagsþrengingum,“ segir í ritinu.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, talaði um „skipbrot“ efnahagsstefnunnar í ræðu sinni og taldi nauðsynlegt að fara ofan í saumana á atburðarásinni til að koma í veg fyrir að svona nokkuð gerist aftur. „Ísland er í augum umheimsins rúið trausti,“ sagði hann og taldi einu færu leiðina að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu, færi í aðildarviðræður og færi svo í þjóðaratkvæðagreiðslu.

ghs@frettabladid.is






**ÚR SAMBANDI VIÐ ÞJÓÐINA** „Með stjarnfræðilegum ofurkjörum slitu menn sig í raun úr siðferðilegu sambandi við þjóðina,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Félagsmálaráðherra á ársfundi Alþýðusambandsins:

## Tillaga um að breyta Atvinnuleysisbótum

**VINNUMARKAÐUR** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingaráðherra, kynnir í dag fyrir ríkisstjórninni hugmyndir sem eiga að hvetja fyrirtæki til að hagræða án uppsagna þannig að launafólk geti áfram verið virkt á vinnumarkaði. Hún greindi frá þessu á ársfundi ASÍ í gær.

Jóhanna leggur meðal annars til að tímabilið, sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar fyrir, geti lengst þegar fólk sækir um bætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli auk þess sem tekjurnar skerði ekki atvinnuleysisbæturnar. Starfsmaður í fullu starfi getur þá minnkað starfshlutfall sitt um helming og fengið á móti helmings tekjutengdar atvinnuleysisbætur að hámarki 110 þúsund krónur í allt að hálft ár án þess að launin skerðist.

Jóhanna ræddi einnig ofurlaun og lífeyrisgreiðslur. Hún vill breyta því að hæstu launagreiðslur í öllu stjórnkerfinu séu laun bankastjóra nýju ríkisbankanna. Jóhanna telur að „með stjarnfræðilegum ofurkjörum slitu menn sig í raun úr siðferðilegu sambandi við þjóðina og með ótrúlegum kauprétarsamningum fóru stjórnendur bankanna fram í útrásinni af alltof miklum glannaskap þar sem spilað var djarft með almannafé.“ - ghs



# Nám samhliða starfi
## - styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Umsóknarfrestur til 24. nóvember**

**NÁM SAMHLIÐA STARFI**

Einnig í fjarnámi **Rekstrar- og viðskiptanám**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**54 ECTS**

Einnig í fjarnámi **Mannauðsstjórnun**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

**Þjónustustjórnun**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

**Breytingastjórnun**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

**Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun**
í samstarfi við Nordica ráðgjöf
**24 ECTS**

**Gæðastjórnun**
í samstarfi við verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ
**24 ECTS**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

22 milljónir

Nú er potturinn fjórfaldur og stefnir í 22 milljónir.

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Lottó



**SNJÓR Í REYKJAVÍK** Bannað er að aka á nagladekkjum frá 15. apríl til 1. nóvember ár hvert nema aðstæður séu með þeim hætti að þeirra sé þörf. RÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Notkun nagladekkja minnkar milli ára

**Notkun nagladekkja hefur dregist saman á undanförnum árum. Umhverfisfulltrúi hjá Reykjavíkurborg segir íbúa borgarinnar betur meðvitaða um mengun vegna notkunar þeirra. Aðrir kostir sambærilegir og jafnvel betri en nagladekk.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég tel að umræðan um neikvæð áhrif nagladekkja á loftgæði og þá hugsanlega á heilsu borgarbúa hafi haft töluverð áhrif," segir Anna Rósa Böðvarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt tilkynningu frá sviðinu hefur jafnt og þétt dregið úr notkun nagladekkja í Reykjavík á undanförnum árum. Í fyrravetur voru 44 prósent bíla í borginni á nagladekkjum en 47 prósent veturinn áður. Þá voru 67 prósent bifreiða á nagladekkjum veturinn 2001 til 2002.

Hlutfallslega hefur því notkun nagladekkja minnkað um 34 prósent á sex árum.

Tími nagladekkjanna er frá 1. nóvember til 15. apríl en ökumönnum er þó leyfilegt að skipta yfir á nagladekk ef aðstæður eru með þeim hætti að þeirra sé þörf.

Anna Rósa segir nagladekkin rífa malbikið hundrað sinnum hraðar upp en hefðbundin vetrardekk. „Reykjavíkurborg þarf árlega að endurnýja um tíu þúsund tonn af malbiki vegna slits af völdum nagladekkja," segir Anna Rósa og bætir við að kostnaður hlaupi á bilinu 150 til 200 milljónir króna á ári.

„Svo má ekki gleyma því að svifrykið sem nagaladekkin eru að rífa upp úr malbikinu eru agnir sem eru minni en tíu míkrómetrar að stærð og þær eiga greiða leið í öndunarfæri manna," segir Anna Rósa. Hún segir rannsókn, sem gerð var veturinn 2003, hafa sýnt að rúm 55 prósent af svifrykinu var uppspænt malbik.

Anna Rósa segir íbúa á höfuðborgarsvæðinu nú betur meðvitaða um mengun vegna notkunar nagladekkja en áður. „Umhverfis- og samgöngusvið hefur staðið fyrir auglýsingaherferðum og hvatt fólk til að hætta að nota nagladekk og nota annars konar vetrardekk," segir hún. Slík dekk séu mjög sambærileg og við vissar aðstæður jafnvel betri en nagladekk.

Jón Hauksson hjá Bílabúð Benna, umboðsaðila Toyo-harðskeljadekkja, segir mikla aukningu í sölu slíkra dekkja. Dekkin hafi þeir selt frá árinu 2005 og þau passi undir flestar gerðir fólksbíla og jeppa.

„Dekkin hafa gefist vel, hvort sem menn nota þau sem vetrardekk eða heilsársdekk, en það er hægt að fá alveg toppgrip án nagla," segir Jón. Gúmmíblandan innihaldi valhnetuskeljabrot sem hann segir eitt sterkasta efni sem fyrirfinnist í náttúrunni. „Svo eru þau ekki síður umhverfisvæn þar sem endingin er mjög góð," segir Jón. olav@frettabladid.is

## AÐRIR VALKOSTIR EN NAGLADEKK

- Góð vetrardekk úr vönduðu gúmmíi sem grípur vel duga vel í hálku og akstri í snjó.
- Loftbóludekk eru mikið skorin, mjúk og með stóran snertiflöt. Í hálku sjúga loftbólurnar vatn upp úr ísnum og snjónum sem verður þurrari og stamari auk þess sem það myndast sogkraftur við aksturinn.
- Harðkornadekk innihalda korn sem gefa dekkjunum betra veggrip í hálku og bleytu. Þau eru sögð valda margfalt minna vegsliti en nagladekkin.
- Harðskeljadekk eru einnig sögð valda minna vegsliti. Gúmmíblandan inniheldur valhnetuskeljabrot og er sögð grípa eins og sogskál. Skeljabrotin eru talin góð við helmun og í beygjum.
- Heilsárs-vetrardekk eiga að vera vandaðir hjólbarðar með góðu heilsársmunstri. Hægt er að fá dekkin með mismunandi skurði.

Spyrjið fagmenn ráða. Vetrardekk fást í ýmsum útgáfum en ofangreindum tillögum er ætlað að vekja athygli á nokkrum möguleikum sem standa þeim til boða sem vilja aðra kosti en nagladekk. **Heimild: Ryklaus Reykjavík**

UMHVERFISSTOFNUN

NÁMSKEIÐ UM NOTKUN VARNAREFNA VIÐ EYÐINGU MEINDÝRA

Námskeið um notkun varnarefna við eyðingu meindýra verður haldið dagana 6. og 7. nóvember 2008. Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til þess að starfa sem meindýraeyðar.

Námskeiðið verður haldið í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, Reykjavík. Skilyrði eru um lágmarksþátttöku og einnig er fjöldi þátttakenda takmarkaður. Þátttökugjald er 40.000 krónur.

Skráning fer fram hjá Umhverfisstofnun í síma 591 2000 eða á umhverfisstofnun.is.

Njótum umhverfisins og stöndum vörð um það saman.

**VIKA 37**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

### Áhyggjur af atvinnuleit



„Efnahagsþrengingarnar hafa verið aðalumræðuefni Lundúnabúa undanfarnar vikur og þar hefur Ísland verið áberandi," segir Charlotte sem er nýkomin heim úr starfsnámi í Lundúnum. „Breskir fjölmiðlar ýkja ástandið hér heima stórlega. Flestir halda að Ísland sé óstarfhæft og sögur segja að fólk á Íslandi standi í löngum röðum við bensínstöðvar, hamstri mat í stórmörkuðum og innan tveggja vikna verði enginn matur eða olía til á Íslandi. Sumt fólk í Bretlandi lætur líka eins og efnahagsþrengingarnar séu Íslendingum að kenna en ekki eins og Ísland sé bara fyrsta fórnarlamb kreppunnar. Auðvitað hef ég áhyggjur af stöðunni. Ég hef heyrt af fólki sem hefur glatað öllum sínum sparnaði. Sem betur fer skulda ég ekkert, á engin skulda- eða hlutabréf og þrátt fyrir að afborganir af íbúðinni okkar muni hækka tel ég okkur geta ráðið við það. Ég hef mestar áhyggur af atvinnuleitinni nú þegar ég hef lokið við starfsnámið í Lundúnum. Mig langar virkilega til að vinna á Íslandi þar sem ég elska þetta land en ef ég finn ekkert neyðist ég til að fara héðan."

Rachid Benguella:

### Áhyggjur af efnahagnum



„Ég hef áhyggjur af efnahagsþrengingum í heiminum og sérstaklega heima á Íslandi," segir Rachid sem staddur er í heimsókn hjá ættingjum sínum í Marokkó. „Ég fylgist með umfjöllun fjölmiðla af ástandinu en á erfitt með að átta mig á hvað er að gerast á Íslandi. Mér skilst að ástandið sé ekki gott. Ég vona bara að stjórnvöld finni lausn á þessu. Fólk hér í Marokkó finnur ekki mikið fyrir þessum efnahagsþrengingum þar sem fáir Marokkómenn fjárfesta erlendis. Annars hef ég það gott þrátt fyrir að þessa dagana sé mjög heitt hér í Marokkó."

Filipe Figueiredo:

### Sakna Ísafjarðar



„Ég hef verið í Reykjavík upp á síðkastið vegna verkefnis sem ég er að vinna að," segir Filipe. „Og það er alveg ágætt að vera hérna en þó verð ég að segja eins og er að ég sakna Ísafjarðar og get varla beðið eftir því að komast vestur. Hér þarf maður að fara á bíl eða strætó til að komast eitthvað og eins finnst mér fólk vera mun vingjarnlegra fyrir vestan.
Svo hafði blaðamaður frá Portúgal samband við mig fyrir skömmu og spurði mig út í efnahagsþrengingarnar hér á landi. Ég hef ekki mikla innsýn í þau mál en þetta hlýtur að vera mjög alvarlegt þegar portúgölsk dagblöð fjalla um það að Ísland sé að óska eftir alþjóðlegri fjárhagsaðstoð. Öðruvísi mér áður brá," segir Filipe sem kom hingað í góðærinu fyrir einu og hálfu ári.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**Neytendur:** Kostnaður við umfelgun mjög mismunandi

# Sama verð í 3-4 ár hjá Vöku



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Tími umfelgana er runninn upp, öllum að óvörum, eins og vanalega. Lúðvík Þorfinnsson hafði samband og kann Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar litlar þakkir. *„Þeir auglýsa úti um allan bæ að vera ódýrastir í bænum og segjast bjóða umfelgun á 4.990 kr. Ég fór þarna í góðri trú og var brugðið þegar ég var rukkaður um 8.990 kr. Ástæðan sem gefin var upp er að ég væri á 17 tommu dekkjum. Þess hafði hvergi verið getið að dekkjastærðin skipti máli. Eftir þetta hafði ég samband við nokkur dekkjaverkstæði og allir voru ódýrari. Ég er satt að segja bálreiður."*

Ég hringdi á nokkur dekkjaverkstæði og spurði einfaldlega hvað umfelgun á fólksbíl kostar, miðað við 17 tommu álfelgur. Verðið er æði misjafnt.

| | |
|---|---|
| Borgardekk VDO | 5.490 kr. |
| Bílaáttan | 8.100 kr. |
| N1 | 8.712 kr. |

Ég reyndi að hringja á fleiri staði og ég lýg því ekki að það var á tali allan daginn hjá þeim. Sem sé nóg að gera. Að lokum birti ég umfelgunartengt bréf frá Tryggva Rafni Tómassyni: *„Ég fór í gær í björgunarfélagið Vöku á Eldshöfða til að láta setja vetrardekkin undir fyrir mig. Umfelgun og jafnvægisstilling á 4.800 krónur. Verðið hefur ekki breyst í 3-4 ár. Þetta kalla ég frábært verð og vildi benda þeim sem eru að setja bílinn á vetrardekk á að nýta sér þjónustu Vöku. Vaka er staðsett að Eldshöfða í Grafarvogi og síminn er 567-6700."*



**HAMAST Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐINU** Frá ónefndu dekkjaverkstæði í Reykjavík.





ENNEMM / SÍA / NM35908

Mynd:
Fabbian Riccio hangandi loftljós

GH | Garðatorgi 7 | Garðabæ | S: 565 6560 | www.gh.is | Opið: 9-18 mán-fös, 11-16 lau.

LAUGARDAGUR 25. OKTÓBER 2008

LESBÓK

Litríkur laugardagur framundan



Má bjóða þér ábót?

Líður matvælaiðnaður undir lok?

Í nýrri bók, The End of Food, er fjallað um hrun matvælaiðnaðarins og matarmenningar heimsins.

Innri ritskoðun

Er okkur þá óhætt að gagnrýna opinbert vald auðstéttarinnar?





Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is eða í síma 569 1100.

Morgunblaðið

Kínverskur andófsmaður fær mannréttindaverðlaun Evrópusambandsins:

# Sendir ótvírætt merki til Kína

**STRASSBORG, AP** Kínverski andófsmaðurinn Hu Jia fær Sakharov-verðlaunin í ár. Þessi verðlaun eru mannréttindaverðlaun Evrópusambandsins, en Hu situr í fangelsi í Kína.

Kínversk stjórnvöld hafa ítrekað hótað því að fái hann verðlaunin muni það skaða samskipti Kína og Evrópusambandsins.

„Hu Jia er einn þeirra sem í raun standa vörð um mannréttindi í Alþýðulýðveldinu Kína,“ sagði Hans-Gert Pöttering, forseti Evrópuþingsins. Þingið valdi Hu úr hópi þriggja manna, sem helst komu til greina við úthlutun verðlaunanna. Hinir tveir eru Abbe Appolinaire Malu-Malu frá Nígeríu og Alexander Kosúlín frá Hvíta-Rússlandi. Pöttering segir að með vali sínu á Hu sendi Evrópuþingið frá sér „merki um ótvíræðan stuðning við alla þá sem styðja mannréttindi í Kína“.

Hu hefur talað opinskátt um mannréttindabrot í Kína og tók saman upplýsingar um handtökur og ofsóknir gegn öðrum mannréttindafrömuðum. Hann var í apríl dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi, sakaður um að hafa ætlað að trufla framkvæmd Ólympíuleikanna. „Að veita slíkum glæpamanni verðlaun er íhlutun í lagalegt fullveldi Kína og algerlega öndvert við upphaflegan tilgang þessara verðlauna,“ segir Qin Gang, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins. - gb



**HU JIA** Situr í fangelsi í Kína, sakaður um að hafa ætlað að trufla framkvæmd Ólympíuleikanna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**DEIISKIPULAGIÐ** Ný slökkvistöð á að vera neðan Stekkjarbakka sem verður færður 40 metrum neðar í Elliðaárdalinn. Gert er ráð fyrir að byggingin verði allt að fimmtán metra há. Uppdrætti má sjá á vef skipulagssviðs Reykjavíkur, skipbygg.is.

# Telja nýja slökkvistöð eyðileggja Elliðaárdal

**Íbúar við Elliðaárdal mótmæla eindregið byggingu slökkvistöðvar í dalnum. Vegið sé að útivistarsvæðinu og Elliðaánum. Slökkviliðsstjóri sagði í Fréttablaðinu í sumar að Elliðaárdalur væri besti kosturinn út frá öryggissjónarmiðum.**

**SKIPULAGSMÁL** „Fyrst og fremst teljum við þarna vegið að útivistarsvæðinu í dalnum og Elliðaánum sjálfum,“ segja sjö íbúar við Stekkjarbakka sem mótmæla fyrirhugaðri slökkvistöð í Elliðaárdal.

Fram kom hjá Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra í Fréttablaðinu 1. júní síðastliðinn að ítarlegar rannsóknir lægju að baki staðarvali fyrir slökkvistöð. Andstaða við slökkvistöðina kom fram strax á kynningarfundi í lok maí. Jón Viðar sagði í Fréttablaðinu að tekið væri tillit til þátta á borð við aðgang að stofnbrautum, breytingar á þjónustusvæðinu, íbúamynstur og fjölgun útkalla umfram fjölgun íbúa.

„Við teljum að öryggi dalsins og þeirra íbúa sem á okkar þjónustuvæði sé best fyrir komið með slökkvistöð á þessum stað,“ sagði slökkviliðsstjórinn í sumar.

Áðurnefndir sjö íbúar í Stekkjarbakka segja Elliðaárdalinn vera dýrmæta náttúruperlu og útivistarsvæði og undrast að reisa eigi þar slökkvistöð sem eigi heima í atvinnu- og iðnaðarhverfi. Af byggingunni verði sjónmengun þar sem hún muni verða þrjár hæðir og blasa við úr öllum dalnum. Þá verði hljóðmengun vegna hávaða frá sírenum auk annarra óþæginda og ónæðis sem starfsemin skapi.



Óttast að slökkvistöð skerði dalinn

**FRÉTTABLAÐIÐ 1. JÚNÍ** Í sumar var greint frá íbúafundi vegna slökkvistöðvarinnar.

„Fólk fer í Elliðaárdalinn til að komast frá skarkala borgarinnar og njóta náttúrulegra hljóða eins og fuglasöngs og niðarins í ánni,“ benda sjömenningarnir á og biðla til stjórnar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélaganna sem að slökkviliðinu standa að endurskoða staðarvalið.

„Það eru algerlega breyttir tímar á Íslandi í dag og það myndi gleðja borgarbúa að sjá að stjórnmálamenn endurmeti þetta mál og sýni okkur að ný gildi með aukinni áherslu á velferð fjölskyldna og barna séu í fyrirrúmi.“

Frestur til að skila inn athugasemdum við nýju slökkvistöðina í Elliðaárdal rennur út föstudaginn 31. október. Stjórn slökkviliðsins tók bréf sjömenninganna fyrir á síðasta fundi sínum og vísaði erindi þeirra til umsagnar hjá skipulagsráði Reykjavíkur.
gar@frettabladid.is

Félagsvísindaráðstefnan Þjóðarspegillinn haldin í níunda sinn:

# Einkavæðing bankanna skoðuð

**VÍSINDI** Þjóðarspegillinn, félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, verður haldinn í níunda sinn í dag. Á ráðstefnunni, sem er vettvangur fyrir háskólamenn til að kynna rannsóknir sínar fyrir öllum sem heyra vilja, verður í ár meðal annars hægt að hlýða á erindi um einkavæðingu íslensku bankanna, um kaupréttarsamninga fyrir stjórnendur fyrirtækja, og um áhrif hugmyndafræði á Evrópustefnu Sjálfstæðisflokksins.

Það eru félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafardeild, hagfræðideild, lagadeild, sálfræðideild, stjórnmálafræðideild og viðskiptafræðideild HÍ sem að ráðstefnunni standa og fara fyrirlestrarnir fram í Lögbergi, Háskólatorgi og Odda í dag, föstudag, frá kl 09.00 til 17.00.



**FRIÐRIK H. JÓNSSON**

„Sá mikli fjöldi fyrirlestra sem í boði er í ár er til vitnis um fjölbreytt og öflugt rannsóknarstarf á sviði félagsvísinda hér á landi,“ segir Friðrik H. Jónsson, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og aðalskipuleggjandi Þjóðarspegilsins.

Öll erindin sem flutt eru á ráðstefnunni eru birt í bókum sem koma út í dag. Friðrik bendir á að það sé einmitt það sem geri Þjóðarspegilinn að svo mikilvægum vettvangi; hann haldi til haga á prenti því sem íslenskir félagsvísindamenn eru að fást við á hverjum tíma. - aa



*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

# Fyrst og fremst í heilsudýnum



## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Scape Wallhugger - Eitt með öllu**

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun
- sterkir og hljóðlátir þýskir rafmótorar

| Scape | Verð |
|---|---|
| 120x200 | 309.900 |
| 160x200 | 479.900 |
| 180x200 | 499.900 |
| KING SIZE | 519.900 |



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

**Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkkur, enda á góðu verði**

| Proflex | Verð |
|---|---|
| 180x200 | 299.900 |
| 2x100x200 | 319.900 |
| 2X 90x200 | 299.900 |

## Gömlu góðu verðin

## 6 mánaða

vaxtalausar greiðslur

## Ný sending af vinsælu sængurverasettunum, mikið úrval









## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa ★★★★★




AKUREYRI

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
672 **-0,42%**

**Fjöldi viðskipta:** 52
**Velta:** 26 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EIMSKIPAFÉL.** | +0,82% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATORKA** | -16,25% |
| **ICELANDAIR** | -2,82% |
| **BAKKAVÖR** | -1,05% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 203,3 +0,00%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,67 -16,25% ... Bakkavör 9,40 -1,05% ... Eimskipafélagið 1,23 +0,82% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,80 -2,82% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 70,30 -0,28% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 85,60 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Straumur kaupir Teathers

Straumur-Burðarás hefur samið við KPMG í Bretlandi, umsjónaraðila breska verðbréfa- og ráðgjafafyrirtækisins Teathers Limited um kaup á nafni félagsins og tilteknum eignum þess sem eru í greiðslustöðvun.

Teathers samanstendur af Teather & Greenwood sem Landsbankinn keypti fyrir tæpum þremur árum og verðbréfafyrirtækinu Bridgewell sem keypt var í fyrra. Ekki kemur fram hvað Straumur býður í Teathers.

Straumur gerði tilboð í starfsemi Landsbankans í Bretlandi, Írlandi og í Frakklandi í byrjun mánaðar en rifti því þegar Landsbankinn fór í þrot fyrir hálfum mánuði.

Eftir ríkisvæðingu Landsbankans sleit Teather & Greenwood og Bridgewell tengsl sín við Landsbankann og tók upp nafnið Teathers.



**VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR TEATHERS** Straumur ætlar að flytja starfsemi Teathers í höfuðstöðvar sínar í Lundúnum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ætlunin er að ráða um helming starfsfólks Teathers á ný og flytja starfsemina í breyttri mynd í höfuðstöðvar Straums í Lundúnum í Bretlandi. Nick Stagg, forstjóri Teathers, mun sitja áfram og heyra undir William Fall, forstjóra Straums. **- jab**

# Neytendur herða sultarólar

Velta 75 prósent smásöluverslana í Bandaríkjunum í september var undir væntingum. Velta dýrari verslana og vöruhúsa dróst mikið saman meðan velta í lágvöruverðsverslunarkeðjunum jókst.

Samkvæmt Wal Mart hefur sala á brýnustu nauðsynjum, sérstaklega matvöru aukist meðan sala á merkjavöru hefur minnkað mikið. Neytendur hyggjast líka draga saman jólainnkaupin. Samkvæmt könnun sem Deloitte birti á fimmtudag ætla 60 prósent neytenda að eyða minnu í jólaundirbúning í ár, en að meðaltali hyggjast Bandaríkjamenn verja 532 dollurum í jólagjafir í ár, 6,5 prósentum minna en í fyrra. **- msh**

# Straumur gerði upp við Samson rétt fyrir lokun

**Straumur-Burðarás greiddi Samson eignarhaldsfélagi hátt í tvo milljarða króna í uppgjöri skulda og krafna 7. október síðastliðinn. Sama dag fór Samson fram á greiðslustöðvun eftir yfirtöku ríkisins á Landsbankanum. Straumur fer því líkast til ekki í biðröð kröfuhafa komi til gjaldþrots Samsonar. Á Samson hvílir líka 207 milljóna evra krafa vegna XL Leisure Group, sem áður var á Eimskip.**



**BJÖRGÓLFSFEÐGAR** Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson saman á fundi fyrir nokkrum árum. Fjárfestingafélag þeirra feðga, Samson eignarhaldsfélag, var aðaleigandi Landsbankans en Samson Global Holdings, annað félag þeirra, á rúman þriðjung í Straumi-Burðarási.

Straumur-Burðarás fékk kröfum sínum á hendur Samson eignarhaldsfélagi fullnægt sama dag og Samson fór í greiðslustöðvun.

Samson, átti ríflega 40 prósent í Landsbankann og er í eigu Björgólfsfeðga. Samson Global Holding, annað félag í þeirra eigu, á ríflega þriðjung í Straumi.

Þriggja vikna greiðslustöðvun Samson var tekin fyrir síðdegis 7. október síðastliðinn, en þann dag tók ríkið yfir Landsbanka Íslands. Fyrir hádegi sama dag gekk Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki frá greiðslujöfnun skulda og krafna á hendur Samson. Samkvæmt heimildum blaðsins var niðurstaða þess uppgjörs sú að Straumur greiddi Samson sem nemur 1,9 milljörðum króna. Komi til þess að Samson fari í þrot og skiptastjóri samþykki skuldajöfnunina hefur Straumur gert upp sín mál og er ekki í hópi annarra sem kunna að eiga kröfur í búið.

Gunnar Sturluson, hæstaréttarlögmaður og aðstoðarmaður Samson í greiðslustöðvuninni, kveðst ekki tjá sig ekki um einstakar færslur í viðskiptum félagsins. „En fari félagið í þrot þá skoðar skiptastjóri örugglega riftanleika þeirra greiðslna sem kunna að hafa farið fram í andstöðu við ákvæði gjaldþrotalaganna. Ef einhver kröfuhafi hefur hagnast á ólögmætan hátt á kostnað búsins þá myndi skiptastjóri væntanlega höfða riftunarmál,“ segir hann. Ekki liggur fyrir hvort í samningum Straums og Samsonar hafi verið heimild til skuldajöfnunarinnar.

Stjórn Samsonar hefur hins vegar ákveðið að óska eftir framlengingu greiðslustöðvunarinnar til þriggja mánaða. Upplýst var um þetta á fundi með kröfuhöfum síðdegis í gær, að sögn Gunnars var á fundinum jafnframt voru lagt fram yfirlit yfir eignir og skuldir félagsins, yfirfarið af KPMG.

Fjallað verður um framlengingarbeiðnina fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur næsta þriðjudag.

Straumur svarar ekki fyrirspurnum um skuldajöfnunina. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, staðfestir hins vegar að einhver skuldajöfnun hafi átt sér stað þennan dag. „En sá gjörningur var ekki á vegum eða að beiðni Samson,“ segir hann.

Ásgeir staðfestir líka að Samson eignarhaldsfélag hafi tekið yfir ábyrgð Eimskipafélagsins vegna XL Leisure Group, upp á 207 milljónir evra (26 til 31 milljarð króna, eftir gengi). Þann gjörning segir hann hafa verið „löngu frágenginn,“ eða um það bil viku eftir yfirlýsingu Björgólfsfeðga í septemberbyrjun um að þeir myndu létta ábyrgðinni af Eimskipi.

„Síðan gerist það bara einhverjum mánuði síðar, vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, að Samson er sett í greiðslustöðvun,“ segir Ásgeir. Upphaflegur útgefandi lánsins til XL Leisure Group er svo aftur Landsbankinn.

**olikr@markadurinn.is**

# Exista skoðar afskráningu úr Kauphöllinni

„Það er nauðsynlegt að stjórnin fái heimild til að bregðast hratt við aðstæðum eins og umhverfið er í dag,“ segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Existu.

Félagið hefur boðað til hluthafafundar á fimmtudag í næstu viku.

Á fundinum verður fjallað um stöðu og horfur fyrirtækisins og lagðar fram tillögur um heimild til hækkunar hlutafjár, kaupa félagsins á eigin bréfum, ótakmarkaðrar sölu eigna og afskráningar að hluta úr Kauphöll.



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON** Stjórnarformaður Existu.

Undir hatti Existu er tryggingafélagið VÍS, eignaleigufyrirtækið Lýsing og líftryggingafélagið Lífís.

Þá á félagið Skipti, móðurfélag Símans að öllu leyti og 14,5 prósenta hlut í bresku sportvörukeðjunni JJB Sports.

Fyrirtækið seldi hluti sína í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo og norska tryggingarisanum Storebrand fyrir hálfum mánuði.

Exista var stærsti hluthafi Kaupþings áður en bankinn fór í þrot í byrjun mánaðar og var yfirtekinn af ríkinu. Sá hlutur er verðlaus í dag. **- jab**

## Fjallað um Existu í ritgerð

„Það hefði verið betra að fjárfesta í félögum sem Exista keypti í en félaginu sjálfu,“ segir Hildur A. Hjartardóttir viðskiptafræðingur. Hún segir verðmyndun bréfa Existu hafa fylgt Úrvalsvísitölunni en ekki hreyfingum stórra eigna.

Hildur skrifaði BS-ritgerð við Háskólann í Reykjavík í vor um verðmyndun fjárfestingafélaga ásamt Jóhönnu K. Pálsdóttur.

Hún segir það hafa ráðið valinu að Atorka Group fjárfestir í öðrum geira og tilkynnt var um afskráningu FL Group um svipað leyti og dæmi voru valin.

Jóhanna og Guðrún Johansen, leiðbeinandi þeirra, kynna grein sem þær unnu upp úr verkefninu í Þjóðarspegli HÍ í Odda á milli klukkan 9 og 11 í dag. **- jab**


10% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**
spron – bankinn þinn




15 dagar til jóla... í skókassa
www.skokassar.net



Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið



Sustainable fisheries symposium
In English
www.unuftp.is/conference
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna
Ráðstefna um **sjálfbærni í sjávarútvegi**
Hótel Loftleiðir
24.-25. október
Kl. 9 – 14





DUX®

# Gott gengi

## DUX 7007
180x200



**Tilboð kr 986.000**
Verð áður kr 1.322.000

## Fire sófi



**Tilboð kr 296.000**
Verð áður kr 399.000

## Jetson
Hönnuður: Bruno Mathsson



**Tilboð kr 274.000**
Verð áður kr 343.000

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 • Sími: 5689950
duxiana.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Heitar tilfinningar:

# Köld rökhyggja

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Mörg þeirra bjargráða sem nú er verið að véla um munu hafa áhrif langt inn í ófyrirséða framtíð. Eins er með hugarástand eins og réttláta reiði heillar þjóðar. Hún getur að vísu eftir eðli sínu verið skammvinn. Áhrif hennar eru á hinn bóginn líkleg til langlífis verði hún allsráðandi um ákvarðanir.

Flest bendir til að fjármálakreppan hér heima rétt eins og erlendis eigi að einhverju leyti rætur í gáleysi eða einhvers konar óðagoti við hagnýtingu tækifæra. Í þessu ljósi ætti að vera auðsætt að viðbrögðin við þeim vanda sem af hefur hlotist þurfa að byggjast á hófsemd og yfirvegun. Viðurkenna verður um leið að það er því vandasamara sem aðstæður allar kalla á skjót ráð; og gremju þarf að ræða en ekki bæla niður.

Gott væri ef reiðin vegna þess sem á hefur dunið kallaði fram endurmat á ráðandi gildum. Vaxandi vægi ráðdeildar, hagsýni og hófsemi væri góður ávöxtur viðbragða og nýrrar hugsunar. Hitt væri lakara ef hún leiddi þjóðina af þeirri braut sem líklegust er til að bæta og styrkja efnahag hennar til lengri framtíðar.

Reynslan sýnir nú að alþjóðavæðing fyrirtækjanna gekk í ýmsum efnum hraðar fram en lýðræðisleg umgjörð þjóðríkjanna og samtaka þeirra réði við. Það þýðir hins vegar ekki að hugmyndin sé dauð eða gagnslaus og einangrunarstefna og sjálfsþurftarbúskapur eigi að taka við. Þvert á móti þarf að berja í brestina og hagnýta áfram þau lögmál sem vænlegust eru til að laða fram hagkvæmni í rekstri og auka verðmætasköpun.

Að sönnu er rétt og vitað að bankarnir voru of stórir fyrir íslenska peningakerfið. Það þarf ekki sjálfkrafa að þýða að stór fyrirtæki eigi ekki rétt á sér á Íslandi. Hinn kosturinn sem kemur eins til skoðunar er að tengjast stærra peningakerfi í þeim tilgangi að geta notið ávaxta af öflugum alþjóðlegum fyrirtækjum sem kalla á menntað fólk og lyfta launakjörum.

Satt best að segja þarf á ný að plægja frjósaman jarðveg fyrir slík fyrirtæki svo að við getum í framtíðinni náð þeim þjóðum sem við viljum jafna okkur til um lífskjör. Opið trúverðugt efnahags- og peningakerfi sem laðar að erlent fjárfestingarfjármagn er einnig nauðsynlegt. Uppbygging sem einvörðungu á að byggjast á erlendum lánum verður einfaldlega ótraust og of hæg.

Þeir sem eiga sparifé í bönkum og peningamarkaðssjóðum eiga ríkra hagsmuna að gæta að það brenni ekki upp. Mesti þjóðhagslegi ávinningurinn af ábyrgð ríkisins felst þó í þeirri staðreynd að hún er forsenda fyrir framtíðarsparnaði komandi kynslóða. Án hans verður takmörkuð frjáls efnahagsstarfsemi. Á sama hátt er brýnt að virða eignarréttinn í þessum hamförum. Áhættufjárfestingar verða áfram forsenda efnahagslegrar nýsköpunar í stóru sem smáu, nýjum greinum jafnt sem hefðbundnum. Traustið þar að baki má ekki brjóta niður.

Eitt af stærstu og heitustu viðfangsefnum næstu daga verður meðferð á kröfum Breta. Þar er í tímaþröng glímt við gríðarlega framtíðarhagsmuni. Mikilvægt er að undirgangast ekki þyngri byrðar en lög og alþjóðasamningar kveða á um. Óviðunandi er að aflsmunur ríkja ráði lyktum slíkra mála. Forsætisráðherra hefur því réttilega bent á að dómstólar eru best til þess fallnir að leysa úr slíkum ágreiningi.

Heitar tilfinningar eru góðra gjalda verðar. Köld rökhyggja er þó gæfulegri vegvísir inn í nýja framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0D** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

**VW Golf 1,6 bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óvænt ánægja

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var viðstaddur flokksþing breska Verkamannaflokksins þegar Gordon Brown tók við af Tony Blair, enda hafa löngum verið tengsl á milli Samfylkingarinnar og Verkamannaflokksins.



Björgvin var ánægður með nýja leiðtogann. „Brown mun að mínu mati koma á óvart á jákvæðan hátt og reynast öflugur foringi og sigursæll," skrifaði hann á heimasíðu sinni.

Brown kom vissulega á óvart þegar hann beitti hryðjuverkalögum á Ísland, en áhöld eru um ánægju viðskiptaráðherra.

### Holdtekja stöðugleikans

Björgvin fór ekki í grafgötur með ástæðuna fyrir aðdáun sína á Brown. „Brown er holdtekja hins efnahagslega stöðugleika og góðu fjármálastjórnar sem einkennt hefur tíu ára stjórnartíð Verkamannaflokksins."

Nú reynir á holdtekju stöðugleikans í samningum við Íslendinga. Kannski var það vegna svona ummæla sem Björgvin lokaði heimasíðu sinni?



### Rýjum þá!

Það er kannski ljótt að gera grín að aðdáun viðskiptaráðherra á Bretum, margir deildu henni fyrir ekki svo löngu. Nær er að snúa sér að þjóðlegri iðju, þó með alþjóðlegu ívafi.

Vestur í Dölum fer fram Meistaramót Íslands í rúningi, nánar tiltekið að Skörðum í Miðdölum. Dómari keppninnar er breskur og með honum verða tveir efnilegustu rúningsmenn Bretlandseyja.

Bretarnir geta lært ýmislegt hér; við Íslendingar kunnum ekki bara að rýja kindur heldur einnig breska sparifjáreigendur inn að skinni.

kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Allt fyrir ekkert

UMRÆÐAN

Helgi Hjörvar skrifar um Evrópumál



HELGI HJÖRVAR

Samskipti Íslendinga við útlönd á stuttu lýðveldisskeiði okkar einkennast iðulega af því viðhorfi að við eigum að fá allt fyrir ekki neitt. Hvers vegna okkur þykir það eftirsóknarvert er athyglisvert íhugunarefni. En það ber líka vitni um einfeldningslega afstöðu ungrar þjóðar til heimsins.

Skýrasta dæmið um þetta voru auðvitað samskipti okkar við bandaríska herinn. Annað skýrt dæmi er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið – EES samningurinn. Þegar hann var gerður og allt fram á þennan dag hafa fjölmargir málsmetandi Íslendingar keppst við að skýra hann þannig að þar höfum við fengið allt fyrir ekki neitt. Þ.e.a.s. að við fáum í gegnum samninginn aðgang að mörkuðunum sem sé hið eftirsóknarverða en sleppum við þátttöku í stofnanahlutanum, skrifræðinu og kostnaðinum. En eins og jafnan er þetta sjálfsblekking, enda bara börn sem trúa því að hægt sé að fá allt fyrir ekki neitt.

Með því að gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu hófst bylting í atvinnuháttum á Íslandi. Okkar litla samfélag varð hluti af markaði hundraða milljóna manna og tileinkaði sér leikreglur þess stóra markaðar og alþjóðavæddist með undraskjótum hætti, af því kappi sem aðeins Íslendingar geta sýnt. Og það var gaman.

Lærdómsrík er lýsing Stefan Zweig í *Veröld sem var* á Vínarborg í aðdraganda fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þar töldu menn sig hafa fundið hið endanlega samfélag alþjóðaviðskipta og frjálsrar verslunar, unnu í bönkum á daginn en voru í óperunni á kvöldin og höfðu helst áhyggjur af tryggingum og því að leggja inn á söfnunarreikninga fyrir kornabörn. Í reynsluleysi okkar höfðum við svipaðar ranghugmyndir 100 árum síðar og töldum okkur geta spilað á evrópska markaðnum en þyrftum hvorki á evrunni né Evrópusambandinu að halda því við værum að fá allt fyrir ekki neitt.

Evruvæðing atvinnulífsins, amatörismi Seðlabankans og vanmáttur ríkisstjórnarinnar afhjúpa nú þegar kreppir að hve tilfinnanlega við höfum einangrað okkur. Engum blandast nú hugur um að við hefðum þurft öfluga mynt, stuðning sterkra stofnana, raunverulegan seðlabanka og aðild að samfélagi þeirra þjóða er mynda markað okkar, Evrópusambandið, til að takast á við það flóð sem á okkur skall. Það er nefnilega ekki hægt að fá allt fyrir ekki neitt og það er ástæða fyrir því að yfir markaði skipuleggja menn stofnanir, skrifræði, öryggisventla og pólitíska stjórn. Því með reglulegum hætti bresta markaðir.

Við höfum nú sótt eitt dýrasta námskeið sögunnar um þessi grundvallaratriði. Lærum af þeim og byggjum nýtt Ísland upp í samfélagi við þær þjóðir sem við viljum deila mörkuðum með. Því það er líka auvirðilegt gildismat að vilja græða á aðild að markaði, en sniðganga samfélagsstofnanir hans. Svolítið eins og að vera fullfrískur á sósíalnum. Sæmir okkur ekki og sem aldrei fyrr þurfum við nú að gæta sóma okkar.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**LÖG UNGA FÓLKSINS** er yfirskrift tónleika sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi á morgun, laugardaginn 25. október, klukkan 17.00. Fram koma barítonsöngvarinn Jón Svavar Jósefsson og píanóleikarinn Ástríður Alda Sigurðardóttir.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





Villibráðar-hlaðborð

16. október - 19. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 7.750 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*6.750 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember

*Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslumaður hjá Manni lifandi, ásamt dætrum sínum, Söndru Dögg, 11 ára, Maríu Ósk, 5 ára, og Dagnýju Sól, 5 mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Allir borða plokkfiskinn

**Steinn Óskar Sigurðsson matreiðslumaður kom dætrum sínum upp á fiskát með því að matreiða plokkfisk á nýjan máta og eru dæturnar duglegar við að aðstoða pabba sinn í eldhúsinu.**

„Plokkfiskur er í uppáhaldi hjá dætrum mínum núna og plokkfisklasagna er mjög vinsælt,“ segir Steinn Óskar Sigurðsson en hann er sjálfur mjög hrifinn af fiski og ólst upp vestur á fjörðum þar sem hann stundaði sjóinn á trillu með föður sínum.

„Það hefur reynst erfiðara að koma stelpunum mínum upp á þetta, en það er að takast núna með góðum árangri. Plokkfisk-lasagnað er á tilraunastigi en uppistaðan er hefðbundinn plokkfiskur, lasagna-plötur og svo fullt af grænmeti.“

Steinn Óskar tók við forstöðustarfi veitingasviðs Manns lifandi í haust en áður hafði hann unnið á ýmsum veitingastöðum og var oft ekki kominn heim fyrr en eftir miðnætti. Í dag segist hann geta sameinað matreiðsluna, heilsuna og fjölskylduna. „Ég er heima á kvöldin núna og elda því mun meira og fæ aðstoð frá stelpunum mínum. Þær eru rosa áhugasamar og miðstelpan mín ætlar að verða „eldavélakona“. Henni finnst orðið kokkur ekki eiga við konur svo hún bjó þetta til sjálf. Ég er ánægður með það, kokkastéttin er hálfgert karlaveldi hér á landi.“

Spurður hvort hann sé jafn duglegur að ganga frá í eldhúsinu og að elda segir hann gott skipulag á þeim málum á heimilinu. „Frágangurinn er partur af eldhúsverkunum og ég kvarta ekkert undan því. Han skiptist á alla á heimilinu og dæturnar eiga sinn dag þar sem þær taka saman í eldhúsinu meðan mamma og pabbi horfa á fréttirnar.“

Steini líkar vel í starfi sínu sem matreiðslumaður á Manni lifandi og segist aldrei uppiskroppa með hugmyndir að uppskriftum. „Stærsti kosturinn við þetta starf er að það er aldrei verið að gera það sama. Þótt maður sé með sama hráefnið í höndunum dettur manni alltaf eitthvað nýtt í hug að búa til.“

Uppskrift að plokkfisk-lasagnanu er að finna á næstu síðu.

*heida@frettabladid.is*




# ; MATUR



**MATSELD.IS** er skemmtileg vefsíða þar sem má finna alls konar uppskriftir og umsagnir um hina ýmsu veitingastaði. Þeir sem luma á góðri uppskrift geta líka sett hana á vefinn og deilt henni með öðrum.

# Lífrænt, létt og ljúffengt

**Matur, sem gerir manni gott í munni, maga, sál og sinni, býðst nú þar sem veisluborðin svigna undan freistandi og bráðhollum heilsukrásum í Krúsku, glampandi nýrri matsölu NLFÍ á Suðurlandsbraut.**

„Náttúrulækningafélag Íslands brýst fram aftur með glæsilega endurkomu í heilsumenningu höfuðstaðarins með Krúsku, verslun og veitingastað þar sem úrval tilbúinna aðalrétta, meðlætis, eftirrétta, súpa, salata og heimabakaðs brauðs býðst gestum til að taka með heim eða borða á staðnum,“ segir Helga Mogensen, matgæðingur og rekstrarstjóri hinnar heillandi Krúsku sem opnar á Suðurlandsbraut 12 í dag.

„Það vill svo skemmtilega til að þegar ég fékk fyrst áhuga á breyttum lífsstíl og heilsufæði, rétt tæplega tvítug, sótti ég alla fræðslu til Náttúrulækningafélagsins, enda voru þar frumkvöðlar og leiðandi menn á því sviði. Í þá daga var talað um „grænu byltinguna“ en í takti og tíðaranda þjóðfélagsins nú er rétti tíminn til að efla þá byltingu og útfæra enn betur með því að huga að heilsumenningu í víðara samhengi með því að hugsa heildrænt. Þannig gerum við okkur sjálfum gott með ferskum matvörum, um leið og við eflum bændur og ræktun í landinu og varðveitum náttúruna í stóru samhengi,“ segir Helga sem aftekur að hollur heimtökumatur þurfi að vera dýrari kostur.

„Á tímum sem þessum, þegar mörgum líður illa, er tilhneiging til að næra sig verr en annars, en í Krúsku munum við stilla verði í horf, í anda þess sem er að gerast, þannig að allir geti hlúð að sér.“

Helga segir áhuga landsmanna á hollustufæði fara vaxandi og greinileg vakning sé hjá fjölskyldufólki. „Enda heyrir maður börn spyrja hvort þau geti fengið lífrænt sælgæti í dag,“ segir Helga hláturmild, en hún verður einmitt með sætar og bráðhollar kræsingar í Krúsku, ásamt því að selja úrval fylgihluta og vottaðra lífrænna afurða til matseldar.



Helga Mogensen matgæðingur er hugmyndasmiðurinn á bak við Krúsku.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við notum ekki hvítt hveiti, hvítan sykur, aukaefni eða erfðabreytt hráefni í okkar matseld og segjum sannleikann um innihald í framleiðslu. Þannig munum við stuðla að lífrænni ræktun á Íslandi og viljum verða leiðandi í þróun og framleiðslu á hollum, góðum mat, og munum leggja okkar af mörkum til fræðslu almennings með námskeiðahaldi og fræðandi heimasíðu,“ segir Helga sem vitaskuld býður einnig upp á krúsku.

„Krúska er latneskt heiti yfir mulið hveiti sem náttúrulífsmenn á öldum áður elduðu eftir ákveðnum hefðum og notuðu í morgunkorn sem minnir á nútíma múslí. Ég hef staðlað hina fornu uppskrift og gert hana nútímalegri, og vitaskuld verður krúsku að finna í Krúsku.“

Opnunartími er frá 11-19.30 virka daga og 11-16 á laugardögum.

*thordis@frettabladid.is*

## UPPSKRIFT STEINS



### Plokksfisklasagna FYRIR 4-6

800 g ný ýsuflök
2 stk. laukur
4 geirar hvítlaukur
100 g smjör
1 stk. sæt kartafla
2 stk. íslenskar gulrætur
½ stk. rautt chili
1 stilkur sellerí
4 kvistar ferskt timjan
1 tsk. karrí
1 tsk. kóríander
3 msk. spelt
100 ml kókosmjólk
Salt og hvítur pipar eftir smekk.
6 stk. íslenskir tómatar
1 box ferskt spínat
8 stk. spínat-lasagnablöð
1 bolli rifinn gouda-ostur
50 g rifinn parmesan-ostur

Ýsan beinhreinsuð og forsoðin í saltvatni í 2 mín. Kartaflan skorin í teninga og forsoðin í saltvatni þar til hún er orðin mjúk. Fínt saxaður laukur, hvítlaukur, chili, sellerí og gulrætur brúnað í smjöri, karrí og kóríander-dufti hrært saman við ásamt soðnu kartöfluteningunum. Spelti stráð yfir til að þykkja. Kókosmjólk bætt út í pottinn og fiskinum hrært saman við. Kryddað með salti og pipar. Tómatar skornir í sneiðar og raðað ásamt plokkfisknum, spínatinu og lasagna-blöðunum lagskipt í eldfast form, osti stráð yfir og bakað í ofni við 180° C í 20 mín.


**Darcey - glæsilegur BH**
í D,DD,E,F,FF,G skálum á
kr. 6.850,-



**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

;ALLT FERÐIR
Miðvikudaga og laugardaga




BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Dvöl
athvarf í Kópavogi

Markmiðið með starfsemi Dvalar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum, auka lífsgæði, efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan þeirra sem glíma við geðraskanir. Athvarfið er öllum opið og koma gestir í athvarfið á eigin forsendum. Fyrir marga hefur það verið mikið gæfuspor að heimsækja Dvöl.

Opið er **virka daga kl. 9-16** (10-16 á fimmtudögum)
og **kl. 11-14 á laugardögum.**

Á laugardögum er gestum boðið upp á léttan hádegisverð þeim að kostnaðarlausu.

Dvöl er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.

**Rauði kross Íslands**
Kópavogsdeild

Reynihvammi 43 // Kópavogi // sími 554 1260// dvol@redcross.is // www.redcross.is/dvol

Jólahlaðborð fyrirtækja.
Bókið sem fyrst.
Nánari upplýsingar
á idusalir.is

IÐUSALIR



JÓLAHLAÐBORÐ
Í IÐUSÖLUM

IÐUSALIR

www.idusalir.is
Iðusalir | Lækjargata 2 a - Iðuhúsinu | s: 517 5020 - idusalir@idusalir.is

**MYNDLISTARSÝNINGAR** tveggja listamanna opna í Gallerí Fold á morgun, laugardaginn 25. október, klukkan 15.00. Listamennirnir eru Haukur Dór og Hulda Vilhjálmsdóttir.



# Sungið lífinu til dýrðar

**Í helgarleyfum er gaman að fara í bíltúr yfir í nærsveitir og upplifa út um bílrúðurnar Ísland farsældar frón með eitthvað dýrðlegt og upplífgandi á nýjum viðkomustað; eins og herskara himneskra tóna.**



Á morgun gefst tækifæri til að hlýða á Höllu Margréti Árnadóttur á styrktartónleikum líknar- og vinafélagsins Bergmáls.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nú vantar bara tvær milljónir til að ljúka við húsið svo hægt sé að hefja þar starfsemi og því höldum við glæsilega styrktartónleika í Selfosskirkju á morgun,“ segir Sigurjón Aðalsteinsson, félagi í líknar- og vinafélaginu Bergmáli, sem hefur reist myndarlegt orlofsheimili fyrir gjafafé og í sjálfboðavinnu í landi Sólheima í Grímsnesi.

„Bergmál hlúir að krabbameinssjúkum og öðrum langveikum og hefur boðið þeim að kostnaðarlausu til orlofsvikna í sveitasælunni að Sólheimum síðastliðin þrettán ár. Þetta er kærkomið frí og ekkert sem minnir á sjúkrastofnanir en nýja húsið mætir brýnni þörf,“ segir Sigurjón um orlofsheimilið nýja. Nú vantar að reka smiðshöggið á það innanhúss til að taka megi á móti 26 gestum við bestu hugsanlegu aðstæður, en hvert herbergi er sérstaklega útbúið undir dvöl þeirra sem eru mikið veikir og þjáðir.

„Við Halla Margrét Árnadóttir höfum undanfarin þrjú ár staðið fyrir styrktartónleikum Bergmáls. Hún er engillinn í þessu verkefni, því Bergmál er hennar hjartans mál og flýgur hún gagngert heim frá Ítalíu til að syngja á þessum tónleikum,“ segir Sigurjón, en á tónleikum morgundagsins munu einnig koma fram Karlakór Selfoss, óperusöngvararnir Davíð Ólafsson, Bergþór Pálsson og Gissur Páll Sigurðsson, ásamt hinum eina sanna Ragnari Bjarnasyni, Þorgeiri Ástvaldssyni og Labba í Glóru.

„Listamennirnir gefa vinnu sína svo aðgangseyrir rennur óskiptur til Bergmáls. Við erum þeim óendanlega þakklát fyrir göfugt framtak og framlag þeirra til að létta langveikum tilveruna. Árlega vindur starfsemin upp á sig og fleira listafólk vill koma að starfinu, hvort sem það er til að syngja á styrktartónleikunum eða skemmta á kvöldvökum orlofsvikna á Sólheimum.“

Tónleikarnir hefjast kl. 14. Miðasala er við innganginn, en einnig er hægt að panta miða fyrirfram í síma 692 1185 og í netfanginu sigad@fiskistofa.is. *thordis@frettabladid.is*


SKJALATÖSKUR
GÓÐAR ÚTSKIRFTARGJAFIR

Ný sending af skjala- og tölvutöskum fyrir dömur og herra



Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

;ALLT BÍLAR
Alla laugardaga





Ráðstefnur | Fundir | Árshátíðir | Brúðkaup | Óvissuferðir

**25. Október**

**FRANSKT KVÖLD**
Gisting, 4 rétta matseðill og vín
Lifandi tónlist og ball
**Verð: 11.500 kr. á mann.**
**-5% = 10.925 kr.**
án gistingar 6.500 kr -5% = 6.175 kr.

**1. nóvember**

**VILLIBRÁÐARKVÖLD**
Gisting, Villibráð, Lifandi tónlist og ball
**Verð: 10.900 kr. á mann.**
Verð án gistingar 5.900 kr. á mann
**8. nóvember / fullt**

**Villibráð / Jólahlaðborð**
Frá 14.11.2008 til 20.12.2008 Bjóðum við uppá skemmtilegar og matarmiklar helgar með Villibráðarhlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.

**Einnig er lifandi tónlist og ball báða dagana.**

**Verð fyrir alla helgina 15.900 kr.**
**Verð föstudag m/gistingu 10.900 kr á mann.**
Verð án gistingar 5.900 kr.
**Verð laugardag m/gistingu 9.900 kr.**
Verð án gistingar 4.900 kr.



hótel hvolsvöllur

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

Grafíska vinnustofan ehf. HH08-0128



**SILKILEIÐIN** heitir nýtt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands sem hefst þriðjudaginn 28. október. Á námskeiðinu kynnast þátttakendur sögu þessarar mikilvægu viðskiptabrautar í mannkynssögunni sem lá frá hinni fornu höfuðborg Kína, Xian, í austri til Damaskus, Antíokkíu og Istanbúl í vestri.


Tími menntunar

Innritun að hefjast

- Í dagskóla þann 27. okt.
- Í kvöldskóla og fjarnám þann 3. nóv.

Nánari upplýsingar á **www.tskoli.is**

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is


# Að hugsa myndrænt

**MindManager-hugbúnaðurinn stuðlar að auðveldri byggingu hugkorta í stafrænu formi og þar með er einfaldara fyrir einstaklinginn að setja hugsanir sínar á blað á myndrænan hátt.**

„MindManager er hugbúnaður sem byggir á hugkortum – það er að segja, formum, litum og myndum,“ segir Dögg Gunnarsdóttir, kennari og starfsmaður Verkefnalausna. „Hugbúnaðurinn vinnur með öðrum forritum eins og Microsoft Word, Power Point og Excel og býr til hugkort sem geta hjálpað nemendum við glósugerð, ritgerðasmíð og undirbúning fyrir próf,“ bætir Dögg við.

Fyrirtækið Verkefnalausnir var stofnað af Elínu Þ. Þorsteinsdóttur í árslok 2005 og hefur vaxið hratt síðan þá. Meginstarfsemi fyrirtækisins felst í lausnum á sviði verkefnastjórnunar og er MindManager þar fremst í flokki hugbúnaða. Frá því að Verkefnalausnir tóku til starfa hefur fjöldi fyrirtækja á Íslandi innleitt hugbúnaðinn og er notkun MindManager-hugbúnaðarins á Íslandi sú hæsta í heiminum miðað við íbúafjölda.

Dögg bendir á að allir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hafi nú þegar fullan aðgang að MindManager sér að kostnaðarlausu. „Þetta er mjög mikið notað í skólastarfi og er alltaf að aukast,“ segir Dögg. En eins og fyrr var greint frá þá auðveldar MindManager glósugerð og almenna skipulagningu í námi. MindManager er samt sem áður ekki einungis fyrir nemendur heldur líka fyrir kennara, skólastjórnendur og í rauninni hvern sem er sem notast við ákveðna skipulagningu í starfi. „Ég er kennari sjálf og hefði viljað hafa þetta þegar ég var að kenna,“ bætir Dögg við.



Dögg segir að hugbúnaðurinn MindManager sé mikið notaður í skólastarfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Starfsfólk Verkefnalausna mun standa fyrir ráðstefnu mánudaginn 27. október næstkomandi sem ber yfirskriftina MindManager í skólastarfi. „Ráðstefnan er unnin til þess að víkka sjóndeildarhringinn hjá fólki. Þetta er tækifæri og vettvangur fyrir fólk úr skólakerfinu til að hittast og spjalla um hugbúnaðinn og hvernig það notar hann,“ segir Dögg. Ráðstefnan er opin öllum og ekki skilyrði að fólk hafi góða þekkingu á MindManager. „Fyrirlesararnir munu sýna sína notkun á MindManager og vilja fá hugmyndir frá öðrum. Það eru ekki allir sem nota þetta og sumir eflaust sjá þetta í fyrsta sinn á ráðstefnunni,“ segir Dögg og bætir við að spurningum fólks verði að sjálfsögðu svarað af kunnáttufólki.

*agnesosk@frettabladid.is*


Mennt er



Námskeið í október

Vélgæslunámskeið
– smáskipavélavörður

Námskeiðið er grunnur að 750kW atvinnuréttindum á minni skipum, 12 metrar og styttri.

**Tími:** 27. okt. – 7. nóv.

**Innritun fyrir vorönn fer að hefjast.**
Í dagskóla þann 27. okt., í kvöldnám og fjarnám þann 3. nóv.
Nánari upplýsingar á **www.tskoli.is**

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 24. október 2008



## HAMINGJAN KREFST VINNU

Halldóra Geirharðsdóttir leikkona lærði að lifa vistvænu lífi sem kemur sér vel núna.

## TILNEFND TIL HÖNNUNAR-VERÐLAUNA

Katrín Ólína Pétursdóttir vekur atygli heimspressunnar fyrir hönnun sína.

## SPRANGAR UM Í GYÐJU-STÍGVÉLUM

Aníta Briem var í íslenskri hönnun á rauða dreglinum í Los Angeles í vikunni.

## HAUST-FÖRÐUN Í KREPPUNNI

Hvernig áttu að mála þig á þessum síðustu og verstu tímum?

Mizú

SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is

Andlitsmeðferðir
Handsnyrtingar
Fótsnyrtingar
Vaxmeðferðir
Líkamsmeðferðir
Nuddmeðferðir
Tattoo
Förðun



# núna

✻ dama eða gyðja?

## BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON TÓNLISTARMAÐUR



helgin MÍN

Á föstudaginn spila ég í veislu og á laugardag í brúðkaup. Á laugardagskvöld ætla ég að halda tónleika á Nasa með hljómsveitinni minni, Ný dönsk, klukkan tíu. Á sunnudag ætla ég að jafna mig og liggja í móki fyrir framan sjónvarpið. Borða allt sem að kjafti kemur, drekka allt sem er óopnað og safna þannig kröftum fyrir nýja viku.



### Happamottur?

Íslenska kokkalandsliðið ákvað að taka húmorinn með til Þýskalands þar sem það keppir í Ólympíumóti í Erfurt. Fyrir ferðina safnaði landsliðið yfirvararskeggi til að smellpassa inn í þýsku stemninguna. Þegar landsliðið mætti til leiks líktust þeir meira þýskum klámmyndakóngum en verðlaunakokkum. Motturnar hljóta þó að vera algerar happamottur því landsliðið er nú þegar búið að krækja sér í eitt gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun.

þetta HELST



### Sjaldan verið fleiri glæsieignir til sölu

Þegar fasteignavefurinn er skoðaður kemur í ljós að kreppan er farin að gera vart við sig því sjaldan hafa verið eins margar glæsilegar eignir á sölu. Verðið hefur líka sjaldan verið betra. Í vikunni var Láland 21 auglýst til sölu en umrætt hús er í eigu Bjarneyjar Harðardóttur markaðsstjóra Glitnis. Húsið hefur verið endurnýjað frá grunni og er eitt af glæsilegustu húsunum í Fossvogi. Samkvæmt fasteignavefnum er húsið falt fyrir 101 milljón sem þykir ansi gott verð miðað við hvað mikið er búið að leggja í það.

Katrín Ólína Pétursdóttir er tilnefnd til hönnunarverðlauna Elle Decoration

# VEKUR ATHYGLI

Listamaðurinn og hönnuðurinn Katrín Ólína Pétursdóttir hefur verið tilnefnd til hönnunarverðlauna breska tímaritsins Elle Decoration ásamt Michael Young. Tilnefninguna hljóta þau fyrir hönnun á lýtalæknastofunni Skin í Flórens sem hefur hlotið mikla athygli í erlendum fjölmiðlum. Við hönnunina á Skin blönduðu þau saman gleri og plastefninu corian og lögðu mikið upp úr lýsingu og grafík.

Hönnuðurinn Tom Dixon er einnig tilnefndur til sömu verðlauna fyrir hönnunina á Shoreditch House í Lundúnum og William Russell fyrir Alexander McQueen-verslunina í Los Angeles. Verðlaunaafhendingin fer fram 29.október á One Marylebone í Lundúnum. Þegar Katrín er spurð að því hvaða þýðingu þessi verðlaun hafa segir hún þau fyrst og fremst vera mikla hvatningu. „Ég get því miður ekki verið viðstödd verðlaunaafhendinguna sjálfa því ég verð í öðrum verkefnum,“ segir Katrín en hún var fengin til að taka þátt í sýningunni 100% Design í Tókýó þar sem hún hannar aðalbarsvæði sýningarinnar sem er þakið grafíklistaverkum eftir hana. Hönnun Katrínar er Íslendingum að góðu kunn en hún hannaði meðal annars hið fræga Tré ásamt Michael Young, verslunina Parka á Dalvegi og svo vöktu þau mikla athygli fyrir hönnun á skemmtistaðnum Astro fyrir um áratug. Um þessar mundir stendur sýning in ID LAB yfir í Hafnarhúsinu en þar er að finna innsetninguna Ugluspegil eftir Katrínu. Sýningarstjórinn, Ólöf K. Sigurðardóttir, segir innsetninguna vera ævintýraheim sem sé fullur af auðlesnum en um leið margslungnum vísunum og táknum. „Áhorfandinn stígur inn í verkið sem umlykur hann og býður honum að halda í ferðalag í óræðri náttúru,“ segir Ólöf um innsetninguna. Þeir sem vilja upplifa ævintýri ættu að kíkja í Hafnarhúsið.

*martamaria@365.is*



**Skin** Hér sést hvernig þau blanda gömlu og nýju saman, nýir innviðir í gömlu húsi.



**Upptekin** Katrín Ólína er svo önnum kafin að hún kemst ekki á verðlaunaafhendinguna sjálfa.



**Lýsing** Katrín Ólína og Michael Young eru þekkt fyrir að spila með lýsingu og grafík. Hér sést hvernig þau nota þetta tvennt á ævintýralegan hátt.




Aníta Briem velur íslenskt

# Íslensk hönnun í Hollywood

Kastljós fjölmiðla beindist að leikkonunni Anítu Breim þegar hún mætti á frumsýningu tölvuleikjarins Fallout 3 í Los Angeles 16.október síðastliðinn. Aníta klæddist sanseruðum metal-stígvélum og belti úr hrosshári frá merkinu Gyðja Collection sem er hönnun Sigrúnar Lilju Guðjónsdóttur. „Við erum mjög upp með okkur að Aníta hafi áhuga á því sem við erum að gera. Aníta sagði mér líka að henni fyndist alltaf mikilvægt að unnið væri með góð hráefni og því höfðar Gyðja Collection vel til hennar. Ég sendi henni nokkrar týpur til Los Angeles og svo heyrði ég frá henni stuttu síðar þar sem hún lýsti yfir ánægju sinni með vörurnar,“ segir Sigrún Lilja og bætir við: „Það var auðvitað rosalega góð tilfinning að vita af því að þekkt leikkona eins og Aníta Briem skuli styðja við íslenska hönnun,“ segir Sigrún Lilja - *mmj*



**Aníta Briem leikkona** Tók sig vel út í íslenskri hönnun á rauða dreglinum í Hollywood. MYND/GETTYIMAGES.

✻ augnablikið



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**
Var ævintýraleg í blárri flauelsdragt. Takið eftir gleraugunum – því stærri því betri er það sem koma skal.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is*
**Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

# Gerum okkur dagamun

**Reykjavíkurborg efnir til fjölskyldudagskrár fyrir borgarbúa fyrsta vetrardag, laugardaginn 25. október**



### LANDNÁMSSÝNINGIN, AÐALSTRÆTI
15:00 Hvernig léku landnámsbörn sér?

### ÁRBÆJARSAFN
14:00 - 17:00 Hvernig léku pabbi og mamma sér? En afi og amma?

### BORGARBÓKASAFNIÐ - AÐALSAFN GRÓFARHÚSI
15:00 Fíasól og tækjalausi dagurinn

### MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERGI
14:00 Völundarhús vídeólistarinnar
15:00 Kynjaskepnur í íslenskum þjóðsögum





### ÁSMUNDARSAFN
13:00 - 16:00 Vatnslitastúdíó - listamennirnir leiðbeina

### HAFNARHÚS
15:30 Snigill njósnadvergur í ævintýraheimsókn

### KJARVALSSTAÐIR
14:00 Ratleikur
14:30 - 17:00 Listsmiðja
15:00 Englakór Nataliu Chow

### LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
15:00 Leiðsögn um sýninguna Heima - heiman

### FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
10:00 - 17:00 Dýrum gefið - gestir fá heitt kakó með rjóma

### SKAUTAHÖLLIN Í LAUGARDAL
13:00 - 17:30 ABBA „skate-along" - takmarkaður fjöldi skauta til leigu - tímamörk

### HELLISHEIÐARVIRKJUN
09:00 - 18:00 Nýjasta jarðvarmavirkjun í heimi

### SUNDLAUGAR REYKJAVÍKUR
Leikum okkur í laugunum - stökkbretti opið í Sundhöllinni



### GALLERÍ 100° - ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
13:00 - 17:00 Uppfinningar Leonardo da Vinci

### SKAUTAHÖLLIN EGILSHÖLL
14:00 - 18:00 Dúndrandi diskó á svellinu



### MINJASAFN OR Í ELLIÐAÁRDAL
13:00 - 17:00 Skoðið sögu rafvæðingar og gerið tilraunir með krökkunum

### VIÐEY
13:15, 14:15 og 15:15 Ókeypis í ferjuna frá Skarfabakka

Reykjavíkurborg

**Dagskrá á reykjavik.is**

Hönnun: Zetor – Teikningar: Halldór Baldursson

# núna
✻ ástarbál í beinni

## HRESSIR UPP Á KONUR

Sirrý og Bjargey Aðalsteinsdóttir munu halda fyrirlestur á Hótel Sögu 1. nóvember um betra líf. Nú er tími til að láta þessar lífsglöðu konur rífa sig upp í skammdeginu. Skráning á sirry@sirry.is


**Draumakjóllinn** Brúðarkjóllinn er frá Tveimur hjörtum en sú verslun er í eigu tengdamóður Ingibjargar. Hún sá kjólinn þar fyrir tveimur árum og varð að eignast hann.


**Tískuparið** Björn Sveinbjörnsson var svaramaður Óskars en þeir eru æskuvinir. Hér er hann ásamt Svövu Johansen.


**Geislandi** Ingibjörg og Óskar eru falleg hjón. Hann klæddist fötum frá Kultur-mönnum.

### Ingibjörg Reynisdóttir leikkona gekk í það heilaga um síðustu helgi
# MAGNAÐ PARTÍ

Leikkonan Ingibjörg Reynisdóttir gekk að eiga unnusta sinn, Óskar Gunnarsson, í Laugarneskirkju síðasta laugardag. Þegar hún er spurð að því hvort hjónabandið hafi breytt einhverju segir hún svo ekki vera. „Við erum búin að vera saman í átta ár en búin að þekkjast síðan við vorum unglingar þannig að það var nú ekki mikill munur,“ segir Ingibjörg og hlær. Veislan var haldin í nýju stúkunni við Laugardalsvöllinn og var gleðin allsráðandi. Þar sem Ingibjörg elskar að koma fram ákvað hún að taka lagið fyrir nýbakaðan eiginmann sinn. „Ég söng lagið „Close to you“ með Carpenters og vinkonur mínar voru í hlutverki bakradda,“ segir hún. Spurð um stemninguna segir hún að það hafi verið mikið stuð. „Við erum svo mikil partídýr að við tímdum ekki að fara úr veislunni,“ segir hún. Brúðhjónin dvöldu á Hiltonhótelinu í tvo daga en svo er ferðinni heitið til Flórída um jólin. „Það er svo mikið að gera hjá mér. Mín önnur skáldsaga, Rótleysi, rokk og rómantík, kemur út á næstu vikum og ég er á fullu að vinna í kynningarmálum. Bókin er sjálfstætt framhald bókarinnar Strákarnir með strípurnar, sem ég skrifaði ásamt Lovísu Rós dóttur minni,“ segir Ingibjörg. Auk skriftanna er hún að vinna að bíómyndahandriti ásamt Júlla Kemp og svo mun hún leika í stuttmynd um næstu mánaðamót. martamaria@365.is

## REYKJAVÍK
**BORGIN mín**

### Jóhannes Ásbjörnsson, banka- og fjölmiðlamaður


**MORGUNMATURINN:** Skyr eða seríos + banani.

**SKYNDIBITINN:** Quiznos.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Austur-Indíafjelagið. Ekki bara rómó heldur inverskur á heimsmælikvarða.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Boot Camp. Þarf einmitt að fara að drulla mér af stað.

**BEST VIÐ BORGINA:** Stuttar vegalengdir. Ég vinn í miðbænum og bý í sveitinni. Það er fín blanda. Sumum finnst reyndar langt heim til mín en það er bara rugl.



**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Ostabúðin á Skólavörðustíg. Þar er mjög auðvelt að missa sig. Líka snilld að borða þar í hádeginu.

**LEYNISTAÐURINN:** Á engan svoleiðis. Væri samt til í leynibílastæði í miðbænum. Með engum stöðumæli.







**Rauðará blæs á kreppuna**

Við skorum á framleiðendur í landinu að hækka ekki vörur í skjóli kreppu og skorum á fólkið í landinu að velja vörur frá íslenskum framleiðendum. Við ætlum að leggja fram okkar framlag í þá sókn og bjóða ykkur upp á al íslenskan matseðil úr hágæða vörum frá Íslenskum framleiðendum til lands og sjávar.

**Guðmundur Viðarsson**
Yfirmatreiðslumaður
Rauðará

3ja rétta **á verði einnar** nautasteikur

**Matseðill no.1**

**FORRÉTTUR**
Smáréttadiskur með saltfisk á tvo vegu ásamt seyði í bolla
**AÐALRÉTTUR**
Kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og haustgrænmeti
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

**Matseðill no.2**

**FORRÉTTUR**
Reyktur lax með humarsalati í turni
**AÐALRÉTTUR**
Osta og humarfyllt grísalund með kartöflugratín
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

Við skorum á fyrirtæki sem eru með getu og eru ströndug á Íslenskan mælikvarða.
**Sýnið gott fordæmi og hækkið ekki verð á matvöru ykkar**
Við verðum að halda í launamáttinn, ástandið er nógu slæmt fyrir.

**opið þriðjudaga til laugadaga**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is

FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

# 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í VERSLUNINNI

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# KREPPIR & SLEPPIR

***Halldóra Geirharðsdóttir*** **fagnaði fertugsafmæli sínu í lok sumars og leikur nú í tveimur sýningum í Borgarleikhúsinu, en stefnir á að taka sér námsleyfi eftir áramót og dvelja í Suður-Frakklandi í sex mánuði.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Anton Brink

Fyrsta árið mitt eftir að ég útskrifaðist úr Leiklistarskólanum 1995 hafði ég miklar áhyggjur af því að ég fengi ekkert að gera. Þetta var fyrir tíma gemsanna svo ég var með boðtæki og var alltaf að bíða eftir að það kæmi „bíp“ frá einhverjum leikhússtjóranum. Svo lék ég í Djöflaeyjunni og síðasta tökudaginn fékk ég „bíp“ frá Pétri Einarssyni sem hafði kennt mér í Leiklistarskólanum. Hann var að fara að leikstýra „Ef væri ég gullfiskur“ eftir Árna Ibsen. Þórhildur Þorleifsdóttir var þá orðin borgarleikhússtjóri, þorði að veðja á mig og bauð mér samning,“ segir Halldóra sem hefur starfað í tólf ár í Borgarleikhúsinu.

Hún leikur nú í söngleiknum Fólkinu í blokkinni, eftir Ólaf Hauk Símonarsson, sem fjallar um líf fólks í blokk í Reykjavík sem ákveður að setja upp söngleik. Þar fer Halldóra á kostum sem hin pólska Valería og talar íslensku með svo óaðfinnanlegum pólskum hreim að ætla mætti að margra mánaða undirbúningur lægi þar að baki, en hún segir svo ekki vera.

„Þetta er eiginlega eini útlenski hreimurinn sem ég kann svo ég þurfti ekki að hafa neitt fyrir þessu. Þegar ég var í Nemendaleikhúsinu lék ég í leiksýningunni Tangó. Þá var pólskur leikari, Jazek, með í sýningunni sem hafði átt heima á Íslandi þegar hann var ellefu og tólf ára, svo hann talaði íslensku með pólskum hreim. Eftir að hafa unnið með honum í tvo mánuði höfðum við bekkurinn pikkað upp frasa frá honum svo þetta er eini útlenski hreimurinn sem ég geng algjörlega að. Það var algjör tilviljun að ég fékk þetta hlutverk og mér fannst því svolítið asnalegt hvað ég þurfti að hafa lítið fyrir þessu,“ segir Halldóra og hlær, en viðurkennir þó að



**Halldóra Geirharðsdóttir** Pólski hreimurinn er sá eini sem hún kann upp á hár og því hafði hún lítið fyrir hlutverkinu. MYND/ANTON

hún hafi leitað til pólskrar vinkonu til að læra nokkur orð í tungumálinu.

Aðspurð segist hún njóta þess að vera í söngleik og finnst algjör forréttindi að fá að dansa í vinnunni. „Mér finnst ofboðslega gaman að dansa þó ég hafi aldrei lært það og finnst gaman að syngja þegar ég næ sjálfstrausti til þess, en ég hef alltaf haft svolitla minnimáttarkennd gagnvart söngnum í leiklistinni,“ segir Halldóra, sem söng í hljómsveitinni Risaeðlunni frá því að hún var sextán til 23 ára.

## NAUÐSYNLEG SJÁLFSKOÐUN

Halldóra leikur einnig í leikritinu Dauðasyndirnar sem hefur verið sýnt í Borgarleikhúsinu við góðar undirtektir frá því að það var frumsýnt í vor. Sýningin er frjálsleg túlkun á Guðdómlegum gamanleik Dantes og felur í sér mikla lífsspeki að mati Halldóru.

„Dauðasyndirnar eru svona hjartans verkefni fyrir mig. Þar leik ég trúðinn Barböru sem varð til í nemendaleikhúsi og hefur fylgt mér síðan. Sýningin fjallar um Dante, mann um fertugt sem finnst ekkert hafa virkað í lífi sínu og er óhamingjusamur. Eftir að hafa verið leiddur í gegnum helvíti og horfst í augu við dauðasyndir sínar sér hann hvernig hann er að viðhalda óhamingjunni í lífi sínu. Hann þvær af sér egóið, hættir að lifa í drama og er kominn til Paradísar. Þetta er náttúrulega kaþólsk heimsmynd, en það er í raun heimsmynd allra trúabragða, að gangast við syndum sínum því sá sem ekki gerir það er ekki frjáls. Hann er alltaf að fela og benda og gera aðra ábyrga fyrir líðan sinni. Þetta er að gerast úti í samfélaginu í dag, nú vilja margir finna sökudólga, en verður ekki hver og einn að byrja hjá sjálfum sér? Um leið og maður er farinn að benda hefur maður tilhneigingu til að fría sjálfan sig undan eigin ábyrgð,“ útskýrir Halldóra sem segist vera mjög leitandi og hefur kynnt sér ýmsar leiðir sem stuðla að þroska, bæði líkamlega og andlega.

„Það nýjasta hjá mér er Rope Yoga. Ég hef verið svona „drop-out“ í líkamsrækt. Hef byrjað og tekið hluti með offorsi sem gerir það að verkum að ég fer í kvíða og veld sjálfri mér vonbrigðum því ég óttast að ég geti ekki toppað mig næst þegar ég mæti og muni aldrei gera nóg. Svo fann ég Rope Yoga og þar fæ ég einhvern veginn að vera samferða sjálfri mér. Ég fíla lífsspekina á bak við þetta í tætlur og hún gengur alveg upp við þá speki sem ég hef farið í gegnum í tólf sporasamtökum og felst líka í Dauðasyndunum,“ segir Halldóra.

Spurð um efnahagsástandið segist Halldóra vissulega finna fyrir afleiðingum kreppunnar í þjóðfélaginu og telur að fólk þurfi að endurskoða gildismat sitt.

„Ég upplifi þetta sem tíma til að endurskoða og fara aftur í gömul og góð gildi. Fara vel með, þakka fyrir það sem er, hlúa að samskiptum og kreppa – sleppa. Nú þurfum við að sleppa hendinni af öllum okkar hugmyndum um hvernig við héldum að líf okkar yrði. Við getum verið hamingjusöm þrátt fyrir allt, en það getur krafist andlegrar vinnu,“ segir Halldóra.

„Ég held að pólitíkusar og bankamenn, rétt eins og við hin, ættu að tileinka sér leið Dantes. Viðurkenna að þeir eru týndir í skóginum og þurfi aðstoð til að fara í gegnum helvíti. Þar mætum við syndum okkar á borð við reiði, biturleika, þar eru illir ráðgjafar og þeir ágjörnu, þeir sem svíkja fjölskyldur sínar, þjóð sína, gestgjafa og meistara sinn. Þegar þeir hafa áttað sig á eigin brestum eða syndum þurfa þeir tvo lykla til að komast upp fjall hreinsunarinnar. Annars vegar lykil sem er öll sú vitneskja sem þeir hafa áunnið sér í lífinu, hinn lykill-




GERnétic & Tattoo

Mizú

SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is


## * bak við tjöldin

**Uppáhaldsmatur:**
Sushi. Helst samt sashimi, hrár nýr fiskur.

**Diskurinn í spilaranum:**
Núna var það akkúrat Jay Jay Johanson, gamall og væminn.

**Besti tími dagsins:**
Morgnarnir.

**Líkamsræktin:**
Rope Yoga. Núna er ég að prófa námskeið í Rope yoga-setrinu sem





heitir Gló-motion. Hægt að lesa um það á netinu.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara?**
Mmm, vá af mörgu er að taka. Latte í „take away“-bolla kom fyrst.

**Mesti lúxusinn:**
Sumarhúsin sem ég hef aðgang að, takk.

**Bíllinn minn er:**
Farartæki.



**Stjörnumerki:**
Ljón, rísandi bogmaður, tungl í hrút.

**Lífsmottó:**
Meinarðu svona „ég er kærleikur“?

inn er frá guðdómnum – æðri máttur. Þá geta þeir klifið fjall hreinsunarinnar, upprætt rót synda sinna og þvegið af sér dreggjar sjálfshyggjunnar. Þá fyrst geta þeir séð með sínum innri augum og lifað í Paradís í stuði með guði og englunum, en enginn kemst út úr helvíti sem reynir að réttlæta syndir sínar,“ bætir hún við.

### *NÝ GILDI*

Halldóra hefur tileinkað sér vistvænan lífsstíl sem hefur ýmsa kosti í för með sér og í kjölfar kreppunnar telur hún að margir muni þurfa að gera slíkt hið sama.

„Það verður svolítið töff að sleppa hendinni af einhverju sem maður hefur vanið sig á. Hvað vitum við hvað mun gerast? Ég sé engar stórkostlegar breytingar hjá mér sjálfri því ég hef til dæmis ekki verið að kaupa dýr föt á börnin mín. Ég er mjög umhverfisvæn í hugsun, finnst að föt eigi að ganga manna á milli, að fólk eigi að endurnýta og ég fer með hluti í Sorpu, svo þeir fái annað líf, og ég versla í Góða hirðinum,“ segir Halldóra sem hefur meðal annars sótt námskeiðið Vistvernd í verki hjá landvernd.is.

„Ég hélt að það væri rosalega dýrt að vera vistvænn, en eftir námskeiðið lækkuðum við fjölskyldan til dæmis orkureikninginn okkar um helming og lækkuðum bensínkostnað með sparakstri. Við hættum til dæmis að kaupa djús í fernum og jógúrt í dósum fyrir börnin og fyrir vikið varð skólanestið bæði hollara og ódýrara. Við höfðum alls kyns þarfir sem við héldum að við værum að missa, en vorum í rauninni að bæta lífsgæði okkar og hættum að versla ýmislegt vegna vistverndarsjónarmiða. Sparakstrinum fylgir líka miklu afslappaðra aksturslag, en maður er alveg jafn fljótur á áfangastað því maður er ekki að bremsa og taka af stað endalaust,“ segir Halldóra sem ætlar að taka sér sex mánaða námsleyfi frá vinnu eftir áramót og setjast að í Frakklandi ásamt eiginmanni sínum og tveimur yngri börnum.

„Maðurinn minn er hálf-franskur svo við eigum að hluta til franska fjölskyldu. Viðburðir síðustu vikna krefjast þess þó að maður hugsi hlutina upp á nýtt. Mig langar til að læra tungumálið og við munum setjast að í Suður-Frakklandi í janúar, ef guð lofar,“ segir Halldóra að lokum.



**Uppáhaldsárstími:**
Sumarið.

**Best geymda leyndarmálið í Reykjavík?**
Fjaran hér í Skerjafirðinum.

## FRIÐRIK WEISSHAPPEL

**Sóley Kristjánsdóttir**

**ÁHRIFA-valdurinn**



Ætli hann Frikki Weiss sé bara ekki stór áhrifavaldur í mínu lífi. Ég hef alltaf dáðst að því hvað hann er hugmyndaríkur og duglegur að koma hugmyndum í framkvæmd. Árið 2002 stundaði ég stað sem hét Kaupfélagið sem Frikki hannaði, smíðaði og rak. Þar var alltaf mikið um að vera; fræg bingókvöld á mánudögum, margrómuð ambientkvöld á miðvikudögum og svo auðvitað frábærar helgar með dansgólfi og danstónlist. Á ambient-kvöldunum var rauðvín á tilboði, Lalli Palli og Freyr Frostason sáu um tónlistina og Halli Hansen sá um að veita gestum axlanudd. Miðvikudagar urðu stór dagur í mínu lífi af því mér fannst ambienttónlistin frábær og svo fór ég að koma auga á þennan Frey sem stóð við græjurnar.

Ég spurði Frikka hvaða foli þetta væri og þá stóð ekki á svari, þetta væri bara einn flottasti gæinn á götunni. Frikki fór að sjálfsögðu með þetta beint í Frey en ég sá hrikalega eftir því að hafa blaðrað þessu. Ég varð því frekar feimin í kjölfarið, en innan nokkurra vikna vorum við orðin óaðskiljanleg og í dag erum við gift og eigum eina dóttur saman. Frikki á því algerlega heiðurinn að því að við kynntumst og hann er líka mjög duglegur að minna okkur á það.




N O R D I C A S P A

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



**Rannveig I. Marelsdóttir** 48 ára
bókari hjá Mannviti

**Björk Baldvinsdóttir** 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

*Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.*



**Styrmir Þór Bragason** 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

*Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.*



**Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir** 27 ára
Hjúkrunarfræðingur

**Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir** 32 ára
Viðskiptafræðingur

*Við systurnar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.*



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: **6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

### 1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

### 2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

### 3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

### 4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

## Ný námskeið hefjast 3. nóvember

**Skráning** er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

# útlit

✻ taktu mömmu þína með í Kringuna



**KARLMENNSKA Í FLÖSKU** Cartier Roadstar er nýr herrailmur sem fær hverja konu til að kikna í hnjáliðunum. Það er fátt karlmannlegra en ilmurinn sjálfur og flaskan er feikilega falleg. Alvörur töffarar mega ekki missa af þessu …

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is

## ÞEGAR MAMMA FÓR TIL SVÍÞJÓÐAR



Um daginn ákvað ég að fara aftur í tímann og tileinka mér ákveðnar aðferðir sem ég lærði þegar ég var 11 ára. Í flestum tilfellum mæli ég ekkert sérlega með því að púkka upp á eldgömul förðunartrikk en þetta er ein af undantekningunum. Til að framkvæma þessa aðgerð þarf eingöngu augnblýant og stabíla hönd. Ráðið er einfalt, blýanturinn er borinn inn í augnkrókinn allan hringinn og útkoman er nokkuð fersk og hressandi. Ég lærði þetta af vinkonu minni þegar við fórum saman í Vindáshlíð og í raun er þetta eina minningin úr ferðinni og flokkast því líklega undir hápunkt hennar …

**HEIMKOMA MÖMMU** Þessa dagana nota ég þetta gamla ráð óspart og þegar ég mætti í boð um daginn fékk vinkona mömmu svolítið fyrir hjartað. Svo leit hún á mig og sagði að ég væri alveg eins og mamma þegar hún kom heim frá Svíþjóð á áttunda áratugnum. Í fyrstu var ég ekki alveg að fatta að um hrós væri að ræða en áttaði mig fljótt þegar ég heyrði söguna af heimkomu mömmu í heild sinni. Fyrrnefnd heimkoma er nefnilega enn þá greypt í huga vinkvenna hennar vegna þess að þær höfðu aldrei séð aðra eins skvísu. Svíþjóðartískan var líka svolítið heimsborgaralegri en stúlkur þekktu í Reykjavík og svo má ekki gleyma því að fyrsta ABBA-æðið blómstraði á þessum tíma með tilheyrandi glamúrfötum, glossum og svörtum augum.

**LEITAÐ AFTUR Í TÍMANN** Þegar við mæðgur heimsóttum Kringluna í síðustu viku kom Svíþjóðarferðin aftur til tals. Móðir mín fullyrti að fötin væru öll í anda Svíþjóðardressanna og af röddinni að dæma var það merki um mikinn gæðastimpil. Þegar ég sýndi henni nýjustu línuna frá Designers Remix, sem er seld í Companys, fullyrti mamma að hún hefði átt svipuð föt fyrir þrjátíu árum. Það er kannski ekkert ólíklegt því línan frá Designers Remix er búin til upp úr þrjátíu ára gömlum sniðum frá In Wear. Fyrst við vorum saman komnar í þessari skemmtilegu búð mátti ég til með að máta nokkrar flíkur og þegar ég kom út úr mátunarklefanum var mamma búin að borga brúsann. Þar með bættist nýtt ráð á kreppulistann – að taka mömmu sína með í Kringluna og láta hana splæsa … Takk fyrir kjólinn, mamma!

## Heitt súkkulaði

**Ef þú elskar súkkulaði þá ætti nýja línan frá Estée Lauder að heilla þig. Prófaðu augnskuggapallettuna Carmel Truffle þar sem heitir brúnir tónar fá að njóta sín með örlitlum gylltum áhrifum. Varalitirnir bragðast eins og súkkulaðimús. Til að fá hið fullkomna útlit fyrir veturinn skaltu fá þér buxnadragt úr ull, peysur eða satínblússur í heitum gylltum tónum.** *- mmj*



**Creme Caramel-púður** Þetta púður er eins og mjólkursúkkulaði. Það má nota eitt og sér eða blanda því til að fá fallega áferð.

Nýjasta línan frá MAC kemur úr smiðju Emanuels Ungaro

# HIMNASENDING FYRIR LJÓSA HÚÐ

Hönnuðurinn Emanuel Ungaro á heiðurinn að októberútlitinu frá MAC en hann vann hana í samvinnu við Esteban Cortazar sem starfar hjá honum. Förðunarlínan sem er nefnd í höfuðið á Emanuel Ungaro er í takt við fatalínu hans fyrir haustið 2008. Rómantíkin ræður ríkjum með mjúkum og hlýjum litum. Herra Ungaro vill hafa kvenpeninginn með ljósbleikar varir, bleikar kinnar og mjúkar skyggingar í kringum augun. Þeir Emanuel og Esteban sóttu innblástur í verkið „Water Lilies“ eftir Monet. Kvenleikinn á að skína í gegn en línan er eins og klæðskerasniðin fyrir ljósa húð norðursins. Við erum að tala um fallega húð, roða í kinnar og blik í augu … *- mmj*




Pure Rosa frá MAC.

Soft Flower-augnskuggi

Fresh Morning.

Mineral-augnskuggi

Gwyneth Paltrow elskar Dr. Andrew Weil-vörurnar frá Origins

# Undrakremið sem talað er um



PlantidoteTM Mega-Mushroom Face Serum frá Origins er öflug vörn fyrir húðina. Það kemur beint úr smiðju Dr. Andrew Weil sem er stærsti náttúrulækningagúrúinn í Ameríku. Hans hugmyndir eru að við ættum ekki að setja neitt á húðina sem við myndum ekki setja ofan í okkur og því er þetta meðal fárra snyrtivara sem má borða. Í Mushroom-línunni er öflug vörn fyrir húðina og efnin í línunni henta vel fyrir mjög þurra, rauða, hrukkótta og viðkvæma húð. Leikkonan Gwyneth Paltrow sagði í viðtali við Q&A að hún vildi bara náttúrulegar snyrtivörur og bar þessari línu vel söguna. Aðdáendum Mushroom-línunnar fer fjölgandi.... *- mmj*




**Þurr húð** Þeir sem eru með þurra húð hafa tekið ástfóstri við dagkremið úr Mushroom-línunni frá Origins.




**PlantidoteTM Mega-Mushroom Face Serum** Dregur úr flekkjum og þurrkablettum á húðinni.



Wrangler®

gegn verðbólgunni!

Afsláttur af buxum og skyrtum þessa dagana.

Wrangler® & Vinnufatabúðin

Laugavegi 76


LAGERSALAN
Í FULLUM GANGI!
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
FRÁ KR.
2.990m²
GEGNHEILT
EIKARPARKET
ALLT AÐ
60%
AF 60, 70 OG 90 SM
INNIHURÐUM FRÁ
ÞÝSKALANDI
ALLT AÐ
50%
AF PLASTPARKETI
FRÁ KR.
2.490m²
GÆÐAPARKET
ALLT AÐ
80%
AF GEGNHEILU
PARKETI
ALLT AÐ
70%
AF LEÐURFLÍSUM
Á GÓLF OG VEGGI
KYNNTU ÞÉR SPENNANDI PAKKATILBOÐ!
LAGERSALA Í KJALLARA VERSLUNAR OKKAR Í ÁRMÚLA 23
P.O.G.
PARKET OG GÓLF
Ármúla 23
Sími: 568 1888
www.pog.is
Opið virka daga 9 - 18
Laugardaga 10 - 14

# tíðin

✻ peningar búa ekki til hamingju

### TÓNLEIKAR Á Q BAR

Danni Deluxe hitar upp fyrir Sometime á Q Bar annað kvöld. Tónleikarnir hefjast á miðnætti og þúsund króna aðgangseyrir rennur óskiptur til hljómsveitarinnar Sometime, sem er að fara að spila í Árósum og Kaupmannahöfn. Ekki láta þig vanta í tónlistarveislu á Q Bar.

### EIN-STÖK-BRJÓST

Ljósmyndasýningin Ein-stök-brjóst verður opnuð í Glæsibæ klukkan 14 á morgun. Allur ágóði af verkefninu rennur til tækjakaupa fyrir rannsóknir og greiningu brjóstakrabbameins á Landspítalanum. Alls 100 ljósmyndir verða til sýnis og dansverkið Barátta verður frumflutt.

## DÍANA MIST

**Fimmtudagur 16. október:** **Í massívri makaleit**

Jæja, þar kom að því. Ég var rekin. Þetta var reyndar búið að liggja í loftinu en einhvern veginn hélt ég að mín myndi sleppa. Nú er bara tvennt í stöðunni; að finna sér vel stæðan eiginmann eða aðra vinnu. Þar sem leitin að manninum hefur staðið yfir í þó nokkurn tíma án árangurs held ég að það sé brýnt verkefni núna að slaka aðeins á kröfunum. Hann þarf ekki að vera reyklaus og barnlaus og mér er eiginlega alveg sama þótt hann sé feitur, miðaldra og sköllóttur. Þegar ég ræddi þetta við vinkonu mína stakk hún upp á því að við myndum bara kíkja á Nasa áður en ég planaði framtíðina með sköllótta, feita manninum. Þar var gríðarlegt stuð. **Ragnhildur Steinunn** var á svæðinu ásamt unnustanum, **Hauki Inga Guðnasyni**. Þar voru líka **Eliza Newman**, hjónin **Helga Vala Helgadóttir** og **Grímur Atlason**, **Óli Palli**, **Mugison**, **Arnar Gunnlaugsson** og **Pattra**, **Ragga Gísla** og **Bryndís**, dóttir hennar, og vatna-**Jón Ólafsson** sást á svæðinu. Einhvern veginn rakst ég ekki á nokkurn mann sem hugsanlega gæti framfleytt mér þannig að ég fór ein heim, blúsuð en …







**Föstudagur 17. október:** **djamm, djús og dinglumdongl**

Var allt of súr til að fara út úr húsi. Djammaði á Facebook, drakk síðasta bjórinn úr ísskápnum og reyndi við gamla kærasta … Verð örugglega vinsælasta týpan núna! En mér er fokk sama. Frétti samt að **Rottweilerhundarnir** hefðu gert allt vitlaust á Prikinu. Þar var líka **Þórunn Antonía** og **Júlli Kemp …**

**Laugardagur 18.október:** **Ást á Ellen Kristjáns**

Þessi eymd mín gekk ekki lengur. Ákvað að rækta gyðjuna innra með mér og í framhaldinu kíkti ég á Trúbatrix-hátíðina sem haldin var á Rósenberg. Kíkti á **Lay Low**. Þar voru **Helena** dansari, **Eliza** og **Darren Forman** leikari og **Snæfríður Ingadóttir** blaðamaður. Þar var líka **Bjartur**, sonur **Andreu Gylfadóttur**, sem skaust á sviðið milli atriða og söngladi eitt lag. Var alveg heilluð af **Ellen Kristjánsdóttur** sem steig á svið með **Elínu** og **Betu**, dætrum sínum, og pabbinn spilaði undir. Er ekki frá því að þessar syngjandi mæðgur hafi bara bjargað helginni og allri eymdinni. Það var svo gaman að ég nennti varla að staupa mig – hef ekki lent í þessu lengi.










## TOPP 10



## AÐALBJÖRG ÓSK GUNNARSDÓTTIR

**Ungfrú Reykjavík**




**OFFICE-SPILIÐ** Ég er mjög mikill aðdáandi Office. Þetta er besta spil í heimi og gengur út á að vita hver sagði hvað og hvað gerðist í þáttunum.



ÁRNI JÓN GAF MÉR ÚRIÐ Í SUMARGJÖF



BÍLLINN ZORRO



TÖLVAN



RÚMIÐ MITT



NÝJASTA TÝPAN AF iPOD



BJÓRDÆLAN



**KÖRFUSTÓLLINN** Mamma og pabbi höfðu átt þennan körfustól lengur en mig þegar þau gáfu mér hann og hann er klárlega uppáhaldshúsgagnið mitt.



FATASKÁPURINN



HÁLSMENIÐ

Ný lína frá Fríðu Jónsdóttur skartgripahönnuði

# Hrúðurkarlar og skollakoppar

„Ég ákvað að vera með sjávarþema í tilefni afmælishátíðar Hafnarfjarðarbæjar, sjávarlínu sem tengd er inn í fjörðinn, og þar af leiðandi höfum við flett í bókum og farið í fjöruferðir til að sanka að okkur þangi, kuðungum og fleiru,“ segir Fríða Jónsdóttir gullsmiður þegar hún er spurð út í nýju línuna. Fríða hefur einna helst notað bóluþang, skollakoppa (ígulker) og hrúðurkarla við hönnun gripanna og búið til fjölbreytta og fallega hringa, hálsfestar, armbönd og eyrnalokka bæði úr oxideruðu silfri og venjulegu silfri, og skreytir sumt fallegum náttúrusteinum. „Ég er alltaf að leita að formum og við erum hér svo nærri hafinu að ég held það hafi mikil áhrif á okkur, bæði meðvitað og ómeðvitað. Bóluþangið til dæmis er alveg ótrúlega fallegt, þetta er svo fullkomið,“ segir hún. *- mmj*



**Leitar í fjöruna** Fríða Jónsdóttir skartgripahönnuður á heiðurinn að þessum hringum.


HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
Leitaðu nýrra leiða í dag
7 námsleiðir að hefjast
Aukið námsframboð í öllum deildum
Háskólinn á Bifröst stóreykur nú námsframboð sitt. Ákveðið hefur verið að taka nú þegar inn nýja nemendur í fjarnámi í frumgreinadeild og í allar háskóladeildir í grunnnámi. Einnig verður boðið upp á hið geysivinsæla námskeið Máttur kvenna I. Um áramót verða teknir inn nemendur í meistaranám í alþjóðlegum viðskiptum og menningarstjórnun í staðnámi. Fjarnám til MS gráðu í stjórnun heilbrigðisþjónustu og MA gráðu í skattarétti hefst einnig um áramót.
Það er stefna Háskólans á Bifröst að námsleiðir hans veiti nemendum yfirburðastöðu á vinnumarkaði þegar námi lýkur. Gríptu því einstakt tækifæri til aukinnar menntunar sem skapar þér forskot.
Fjarnám í frumgreinadeild
– hefst í þessari viku
Fjarnám til BS/BA gráðu
– hefst 27. okt. Um áramót geta nemendur valið að hefja staðnám í viðskiptafræði, viðskiptalögfræði, HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) eða haldið áfram fjarnámi við viðskiptadeild
MA nám í skattarétti
– hefst um áramót í fjarnámi
MS nám í alþjóðlegum viðskiptum
– hefst um áramót í staðnámi
MA nám í menningarstjórnun
– hefst um áramót í staðnámi
MS nám í stjórnun heilbrigðisþjónustu
– hefst um áramót í fjarnámi
Máttur kvenna I
Byrjaðu námið nú þegar!
WWW.BIFROST.IS
Allar nánari upplýsingar má nálgast á bifrost.is eða í síma 433 3000.
FRUMGREINADEILD
VIÐSKIPTADEILD
LAGADEILD
FÉLAGSVÍSINDADEILD
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY
ENNEMM / SÍA / NM35823

## KLINGENBERG SPÁIR



### Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir söngkona



Söngkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, er fædd 10.09.1982. Sigríður Klingenberg segir að hún sé því talan 3. „Talan 3 er listamannstala og gefur fólki extra kraft til sköpunar, gefur manni frjósemi og takmarkalaust hugmyndaflug. Það langbesta sem getur komið fyrir fólk með töluna þrjá er að því sé storkað og að það þurfi að brjótast út, því talan þrír getur haft mikla hæfileika en nennir oft ekki að framkvæma þá. Ef listamannsorkan leysist úr læðingi og það nennir að framkvæma, halda því engin bönd, Lay Low er listamaður af guðs náð, horfir á heiminn svolítið öðrum augum en við. Einlægni er hennar aðalsmerki og það skín í gegn, þess vegna verður hún elskuð af öllum. Hún er á mjög hröðu ári í ár. Það er mikið tilfinningaár sem mun færa henni betri og bjartari framtíð. „Lay Low á oft jafnvel erfitt með að átta sig á hvort hún sé ástfangin eða ekki. Það er ríkt í henni að elska marga í einu, svo hún dreifir ástinni allt í kringum sig. Mér sýnist að hún hafi lent svolítið í ástarsorgum og það er einn af þeim þáttum sem gerir hana að stórkostlegum listamanni. Líf hennar hefur verið erfitt og stormasamt og þar af leiðandi er enn þá meiri tilfinning í öllu sem hún gerir. Hún mun oft reyna að fara erfiðari leiðina til að storka sjálfri sér og örlögunum. Næsta ár verður frábært hjá Lay Low, eins og síðastliðin ár, í sambandi við framleiðslu og söng. Hún mun festa rætur meira erlendis en hún hefur jafnvel áhuga á, en Ísland gefur henni kraftinn því hjartastöðin hennar er tengd inn í íslenska orku. Framtíð hennar verður litrík og enginn mun gleyma henni,“ segir Klingenberg.

## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Arnar Gauti Sverrisson sjónvarpsmaður

**1** Vinna til hádegis í GK Reykjavík.



**2** Ná í París og Kiljan Gauta, börnin mín, og borða með þeim á Caruso. Þau elska þann stað.

**3** Rölta í bænum og fara í Iðu bókabúð sem er fastur liður hjá okkur í fjölskyldunni. Þar verslum við bækur, enda ótrúlega skemmtilegir titlar í boði og barnahornið er vinsælt hjá París og Kiljan.





**4** Undirbúa „surprise“ sumarbústaðarferð fyrir Öllu, konuna mína.

**5** Njóta þess að vera með fjölskyldunni í sumarbústað og elda góðan mat. Ætli við myndum ekki slá upp ítalskri veislu.







Guðjón og húskarl hans, Kristófer Ari, vinna við að laga sjóvarnargarðinn við Skildinganes. Þar er grjótið allt sæbarið og þarf sérstakrar aðferðar við. „Gaman að fást við það," segir hleðslumeistarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Tengja verkið frumöflum

**Gömul handbrögð við grjóthleðslu og reftingu eru Guðjóni Kristinssyni töm. Hann verður kennari á námskeiði á vegum Endurmenntunarskólans og Skógræktarinnar sem haldið verður tvær helgar í nóvember.**

„Við erum að hugsa um að byggja eldiviðarkofa skammt frá bænum á Elliðavatni og hlaða upp hlóðir líka. Hafa verkið tengt frumöflunum," segir Guðjón frá Dröngum kankvís þegar hann er inntur frétta af námskeiði í grjóthleðslu hjá Endurmenntunarskólanum.

„Eldstæðið yrði utan við kofann og til að kynda upp í þeim yrði þurr eldiviður sóttur í kofann. Nóg er til af honum hjá Skógræktinni sem alltaf er að grisja," heldur hann áfram. „Svo er meiningin að nota viðinn úr skóginum og smíða trégrind í húsið úr honum. Kenna fólki að nota sleggju og fleyg og rífa við í áreftið. Þannig lærir það hvernig á að byggja hús með sleggju, fleyg og hamri. Kannski förum við aftur á söguöld í vinnubrögðunum og notum bara tré en sleppum járnnöglum. Það er hægt að fella saman tré þannig að það læsist og svo má líka nota trétappa. En þetta er allt á frumstigi enn og ýmsar vangaveltur í gangi."

Að sjálfsögðu verður byrjað á að hlaða tóftina. En hvar fær Guðjón grjótið? „Við erum að kanna það. Víða hafa verið sprengdir grunnar og kannski má tína eitthvað úr þeim. Ég verð að fara á snöp."

Ekki kveðst Guðjón ætla að höggva grjótið til. „Við höfum grjótið að innanverðu í tóftinni og svo torf og grjót að utanverðu. Þá verður húsið með tíð og tíma grasi gróið að utan en heldur vel styrknum vegna grjóthleðslunnar."

Guðjón segir áhuga meðal almennings á þessum gömlu vinnubrögðum. Hann sér fyrir sér áhugavert fornaldarsamfélag við Elliðavatn. „Ég tel góða möguleika á að setja upp bú, þar sem kindur yrðu mjólkaðar og fólk væri að vinna við náttúrulegar aðstæður. Umhverfið er stórkostlegt og alveg við borgarjaðarinn," segir hann brosandi.

*gun@frettabladid.is*


## Virkjum sköpunargleðina

### Haustkrans – efniviður skógarins

Sýnikennsla og leiðsögn við gerð kransa úr efnivið skógarins. Námskeiðið er í samstarfi við Endurmenntun LbhÍ og Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** Lau. 25. okt. frá kl. 10:00 – 15:00 að Elliðavatni.

### Aðventuskreytingar

Þátttakendur setja saman sínar eigin jólaskreytingar undir handleiðslu fagmanns. Námskeiðið er í samstarfi við Endurmenntun LbhÍ og Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** Lau. 22. nóv. að Elliðavatni.

### Grjóthleðsla

Farið verður í grunnatriði grjóthleðslu og þátttakendur fá verklega þjálfun. Námskeiðið er í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** 2. nóv. og 15. nóv. að Elliðavatni.

Nánari upplýsingar **www.tskoli.is/namskeid** eða með því að senda tölvupóst á ave@tskoli.is

zetor

Endurmenntunarskólinn
Tækniskólinn



# máttur

## Námskeið í nóvember

### Hásetafræðsla - námskeið fyrir aðstoðarmenn í brú

Fræðsla og þjálfun sem uppfyllir lágmarksskilyrði til varðstöðu í brú á stoðsviði.

**Tími:** 3. – 4. nóv.

### Smáskipanámskeið (12 metrar)

Námskeiðið kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (pungapróf) og miðast atvinnuskírteini við skip, 12 metrar og styttri.

**Tími:** 3. nóv. – 8. des.

### GMDSS – GOC/ROC námskeið.

**Alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið.**

Námskeiðið er kennt skv. STCW staðli um GMDSS alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið. ROC hentar m.a. þeim sem ætla að ná sér í 65 BT réttindi.

**Tími:** 6. – 14. nóv.

### Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Kennd verða bókleg atriði, sem krafist er skv. námskrá til skemmtibátaprófs, í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika.

**Tími:** 22. – 27. nóv.

### Endurnýjun skipstjórnarréttinda

Ætlað skipstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja kynna sér nýjungar í skipstjórn og endurnýja skipstjórnarréttindin.

**Tími:** 19. – 21. nóv.

## Námskeið í desember

### IMDG – meðferð á hættulegum farmi

Á námskeiðinu er fjallað um meðferð og flutning á hættulegum varningi um borð í þurrlestarskipum. Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

**Tími:** 8. – 10. des.

### IMDG – endurnýjun

Þátttakandi þarf að hafa lokið grunnnámskeiði IMDG. Endurnýjuð er þekking á reglum um meðferð og flutning á hættulegum varningi um borð í þurrlestarskipum. Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

**Tími:** 11. des. kl. 9:00-13:00.

Nánari upplýsingar um námskeiðin veitir Anna, skólastjóri Endurmenntunarskólans, ave@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

zetor

www.tskoli.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Þingholtin. Mjög góðar 2 og 3 herb. íbúðir í steinhúsi á annari hæð með svölum. Laus strax. S. 861 6841 / 841 7981.

3ja herb. íbúð í Hraunbæ, 110 Rvk. Leiga 129.000. Bankaábyrgð. S: 8983420

Til leigu falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð ásamt sér bílastæði að Ástúni 8 í Kópavogi. Leiguverð ca. 130þkr. - Íbúð er laus strax. Upplýsingar í síma 698 2442.

105 fm. 3 herb. íbúð á svæði 112 til leigu. Leiguv. 130 þ. 1 mán. fyrirfram + trygging. Uppl. imenn@imenn.is. s. 661 5050.

3ja herb. íbúð til leigu í Hafnafirði. Verð 110 þús. Uppl. í s. 865 1349.

Kosý rumgóð risibúð á Lokastíg i miðbænum til langtimaleigu 95.000 án reikninga. Uppl. í s. 855 1103.

Til leigu herbergi í miðbæ Kóp. með húsg. og intern. Aðgangur að baði og eldh. 40 þús. á mán. Uppl. í s. 616 9194.

3-4 herb. íbúð á 3hæð í Hveragerði. Mjög rúmg. & björt. S. 662 3101.

Sæt 56 fm íbúð v. Háaleitisbraut. Leiga 98þ. m. hússjóð + trygging. Partur af húsg. geta fylgt. Uppl. í s. 695 8772.

Íbúð í Vesturbæ Til leigu 3 herb íbúð á 2.hæð í blokk við Kaplaskjólsveg. Leiga 100 þús á mánuði. Uppl gefur Davíð í síma 8639105.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Mjög góð 4 herb. útsýnis íbúð á Kleppsvegi. V. 140 þ. Uppl. í s. 898 0187.

Herbergi til leigu við Bólstaðarhlíð. Uppl í s. 553 1760 eða 892 2001.

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

### Húsnæði óskast

3 herbergja íbúð óskast helst í Breiðholti annað kemur til greina greiðslugeta 85 -100 000 pr. mánuð. Uppl. í síma 861 2645, Bergleif.

36 ára kk óskar eftir taka á leigu lítið herb. í Garðabæ. Ensku & getur talað íslensku. S. 618 2040.

### Sumarbústaðir

Komdu peningnum fyrir þar sem hann rýrnar ekki. Sumarhúsalóð í landi Klausturhóla í Grímsnesi. 1 hektari að stærð, klukkutími frá Reykjavík. Lóð sem er ekki ofaní þjóðvegi. Upplýsingar í síma 699 7543 Lárus.

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu 55 fm bil í Helluhverfinu Hafnarfirði. Gott milliloft með kaffi- og salernisaðstöðu. Nánari uppl. í síma 820 4497.

Óska eftir atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu ca. 60-100 fm. með milliloftum. Uppl. í s. 845 8023.

108 fm lager/skrifstofuhúsnæði til leigu í Síðumúla. Uppl. í s. 897 3710.

Skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla, Rvk. Laus eitt eða fleiri herbergi í glæsilegu húsnæði. Hægt að leigja herbergin með skrifstofubúnaði. Sími 894 1949.

Atv.húsn til leigu að Stórhöfða 17. Rvk. 65fm. 95þ. pr. mán. S. 693 2277.

Til leigu 125 fm iðnhúsnæði á jarðhæð á Smiðjuvegi (gul gata), með stórri og góðri innkeyrsluhurð. Uppl. í s. 892 5767

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

### Geymsluhúsnæði

Vetrargeymsla á höfuðborgarsvæðinu Tjaldvagnar, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Gott verð Sími 893 9950.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**Nú fer hver að verða síðastur !**
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gisting í Köben.Stúdióíbúðir jonasis@mail.dk. www.sitecenter.dk/jonaso Sími+4531106412

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Þú getur haft góðar tekjur í LR. Hafðu samband í s. 662 5599 eða 699 7379.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

### Atvinna óskast

ÍSLENSKUR RAFSUÐU/JÁRNSMIÐUR ÓSKAR EFTIR VINNU. LAUS NÚ ÞEGAR. MEÐ PRÓFSUÐURÉTTINDI. UPPL. Í S. 845 7945.

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413 Marteinn. Rvk og kefl.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## TILKYNNINGAR

### Fundir

FERÐA & ÚTIVISTARFÉLAGIÐ SLÓÐAVINIR

Aðalfundur Ferða og útivistarfélagsins Slóðavina verður haldinn laugardaginn 8. nóvember, kl. 13:00, í Bíósal Hótel Loftleiða. Í lok fundar er boðið upp á kaffiveitingar og myndasýningu. Á dagskránni eru hefðundin aðalfundastörf. Nánari upplýsingar um dagskrá og tillögur að lagabreytingum má sjá á vef félagsins, www.slodavinir.org. Rétt til setu á aðalfundi hafa einungis þeir sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins.

### Tilkynningar

**BAR POLONIA**
**ZAPRASZAMY WSZYSTKICH BARDZO SERDECZNIE NA POLSKE PARTY!**
**SUPER MUZA, SUPER ZABAWA TYLKO W BARZE POLONIA.**
**PIWO 0,5L 500KR**
**POCZATEK IMPREZY GODZ 22.00**
**ZAPRASZAMY W KAZDY PIATEK I KAZDA SOBOTE. w przyszlym tygodniu zapraszamy do odwiedzania naszej strony internetowej www.barpolonia.is**
**Hafnarfjörður - Flatahraun 21 - S. 555 23292.**

### Einkamál

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Nýjar dömur**
hafa verið að skrá sig í hóp yndislegu kvennanna hjá Rauða Torginu undanfarið. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). www.raudatorgid.is

**Yngri en hún**
Heit kona á besta aldri vill kynnast sér töluvert yngri manni. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8866.

**908 6969 símatorg**
Hæ ég er 22 ára ljóshærð, grönn og sæt ég hef ekki mikla reynslu, langar þig að kenna mér eitthvað í kvöld? Ég er pínu feimin en ég treysti þér. Enginn símsvari og engar tafir.

### Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

### Lagerútsala

**LAGERÚTSALA**
**LAUGARDAGINN 25. OKTÓBER FRÁ KL: 10 - 16**
**MIKIÐ ÚRVAL - GOTT VERÐ**



RAFMAGNS HANDVERKFÆRI * TANGIR * LÁSAR * KRÓKAR * TRÖPPUR * STIGAR
ÞVINGUR * LÍMBÖND * EFNAVARA * HALLAMÁL * LAMIR * SLÍPIVÖRUR * SAGIR
VERKFÆRI * OG MARGT MARGT FLEIRA

EinarÁ.
DALVEGI 16d - 201 KÓPAVOGUR (SKÁ Á MÓTI SÝSLUMANNI KÓPAVOGS)

### Til leigu

**Óska eftir að taka á leigu**

Lúxus Heilsárs hús/sumarbústað með öllu, í nágrenni Reykjavíkur. Langtímaleiga.

**Upplýsingar í síma 821 6208 eða á geir@aholding.eu**

### Tilkynningar



## Veiðigæði á Íslandi

**Málþing um stöðu og þróun stangveiði haldið 25. október á Grandhótel Reykjavík klukkan 16-18**

Haldið af Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga og Veiðimálastofnun

## Dagskrá

**Er stangveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði? Afstaða veiðimanns.**
Bjarni Júlíusson Stangveiðifélagi Reykjavíkur

**Mikilvægi veiðihlunninda og verðlagning þeirra. Verðmæti til framtíðar eða tímabundinn fengur?**
Óðinn Sigþórsson formaður Landssambands Veiðifélaga.

**Lagalegt umhverfi veiðimála hér á landi – Þáttur í eflingu veiðihlunninda !**
Árni Ísaksson, forstöðumaður Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu

**Líffræðilegar forsendur veiðinýtingar og veiðistjórnunar. Liggur framtíðin í fluguveiði til að veiða og sleppa eða hafbeitarveiði knúna af seiðasleppingum?**
Sigurður Már Einarsson deildarstjóri Veiðimálastofnun

**Þekking á vistfræði laxfiska hér á landi og færni við nýtingu þeirra. Hvað höfum við lært og hvað skortir á?**
Sigurður Guðjónsson forstjóri Veiðimálastofnunar

**Pallborðsumræður**
Fundarstjóri Ingólfur Þorbjörnsson formaður Landssambands Stangaveiðifélaga.

*Málþingið öllum opið meðan húsrúm leyfir.*
*Engin aðgangseyrir.*

### Sundnámskeið

*Sundleikfimi fyrir eldri borgara:*

Skelltu þér á mjög gott 4 vikna sundnámskeið með frábærum kennara í sundleikfimi í ***sundlaug Hótel Loftleiða.***
Námskeiðið er 2 daga í viku ***fyrir eldri borgara*** á þriðjudögum og fimmtudögum kl.14.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085 frá kl.13.00-18.00 fyrir 24. október.
Heitt á könnunni!

Hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON

# Tími til að breyta

**UMRÆÐAN**
Steinunn Rögnvaldsdóttir skrifar um samfélagsbreytingar

Nú, rétt eins og fyrir tæpum 19. árum, horfum við á þjóðskipulag byrja að hrynja til grunna. Þá byrjaði hrun sovétkommúnismans með falli Berlínarmúrsins sem var táknmynd þess þjóðskipulags. Hrun íslensku bankanna markar upphafið á falli nýfrjálshyggjunnar, sem er þjóðskipulag græðgi og sérhagsmuna. En hún fellur ekki ein, heldur tekur hún ævisparnað stórs hluta Íslendinga, sparnað sem átti að tryggja þeim áhyggjulaust ævikvöld, með sér í gröfina. Við syrgjum því ekki nýfrjálshyggjuna, heldur allt það sem hún tók frá okkur.


STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Fólk er, skiljanlega, reitt og sorgmætt. Þetta átti aldrei að gerast. Enginn getur sagt að ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir þetta. Það er óþarfi að reyna að afsaka skefjalausa græðgi með því að tala um alþjóðafjármálakreppu, einfaldlega því að við sjáum að aðrar þjóðir eru ekki jafn djúpt sokknar og við. Þetta er sárt og þetta er ósanngjarnt því íslenskur almenningur á ekki sök á þessu. En við höfum hins vegar ekki rétt á því að láta sorgina og reiðina heltaka okkur. Við skuldum komandi kynslóð að þerra tárin, standa á fætur og hefja uppbygginguna.

Tækifærin eru til staðar á Íslandi og það sem mikilvægara er, þau eru enn sameign íslensks almennings, ekki séreign þeirra sem vilja skapa af þeim gróða fyrir sig eina. Sem betur fer voru sumir allsgáðir í einkavæðingarpartíinu og stóðu vörð um það sem við erum fegnust að eiga enn þá, nú þegar skórinn kreppir að. Þau tryggðu að orkulindir landsins yrðu áfram sameign þjóðarinnar. Þau börðust með kjafti og klóm gegn markaðsvæðingu heilbrigðis- og menntakerfisins og hafa varist stöðugum árásum nýfrjálshyggjunnar á velferðakerfið síðustu ár. Þau hafa staðið með íslenskri náttúru og hafa talað fyrir jafnrétti allra í þjóðfélaginu. Og þau standa enn vaktina fyrir íslensku þjóðina, því má hún treysta.

Ísland er ekki á hausnum. Það er fiskur í sjónum, matvælaframleiðsla í sveitum, orka og fegurð í náttúrunni, duglegt fólk á öllum aldri í framhalds-, iðn- og háskólum og útflutningsiðnaður í sókn. Við höfum tækifæri til menntunar, við höfum duglegt fólk sem ekki mun draga af sér við uppbygginguna og við höfum hvort annað. Við erum nógu klók til að læra af reynslunni og byggja ekki upp sama þjóðfélagsskipulag og var við lýði til þess eins að láta það hrynja undan okkur aftur.

Það er kominn tími til að breyta. Það er kominn tími til að bæði kynin komi í jöfnum mæli að ákvarðanatöku á öllum sviðum samfélagsins. Það er kominn tími til að aflétta leynd og pukri og gefa fólki aftur trú á lýðræðisleg stjórnmál. Það er kominn tími til að taka velferð þjóðarinnar fram yfir gróðavon einstaklinga. Og það er kominn tími til að stokka spilin og gefa aftur, því síðast var vitlaust gefið.

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna.*

# *Kæri Davíð*

**UMRÆÐAN**
Snorri Ásmundsson skrifar opið bréf til Davíðs Oddssonar

Við lifum á spennandi umbrotatímum sem koma til með að breyta lífinu á heimsvísu. Óvissan um hvað framtíðin beri í skauti sér er mikil. Það er erfitt að sjá heildarmyndina og ómögulegt að sjá fyrir hvað muni gerast næst. Ég vona að þessar breytingar þroski okkur til hins betra. Fólkið í landinu hefur hingað til lagt fullt traust á stjórnvöld þegjandi og hljóðalaust og treyst þeim fyrir lífi sínu og það heldur enn í þá von að þau muni bjarga málunum. En nú erum við að vakna upp við vondan draum, við settum allt okkar í rangar hendur. Við erum því öll sek, fyrir að vera of leiðitöm.


SNORRI ÁSMUNDSSON

Þú, Davíð Oddsson, sem hefur stundum verið kallaður farsælasti stjórnmálamaður Evrópu síðustu aldar, ert líka sekur. Eðlilega ertu fullur af sektarkennd og vilt fyrir alla muni bæta fyrir brot þín, og það gerirðu með því að fela öðrum þér hæfari að taka til. Nú ættir þú að játa þig sigraðan. Játa þig sigraðan fyrir sjálfinu því sjálfið þitt er ekki bara hættulegt sjálfum þér heldur allri þjóðinni. Það er stór sigur sem vinnst við að viðurkenna vanmátt sinn. Þá fyrst á maður séns. Andstæðan við eigingirni er samkennd. Það er auðmýkjandi og mannbætandi að játa sig sigraðan og, kæri Davíð, þegar þú játar þig sigraðan byrjar þú stórkostlegt andlegt ferðalag og einmitt núna þurfum við mest á andanum að halda því hann kemur í staðinn fyrir efnishyggjuna. Þetta eru undraverðir uppskerutímar þar sem græðgin og eigingirnin lenda í syndaflóðinu og andinn, auðmýktin og samhygðin fá að njóta sín. Ég er sammála þér að Alþingi ætti að leysa upp því það svaf líka á verðinum og það ætti að skipa þjóðstjórn fagmanna.

Kæri Davíð, ég skora á þig að gefast upp og segja starfi þínu lausu sem seðlabankastjóri og opna faðm þinn fyrir andlega ferðalaginu. Treystu öðrum fyrir stjórninni og beindu stjórnsemi þinni á önnur og jákvæðari mið.

*Höfundur er myndlistarmaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






**BILL WYMAN ER 72 ÁRA Í DAG.**

*„Við reyndum alltaf að spila á skrítnum, litlum stöðum ef við gátum.“*

***Wyman var bassaleikari The Rolling Stones á árunum 1962 til 1992. Síðan 1997 hefur hann verið í hljómsveitinni Bill Wyman's Rhythm Kings.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. OKTÓBER 1945

## *Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar*

Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) voru stofnaðar á þessum degi árið 1945. Samtökin eru alþjóðasamtök sem öll viðurkennd sjálfstæð ríki eiga aðild að, nema Vatíkanið, alls 192 ríki. Vatíkanið hefur þó varanlegan áheyrnarfulltrúa.

Höfuðstöðvar SÞ eru í New York en samtökin skiptast í nokkrar stofnanir. Þær eru allsherjarþingið, öryggisráðið, gæsluverndarráðið, efnahags- og félagsmálaráðið, aðalskrifstofan og alþjóðadómstóllinn.

Að auki tilheyra samtökunum fjölmargar undirstofnanir, svo sem UNICEF og WHO. Valdamesti embættismaður Sameinuðu þjóðanna er aðalritarinn. Núverandi aðalritari er Ban Ki-moon frá Suður-Kóreu. Hann tók við embættinu 1. janúar 2007.



## MERKISATBURÐIR

**1944** Kanadíski tundurspillirinn Skeena ferst við Viðey. Með skipinu farast fimmtán manns, en198 manns er bjargað og er það ein mesta björgun við Íslandsstrendur.

**1975** Kvennafrídagurinn haldinn. Íslenskar konur leggja niður vinnu á degi Sameinuðu þjóðanna á alþjóðlegu kvennaári til þess að sýna fram á mikilvægi kvenna í atvinnulífinu.

**1975** Sjónvarpsútsendingar í lit hefjast hjá Ríkisútvarpinu.

**1987** Sykurmolarnir eru á forsíðum tveggja virtustu tónlistarblaða Bretlands. Í kjölfarið selst plata hljómsveitarinnar í einni milljón eintaka.





# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á nokkrar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvennasögusafnsins, www.kvennasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm, er hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.

## AFMÆLI



**Roman Abramovich** auðjöfur er 42 ára.



**Caprice,** fyrirsæta og leikkona, er 37 ára.



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Hjaltason**
Víkurbraut 28, Höfn,

andaðist á hjúkrunarheimilinu á Höfn miðvikudaginn 22. október. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju, föstudaginn 31. október kl. 14.00.

**Aðalheiður Geirsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** — **Sigurjón Arason**
**Anna Sigurðardóttir** — **Gunnar Þór Árnason**
**Halldóra Sigríður Sigurðardóttir** — **Jóhannes Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elsku hjartans sonur okkar, bróðir, barnabarn, barnabarnabarn og frændi,*

**Freyþór Fannar Pétursson**
Dynsölum 6, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 18. október 2008. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 24. október kl. 13.

**Fjóla Ólafsdóttir** — **Pétur Bjarni Guðmundsson**
**Hrefna Karen Pétursdóttir**
**Hrefna Sigurðardóttir** — **Ólafur Björn Björnsson**
**Pálína Bjarnadóttir** — **Torbjorn Wilhelmsen**
**Páll Sölvason**
**Ólafur Haukur Ólafsson** — **Sigurlaug Vilhjálmsdóttir**
**Arna Guðmundsdóttir** — **Valdimar Gunnarsson**
**Íris Guðmundsdóttir**
**Hera Guðmundsdóttir** — **Haraldur Jónsson.**




**ELLIHEIMILI BREYTT Í ÍSLANDSSETUR** Hér eru meistarar Íslandssetursins, sem hafa stjórnað endurbótum á húsnæðinu undanfarna mánuði, samankomnir, en Baldvin situr fyrir miðju. MYND/ÚR EINKASAFNI

**BALDVIN BJÖRNSSON:** HEFUR STOFNAÐ ÍSLANDSSETUR Á LÁLANDI Í DANMÖRKU

# Opnar dyr að dönsku samfélagi

Íslandssetur var opnað á dögunum á Láglandi í Danmörku. Fyrirtækið Izland ApS, sem er að mestu í eigu Baldvins Björnssonar, stendur að baki Setrinu sem er hugsað sem stökkpallur fyrir Íslendinga inn í danskt samfélag.

Íslandssetrið er gistiheimili þar sem í boði er fullt fæði og húsnæði. Þar er hægt að velja um allt frá einstaklingsherbergjum til stúdíó-íbúða. Gestir Setursins hafa aðgang að margvíslegum hagnýtum upplýsingum um atvinnuleit og öðru sem málir skiptir. Í boði er aðstoð og ráðgjöf varðandi atvinnuviðtöl og umsóknir. Þeir sem þess óska geta sótt dönskunám í Menntaskólanum í Maribo en danskan er mikilvæg fyrir aðlögun og atvinnumöguleika.

„Hugmyndin að Íslandssetrinu hefur átt sinn aðdraganda. Óformleg viðhorfskönnun meðal íslenskra innflytjenda gaf til kynna að þörf væri á tryggum samastað strax við komuna til landsins, góðu aðgengi að upplýsingum og aðstoð við leit að vinnu og framtíðarverustað,“ segir Baldvin.

Í framhaldi af könnuninni var ákveðið að kaupa húsnæði undir starfsemina og fyrir valinu varð virðulegt elliheimili rétt fyrir utan Maribo sem lokað hafði verið vegna sameiningar sveitarfélaga.

„Farið var í miklar endurbætur á húsinu sem reist var 1945. Þeim átti að vera lokið í byrjun árs 2009 en vegna aukinnar eftirspurnar og efnahagsástandsins á Íslandi var opnuninni flýtt og hluti Setursins tekinn í notkun fyrir nokkrum vikum.“

Baldvin hefur búið í Danmörku síðan 2001 og rekið auglýsingastofuna Inart síðustu árin. Hann er fæddur í Danmörku og hefur alla tíð haft mikil tengsl við land og þjóð.

Hann segir að þó að Setrið sé ekki staðsett í Kaupmannahöfn sé það miðsvæðis. Um 135 kílómetrar eru til Kaupmannahafnar og sama vegalengd er til Hamborgar í hina áttina. Gott samgöngunet er innan seilingar, hraðbrautir, lestarsamgöngur og rútur. Því þarf ekki að takmarka atvinnuleitina við svæðið í kring og hægt er að fara í atvinnuviðtöl vítt og breitt um landið. Þá er bílaleiga starfrækt á Setrinu.

Baldvin segir Íslandssetrið hugsað sem millilendingu fyrir þá sem vilja setjast að í Danmörku. Þar gefst kostur á að búa tímabundið í öruggu umhverfi meðal annarra Íslendinga sem hafa samskonar markmið. „Framtíðin mun svo leiða í ljós hvort hugmyndin að Setrinu sé raunhæf.“

vera@frettabladid.is

# Frumkvæði og áhættusækni

„Ég ætla að fjalla um aukna áhættusækni samfara einkavæðingu. Hlut sem ekki hefur verið rannsakaður áður,“ segir Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor við HR, sem flytur fyrirlesturinn Einkavæðing, frumkvæði og áhættusækni á ráðstefnunni Þjóðarspegillinn við HÍ klukkan 16.30 í dag. Þar fjallar hann um einkavæðinguna á Íslandi, einkum á fjármálafyrirtækjum, og ber saman við einkavæðingu erlendis.

„Ég fer í gegnum rannsóknir á einkavæðingu, sem hafa fyrst og fremst einblínt á einkavæðingarferlið sjálft og hætta þegar búið er að einkavæða. Svo áhættuþátturinn hefur lítið verið rannsakaður,“ segir Þröstur.

Að hans sögn búa Íslendingar yfir annars konar reynslu en aðrar þjóðir. „Erlendis er rekstrarleigubati fjármálafyrirtækja minni en annarra einkavæddra fyrirtækja. Með öðrum orðum ná aðrar einkavæddar atvinnugreinar meira út úr einkavæðingu en fjármálageirinn. Þetta snerist við á Íslandi. Einkavæðing annarra fyrirtækja skilaði sér ekki í bættum rekstri. Hér græddu bankarnir og erlendis skilja menn ekki hvernig þeir fóru að því. En síðan fór auðvitað allt á annan endann fyrir hálfum mánuði síðan,“ segir Þröstur sem skrifaði grein sína fyrir fjórum mánuðum. Hún verður nú birt í bókinni Rannsóknir í félagsvísindum 2008 sem kemur út í dag og er grunnur fyrirlestrarins. Nánar um ráðstefnuna á www.hi.is.



**FJÁRMÁL** Þröstur Olaf fjallar um áhættusækni og einkavæðingu á Íslandi. fréttablaðið/gva

Logitech er einn virtasti framleiðandi heims á lyklaborðum, músum, hátalarakerfum, vefmyndavélum og fleiri margmiðlunarvörum og hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir framúrskarandi gæði og hönnun.

Logitech

# NÚ ERU LOGITECH VÖRUR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Í TÖLVULISTANUM. HÉR ER AÐEINS BROT A ÚRVALINU

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

**LOGITECH DESKTOP**
Logitech Desktop er nettur hljóðnemi sem tekur kítið pláss á borði
**2.490**

**LOGITECH G51**
5.1 Logitech G51 er öflugt 360° hátalarakerfi sem er sérhannað fyrir leikjaspilarann. Fimm 20W hátalarar og 56W keila skila saman frábærum hljóm. Hljóðstillir og fjarstýring fylgja með
**19.990**

**LOGITECH X-240**
Logitech X-240 svart hátalarakerfi sem er sérhannað með tilliti til MP3 spilara
**6.990**

**LOGITECH ALTO EXPRESS**
Hafðu fartölvuna þína í réttri augnhæð með Alto Express fartölvustandinum
**3.490**

**LOGITECH MX AIR**
Logitech þráðlaus MX Air laser músin er með innbyggðum Freespace hreyfiskynjara, sem gerir þér kleift að nota músina í lausu lofti. Með sérstökum handahreyfingum getur þú t.d hækkað, lækkað og skipt um lag
**15.990**

**LOGITECH HARMONY ONE**
Með Harmony ONE geturðu stjórnað uppí 15 tækjum með einni fjarstýringu
**22.990**

**LOGITECH 120**
Logitech PC heyrnartól 120 með hljóðnema og hljóðstilli á snúru
**2.490**

**LOGITECH QUICKCAM SPHERE**
Vefmyndavél með hreyfiskynjara, HD video 960x720 og innbyggðum skynjara
**14.990**

**LOGITECH SQUEEZEBOX**
Sendu tónlistina þín þráðlaust í öll herbergi heimilisins með Squeezebox
**34.990**

**LOGITECH MEDIA 600**
Logitech Media 600 er þægilegt svart lyklaborð með ábr. íslenskum stöfum
**3.990**

**LOGITECH MARBLE**
Logitech Marble mús sem passar bæði fyrir rétthenta og örvhenta
**3.990**

**LOGTECH LX8**
Logitech LX8 blá þráðlaus laser mús með fullt af flýtihnöppum
**6.990**

**LOGITECH WAVE**
Logitech Wave lyklaborðið, hannað með þægindi í fyrirrúmi, ábr. íslenskir stafir
**6.990**

**LOGITECH G11**
Logitech G11 leikja lyklaborð með forritanlegum og bakupplýstum hnöppum, 2x USB tengi
**7.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |



**Kínaskál með prjónum fæst í svörtu og bláu.**
600 krónur stykkið.



**12*20 sm diskur fæst í svörtu og bláu.**
400 krónur stykkið.



**11cm há tekrús fæst í svörtu og bláu.**
300 krónur stykkið.



**Svört eldhúsvigt eins og til var í gamla daga.**
1600 kr stykkið.

**TIGER**
**Villidýr á verði**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is**





NOKKUR ORÐ
**Kjartan Guðmunsson**


# *Sýra, nostalgía, geng ég þér á hönd*

Þótt kreppan sé varla hafin fyrir alvöru hefur sniðugt fólk um land allt haft nóg að gera síðustu vikur við að rifja upp skuggalegustu dæmin um óráðsíugeðveiki nýliðins góðæris. Í því augnamiði að sýna fram á hvílíkt allsherjar peningasukk var um að ræða í sumum tilvikum er vinsælt að fletta í gömlum dagblöðum og fréttasíðum á netinu og velja úr rosalegustu dæmin um bjánaháttinn sem reið hér húsum um skeið.



En á meðan fólk þreytist seint á að minna á Gumball-kappakstur, þyrluferðir á Bæjarins bestu, leigutónleika með feitum gleraugnaglámum og kaup á vonlausum fótboltaliðum í Bretlandi hefur orðið útundan líklega skýrasta fjölmiðladæmið um það hversu sjúklegt ástand þjóðarsálarinnar var í miðju góðærinu. Mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja hvers vegna enginn þjóðfélagsrýnir hefur haft rænu á að rifja upp þessa stuttu frétt, sem birtist á Vísi.is miðvikudaginn 19. júlí árið 2006:

*„Það verður mikið um að vera fyrir fjölskyldufólk um helgina í Eden. Trúðurinn Eddi hefur heldur betur slegið í gegn, og hefur nú samið dans- og söngatriði í samstarfi við risa Amazon-páfagaukaparið. Einnig er aldrei að vita nema Orkuveitu-risarækjurnar og -kanínurnar slái á létta strengi.“*

Hvergi annars staðar en í miðri hringiðu platpeninga og óráðskenndra fantasíuáætlana um miðjan áratuginn hefði almenningur sætt sig við að sjálfum aldingarðinum í Hveragerði væri umturnað í þokukenndan sýruleikvöll sem, af lýsingum að dæma, minnir helst á einn af súrrealískari dægurlagatextum Jefferson Airplane. Trúðar, Amazon-páfagaukar, risarækjur og kanínur í Eden? Djöfull vorum við geðveik.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**LEIKLIST** Hópurinn sem að sýningunni stendur. MYND LEIKHÚS ANDANNA

# Dansaðu við mig

Leikhús andanna, nýstofnaður leikhópur, frumsýnir nýtt íslenskt verk í kvöld. Það er eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, og kallar hún það Dansaðu við mig. Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson. Dansaðu við mig er ekki dansverk, þótt það beri þetta heiti. Leikendur eru tveir, Höskuldur Sæmundsson og Þrúður Vilhjálmsdóttir. Veggspjald sýningarinnar byggir á mótífi úr einu þekktasta endurreisnarmálverki sögunnar, Venus stígur úr hafi, sem hefur sterkar tilvísanir í leikritið sjálft.

Sýningin er algerlega sjálfstætt framtak og ekki styrkt af neinum svo um er að ræða hreina hugsjónastarfsemi ungra listamanna sem hafa nú þegar látið talsvert í sér heyra. Leikhópurinn hefur mátt bíða með frumsýninguna vegna bókana forsætisráðuneytis á sölum í Iðnó fyrir blaðamannafundi og hefur átt erfitt með að klára æfingar á verkinu. Leikhús andanna ætlar að koma til móts við landann og bjóða sérstakt kreppuverð á 2., 3. og 4. sýningu verksins.

Tónlistarhönnuður verksins er ung tónlistarkona, Jarþrúður Karlsdóttir, en hún er að fara að gefa út sína fyrstu plötu eftir örfáa mánuði. Öll tónlist hennar í verkinu er frumsamin og er þetta í fyrsta sinn sem hún tekur sér leikhústónsmíðar fyrir hendur. Hún er þó ekki ókunnug leikhúsi, enda hefur hún starfað sem hljóðmaður í Þjóðleikhúsinu í talsverðan tíma.

Þetta er önnur frumsýning Þórdísar á sex vikum, en nýlega var frumsýnt verk hennar „Fýsn“ í Borgarleikhúsinu og er sýningum á því að ljúka. Það var fyrsta frumsýningin undir hatti nýráðins Borgarleikhússtjóra: Magnúsar Geirs Þórðarsonar – sem er einmitt bróðir Jóns Gunnars en hann vakti verulega athygli fyrir sviðsetningu sína á Fool for love, eftir Sam Shepard í fyrra. Þrátt fyrir ungan aldur höfundar og leikstjóra, en þau eru bæði fædd 1980, hafa fyrri verk þeirra verið tilnefnd til níu Grímuverðlauna samanlagt. Meðalaldur allra meðlima Leikhúss andanna er raunar 29 ár.

Dansaðu við mig verður frumsýnt í kvöld en næstu sýningar verða á sunnudagskvöld og fimmtudagskvöld í næstu viku. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 24. október 2008**

### ➜ Tónleikar

**20.30 Bubbi Morthens** verður með tónleika í Duushúsi, Duusgötu 2-8, Keflavík.

**21.00** Seinni útgáfutónleikar **KK** í tilefni af útgáfu plötunnar „Svona eru menn“, verða í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna** Jakob Þ. Möller flytur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri, L201, Sólborg, v/Norðurslóð.

**12.10 Menntun og starf Páls Björnssonar prófasts í Selárdal** Gunnar Marel Hinriksson verður með fyrirlestur í kaffisal Háskólaseturs Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði.

### ➜ Sýningar

**Farvegir** Ólafur Sveinsson og Trausti Dagsson sýna í DaLí Galleryi, Brekkugötu 9, Akureyri. Opið fös.-lau. kl. 14.00-17.00. Sýningin stendur til 1. nóv.



### ➜ Tungumálavika

**Ítalska sendiráðið í Ósló og ítölskukennarar við Háskóla Íslands standa fyrir Ítalskri tungumálaviku 20.-26. okt.**

**18.00** Í Norræna húsinu sitja rithöfundarnir **Carlo Lucarelli** og **Yrsa Sigurðardóttir** fyrir svörum og fjalla um skáldsögur sínar. Kvikmyndin Almost Blue sem byggð er á skáldsögu Carlos Lucarelli verður sýnd.

### ➜ Myndlist

**15.00 New Beginning** Rannveig Helgadóttir sýnir málverk í Jónas Viðar Gallery, Kaupvangsstræti 12, Akureyri. Opið föst.-lau. kl. 13.00-18.00. Sýningin stendur til 16. nóv.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






**TÓNLISTARFÓLK** Kristján ásamt Önnu Þorvaldsdóttur tónskáldi en hún á einmitt verk á tónleikunum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Konur, kór og kontrabassi*

Kristján Sigurleifsson bassaleikari stendur fyrir allsérstæðum tónleikum í hádeginu á morgun. Þá kemur hann fram ásamt kammerkórnum Hljómeyki og flytur þrjú ný verk eftir íslensk kventónskáld.

Tónskáldin sem um ræðir eru þær Hildigunnur Halldórsdóttir, Anna Þorvaldsdóttir og Þóra Marteinsdóttir. Kristján er þó heilinn á bak við tónleikana enda segist hann lengi hafa haft áhuga á því að flytja tónlist fyrir kontrabassa og kór. „Kontrabassinn er þannig hljóðfæri að hljómur hans berst ekkert sérstaklega vel. Það er því lítið vit í að semja og flytja verk fyrir kontrabassa og hljómsveit vegna þess að hin hljóðfærin myndu einfaldlega yfirgnæfa bassann. En ég hef alltaf séð fyrir mér að kór væri mikið hentugri meðleikari fyrir kontrabassa þar sem röddin er svo mjúkt hljóðfæri. Ástæðan fyrir því að ég fékk kventónskáld til þess að semja verkin er svo sú að mér hefur alltaf þótt íslensk kventónskáld semja afar hljómræna og fallega tónlist fyrir kóra; kannski er það vegna þess að þær hafa margar verið í kór sjálfar.“

Enn sem komið er hafa aðeins ofangreindu tónskáldin þrjú tekið þátt í verkefninu með Kristjáni, en hann vill gjarnan bæta fleirum við.

„Draumurinn hjá mér er að fara lengra með þessa hugmynd; ég vil endilega fá kventónskáld til að semja tvö til þrjú verk til viðbótar og stefni að því að taka þau svo upp síðar meir. En þetta er langtímaverkefni, þannig að ég veit ekki hvenær af þessu verður.“

Á tónleikunum á morgun flytur Hljómeyki að auki eitt verk eftir Ríkharð Örn Pálsson. Tónleikarnir fara fram í tónleikasalnum Hásölum í Hafnarfjarðarkirkju og hefjast kl. 12 á hádegi. **- vþ**




OF MONTREAL


REYKJAVÍK!

## > Í SPILARANUM

Of Montreal - Skeletal Lamping
The Viking Giant Show - The Lost Garden of the Hooligans
Ray LaMontagne - Gossip In The Grain
Kings of Leon - Only By The Night
Reykjavík! - The Blood

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Frábær list tekur tíma

Andy Gould, umboðsmaður Guns N´Roses, líkir söngvaranum Axl Rose við ítalska listamanninn Michelangelo í nýlegu viðtali. Sautján ár eru liðin síðan síðasta plata sveitarinnar með frumsömdu efni kom út, Use Your Illusions II. Töldu því margir að nýja platan, Chinese Democracy sem kemur út 24. nóvember, yrði aldrei að veruleika.

„Samspil listar og viðskipta hefur alltaf verið undarlegt. Þegar þeir báðu Michelangelo um að mála Sixtínsku kapelluna sögðu þeir ekki: „Geturðu málað hana á þessum ársfjórðungi?“ Frábær listaverk taka stundum langan tíma,“ sagði Gould. Bætti hann því við að Chinese Democracy væri dýrasta rokkplata sem gerð hafi verið.


**AXL ROSE** Umboðsmaður Guns N' Roses líkir Axl Rose við ítalska listamanninn Michelangelo.



## > Plata vikunnar

Lay Low - Farewell Good-night's Sleep

★★★★

„Lay Low er einfaldlega frábær tónlistarmaður. Það sýnir hún og sannar með nýju plötunni sinni, langbesta verki sínu til þessa.“ **Dr. Gunni**



## TÓNNINN GEFINN
**Dr. Gunni**

# *Enn meira krúttkjaftæði*


**VIÐ PRJÓNUM HENGINGARÓL FYRIR AUÐKÝFING** er hugsanlega nýja platan með Amiinu.

Þjóðfélagið er „óvart“ að hruni komið vegna dauða frjálshyggjunnar. Harðæri blasir við, svokallaður lurkur. Enn meira aðkallandi spurning undanfarna daga heldur en – hvað eigum við að gera? – hefur verið spurningin: Er krúttið dautt?
Þar sem krúttin hafa aldrei verið til, að minnsta kosti ekki í hugum þeirra sem krúttstimpilinn bera, eru þau auðvitað ekki dauð. Það sem aldrei hefur verið til getur varla verið dautt, eða hvað?
Af mannvonsku hefur verið sparkað í þá í rifnu lopapeysunum, sem sönglaðu Sæljón sæljón, spiluðu á sílafón og vöktu fjölmörgum gleði og mannlega samkennd, ekki síst útlendingum. Af hverju voruði ekki meira pönk? æpir lýðurinn. Ætliði að fara að pönka núna? Kommon, meira pönk!

Eins og pönkið sé eitthvað að fara að koma aftur.

Í þessum hræringum öllum hlýtur auðvitað einhverjum að detta eitthvað nýtt í hug til að tjá sig um. Neyðin kennir naktri konu að spinna og rokkara sem hefur aðallega sungið um tittlinginn á sér til þess að leggja eitthvað til málanna í „Nýja Íslandi“. Það er óhugsandi annað en að textagerð næstu missera verði meira „djúsí“ en til þessa.

Reyndar á saklaus og „innihaldslaus“ skemmtun kannski alveg eins vel við í kreppu og í góðæri, hvort sem hún kallast „krútt“ eða eitthvað annað. Biggi í Maus var að kvarta yfir því í Mogganum að böndin á Airwaves hafi ekki verið nógu róttæk á sviði, að enginn hafi tjáð sig nema Gus Gus, sem æpti „Burt með Davíð!“ Vinur minn sem stundaði hátíðina stíft er alveg ósammála Bigga. Hann var bara feginn að fólk var ekki að tala um ástandið uppi á sviði líka. Það var alveg nóg að allt annað væri lagt undir þetta, fannst honum.

Svo kannski breytist ekki neitt. Þeir sem hafa „sagt eitthvað“ halda því áfram, en hinir sem telja sig „skemmtikrafta“ og hafa ekki tekið beina afstöðu halda því bara áfram. Kanski verður poppið á „Nýja Íslandi“ bara alveg eins og í því gamla.



SALURINN
Í NÓVEMBER 2008


LAUGARDAGUR 25. OKTÓBER KL. 17
LÖG UNGA FÓLKSINS Í TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
JÓN SVAVAR JÓSEFSSON · ÁSTRÍÐUR A. SIGURÐARDÓTTIR
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS


LAUGARDAGUR 1. NÓVEMBER KL. 17
LÖG UNGA FÓLKSINS Í TÍBRÁ: GÍTARTÓNLEIKAR
ÖGMUNDUR ÞÓR JÓHANNESSON
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS


LAUGARDAGUR 8. NÓVEMBER KL. 20
SÖNGBÓK JAZZINS Í TÍBRÁ
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · GUNNAR HRAFNSSON
KJARTAN VALDEMARSSON · PÉTUR GRÉTARSSON


LAUGARDAGUR 15. NÓVEMBER KL. 17
UPPSELT
TÖFRAR Í TÍBRÁ: TEREM OG DIDDÚ
SKRÁNING Á BIÐLISTA HAFIN
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS


LAUGARDAGUR 29. NÓVEMBER KL. 17
TÖFRAR Í TÍBRÁ: AUÐUR GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR GUÐBJÖRNSSON · JÓNAS INGIMUNDARSON
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Tónleikar í samstarfi við BM VALLÁ, SKIPTI OG SAMTÖK IÐNAÐARINS

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS
BYR SPARISJÓÐUR


# Það er bara til einn Dylan

**Áttundi hluti hinnar margrómuðu Bootleg Series sem hefur að geyma áður óútgefnar Dylan upptökur kom í verslanir fyrir nokkrum dögum. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn sem heitir Tell Tale Signs og hefur að geyma upptökur frá árunum 1989-2006.**

Á Tell Tale Signs er að finna ónotaðar upptökur frá því að plöturnar Oh Mercy (1989), World Gone Wrong (1993), Time Out of Mind (1997), Love & Theft (2001) og Modern Times (2006) voru hljóðritaðar, en auk þess eru þarna tónleikaupptökur og lög úr kvikmyndum. Oft er um ónotaðar útgáfur af áður útgefnum lögum að ræða en þarna eru líka lög sem ekki rötuðu á plöturnar, þ. á m. þrjú lög frá gerð Time Out of Mind sem öll eru hreinasta afbragð.

Tell Tale Signs fæst í nokkrum mismunandi útgáfum. Hún er fáanleg á vínyl, en líka sem tvöföld geislaplata og í sérstakri þrefaldri viðhafnarútgáfu sem kostar langt á annan tug þúsunda. Allir feitustu bitarnir munu þó vera á tvöföldu útgáfunni, en sú þrefalda, sem inniheldur meðal annars 150 blaðsíðna innbundna bók með myndum af smáskífuumslögum, er stíluð inn á auðmenn og alhörðustu safnarana.

### „Alltaf að krota og stroka út ...“

Bob Dylan er ekki mikill spjallari. Hann gefur örfá viðtöl þegar hann sendir frá sér plötur með nýju efni og á þá til að svara löngum og flóknum spurningum með einsatkvæðisorðum. Hann hefur ekki sagt bofs um nýju útgáfuna sem hefur fengið glimrandi dóma. Það stöðvar hins vegar ekki tónlistarfjölmiðlana í því að fjalla í löngu máli um útgáfuna og Dylan.

Í nóvemberhefti breska tímaritsins Uncut eru löng viðtöl við flesta þá sem unnu efnið á Tell Tale Signs með Dylan, upptökustjóra eins og Daniel Lanois, hljóðfæraleikara og hljóðmenn. Fæstir hafa mikið bitastætt að segja um karlinn, en lýsingar eins og „hann var alltaf að krota og stroka út, alltaf að vinna í textunum sínum“ eru algengar og líka „hann talaði nú yfirleitt ekkert við okkur. Ég sá hann aldrei borða. Hann drakk kaffi og reykti sígarettur ...“ Maður fær á tilfinninguna að þarna sé verið að safna saman heimildum um skáld eða listamann sem var uppi fyrr á öldum en ekki náunga sem er í fullu fjöri enn í dag.

### Trygg söluvara

En það er auðvitað ekkert skrítið að tónlistarpressan reyni að gera mikið úr nýrri Dylanútgáfu. Það er bara til einn Dylan og áhugi fyrir honum er alltaf jafn mikill. Hann er trygg söluvara. Og Tell Tale Signs er líka magnað safn. Maður skilur ekki alveg af hverju lög eins og Red River Shore og Born In Time voru ekki sett á upprunalegu plöturnar. Eins og á fyrri Bootleg Series-plötum er útgáfan líka sérstaklega vel unnin. Textinn í 60 blaðsíðna bókinni sem fylgir með er fullur af skemmtilegum fróðleik og þetta 27 laga safn er mjög flott uppbyggt, hvergi dauður punktur.


**BOB DYLAN** Bootleg Series-útgáfan hefur fengið góða dóma víðast hvar.

## MÖGNUÐ ÚTGÁFURÖÐ

Bootleg Series-röðin er rómuð fyrir flott vinnubrögð. Það mættu fleiri listamenn taka sér þau til fyrirmyndar þegar hugað er að því að koma út áður óútgefnu efni, t.d. David Bowie eða Lou Reed ... Auk safndiska með óútgefnu efni eru þarna heilu tónleikapakkarnir, þ. á m. Royal Albert Hall-tónleikarnir frá 1966 og upptökur frá hinu alræmda Rolling Thunder Review tónleikaferðalagi 1975. Allt saman ómissandi efni fyrir Dylan-menn!


**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 1-3: RARE AND UNRELEASED, 1961–1991**



**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 8: TELL TALE SIGNS – RARE AND UNRELEASED, 1989-2006**



**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 7: NO DIRECTION HOME – THE SOUNDTRACK**



**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 4: BOB DYLAN LIVE, 1966 - THE „ROYAL ALBERT HALL CONCERT“**



**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 6: BOB DYLAN LIVE 1964 - CONCERT AT PHILHARMONIC HALL**



**THE BOOTLEG SERIES, VOL. 5: BOB DYLAN LIVE, 1975 – THE ROLLING THUNDER REVIEW**

# Ný íslensk tónlist!




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Lay Low
- Farewell Good Night´s Sleep




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Gilligill
- Bragi V. Skúlason & Memfismafían




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Vilhjálmur Vilhjálmsson
- Hana nú

## EINNIG FÁANLEGAR:




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Steinn Steinarr
- Aldarminning




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Motion Boys
- Hang On




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Fólkið í blokkinni - Allt í góðu...
ásamt nýjum lögum úr blokkinni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > ÓSÁTT VIÐ MADONNU

Móðir leikstjórans **Guy Ritchie** segir að son sinn hafi grunað áður en hann kvæntist að hjónaband hans og **Madonnu** myndi enda með ósköpum. „Guy kaus þessa leið. Hann vissi hvað hann var að gera þegar hann kvæntist henni. Þetta var óhjákvæmilegt. Ég veit hvernig Guy er og það þurfti ekki mikið til að sjá hvernig hún er og að hlutirnir myndu ekki ganga,“ sagði hún.



# Fólk

folk@frettabla

# Selur ljósmyndir í Gleðibankanum

„Ég hef alltaf þrjóskast við að taka á filmu þar sem mér finnst digitalmyndavélarnar ekki skila sömu sál og filman,“ segir Jóhannes Kjartansson, ljósmyndari og grafískur hönnuður. Um helgina heldur hann sína þriðju ljósmyndasýningu sem haldin verður í Kolaportinu og ber heitið Gleðibankinn.

„Ég hef verið að taka myndir fyrir alvöru síðan 2005 og hef tekið hátt í 900 filmur á þessum þremur árum. Ég hef eytt í það minnsta 1.500.000 krónum í framköllun, sem er kannski ekki mjög skynsamleg fjárfesting, en ég hef samt alltaf verið sjúkur í að skipta krónunum mínum út fyrir ljósmyndir,“ útskýrir Jóhannes sem mun þó aðallega sýna nýlegar myndir á sýningunni um helgina.

„Þetta eru allt myndir sem höfðu safnast saman frá því síðasta sumar, en ég átti ekki pening til að framkalla fyrr en fyrir nokkrum dögum. Þetta eru aðallega andlitsmyndir og fólk að skemmta sér í bland við borgarlandslag. Myndirnar sýna gleðina sem einkenndi mannlífið í Reykjavík áður en gengið, brosin og bankarnir féllu og endurspegla svolítið bjartsýnina sem ríkti í sumar en er orðin svolítið kaldhæðnisleg núna,“ útskýrir Jóhannes.

„Á sýningunni verða 100 myndir svo það verður hægt að kaupa hlutabréf í Gleðibankanum á genginu 0,01 með því að kaupa mynd,“ segir Jóhannes að lokum. - ag



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**OPNAR GLEÐIBANKANN Í KOLAPORTINU** Jóhannes heldur ljósmyndasýninguna Gleðibankann í Kolaportinu um helgina og sýnir 100 ljósmyndir sem voru allar teknar í fyrrasumar.

# Á tveimur hátíðum

**Kvikmyndin Heiðin verður sýnd í flokknum Alþjóðlegar uppgötvanir á kvikmyndahátíð í Mannheim-Heidelberg í byrjun nóvember. Heiðin er í hópi 32 nýrra mynda sem voru valdar sérstaklega úr um 2.500 myndum sem valnefnd hátíðarinnar barst og er því um mikinn heiður að ræða fyrir leikstjórann Einar Þór Gunnlaugsson og aðra sem stóðu að myndinni.**

**Heiðin verður á hátíðinni sýnd í fyrsta sinn almennum áhorfendum utan Íslands. Leikstjórinn ásamt leikurum muna sækja hátíðina heim og ræða við gesti í lok nokkurra sýninga. Í lok nóvember verður Heiðin síðan sýnd á kvikmyndahátíð í Tallinn í Eistlandi þar sem hún verður á aðaldagskránni.**



**EINAR ÞÓR GUNNLAUGSSON** Kvikmyndin Heiðin verður sýnd á tveimur kvikmyndahátíðum á næstunni.



## BESTI FORSETINN

1. **Harrison Ford** - Air Force One
2. **Morgan Freeman** - Deep Impact
3. **Michael Douglas** - The American President
4. **Bill Pullman** - Independence Day
5. **Kevin Kline** - Dave
6. **Dennis Quaid** - American Dreamz
7. **Bruce Greenwood** - National Treasure: Book of Secrets
8. **James Cromwell** - The Sum of All Fears
9. **Jack Nicholson** - Mars Attacks
10. **Jeff Bridges** - The Contender



# HARRISON FORD BESTI FORSETINN

Harrison Ford í kvikmyndinni Air Force One hefur verið kjörinn sá leikni forseti sem Bandaríkjamenn vildu helst að sæti í forsetastólnum.

Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem fór fram á heimasíðunni Moivefone.com, þar sem rúm ein milljón manns tók þátt. Var hún gerð til að hita upp fyrir forsetakosningar Bandaríkjanna sem eru í þann mund að hefjast á milli Baracks Obama og Johns McCain.

Í Air Force One, sem kom út fyrir ellefu árum, lék Ford forseta sem barðist af miklu hugrekki við flugræningja sem höfðu tekið yfir flugvél hans. Ford fékk 24 prósent atkvæða í könnuninni en Morgan Freeman fékk 16 prósent í öðru sætinu fyrir frammistöðu sína í Deep Impact. Þar lék hann forseta sem þurfti að bjarga þjóð sinni frá halastjörnu sem stefndi á jörðina.

„Svo virðist sem allir vilji forseta sem geti mætt á svæðið og tekið stjórnina í eigin hendur,“ sagði Scott Robson hjá Moviefone. „Lesendur okkar kusu með hjartanu á sama tíma og efnahagur landsins er á leið í ræsið. Í hinum fullkomna heimi væri frábært að eiga forseta sem gæti barið aðeins frá sér.“


# HVAÐ GERÐIST?

Á áratug virðist þjóðin hafa glatað jöfnuði og samkennd, sem um aldir var aðalsmerki íslensks samfélags, í efnalegum umbrotum.

Guðmundur Magnússon, sagnfræðingur, rifjar upp þessa atburðarás í nýrri bók – í ljósi síðustu atburða er sú saga ískyggileg.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

NÝ BÓK


# Höfuð Pauls fundið

Heimilislaus Breti að nafni Anthony Silva fékk nýverið tvö þúsund punda fundarlaun eftir að hafa fundið vaxhöfuð Bítilsins Pauls McCartney á lestarstöð í Reading.

Höfuðið, sem átti að fara á uppboð, týndist í lest fyrir viku. Óttaðist eigandinn, Joby Carter, að hann fengi aldrei að sjá höfuðið aftur og auglýsti fundarlaun í boði.

Anthony Silva hélt upphaflega að um hrekkjavökugrímu væri að ræða þegar hann sá höfuðið en er hann áttaði sig á hvað um var að ræða hafði hann samband við Carter. „Þetta var einmitt það sem ég þurfti og vonandi verður lukkan mér við hlið í framtíðinni,“ sagði Silva.



**PAUL MCCARTNEY** Vaxútgáfa af höfði Pauls McCartney fannst á lestarstöð í Reading á Englandi fyrir skömmu.

# Dramatískur Stiller

Hinn gamansami Ben Stiller á í viðræðum við framleiðandann Dreamworks um að leikstýra kvikmyndinni Trial of the Chicago 7. Er hún byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um uppþot sem áttu sér stað á ráðstefnu demókrata árið 1968.

Paul Greengrass og Steven Spielberg höfðu áður sýnt áhuga á þessu dramatíska verkefni án þess að nokkuð yrði úr því. Aðkoma Stillers að myndinni kemur nokkuð á óvart því hann er fyrst og fremst þekktur fyrir að leikstýra gamanmyndum. Svo virðist sem velgengni nýjustu myndar hans, Tropic Thunder, hafi gefið honum sjálfstraust til að feta nýjar slóðir á leikstjórnarferli sínum.



**BEN STILLER.**

Viðræður Stillers og Dreamworks eru á viðkvæmu stigi en ef af samstarfinu verður munu tökur hefjast fljótlega. Will Smith, Kevin Spacey og Jeff Daniels hafa allir verið orðaðir við myndina. Enn er þó óvíst með þátttöku þeirra.




# NÝ DÖNSK ÚTGÁFUHÁTÍÐ

Nýdönsk býður landsmönnum
á útgáfuhátíð í NASA,
Laugardaginn 25. október.

Boðsmiðar afhentir í Skífunni,
Laugavegi og í Kringlunni.

Tónleikar kl. 22.00
Dansleikur kl. 01.00
Selt inn frá miðnætti
Verð 2.000

Húsið opnar kl. 21.00

Kringlunni Laugavegi Leifsstöð

S·K·Í·F·A·N




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| EAGLE EYE LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.50 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| | | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE - POWER | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 4 og 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 4 (650 kr.) | L |
| MAMMA MIA | kl. 4 og 6 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 3:40- 5:40D - 8D - 10:30D | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 10:30 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 5:50 - 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:40(3D) | L |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 3:40 síð sýn. | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 4 - 6:30 - 9 - 11 | 12 |
| SEX DRIVE DIGITAL | kl. 6:30 - 9 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 síð sýn. | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 4 | L |
| WILD CHILD | kl. 3:50 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |
| JOURNEY EARTH | kl. 5:50 | L |
| SKJAL. OG HÉRINN ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 6 - 10:20 | 12 |
| WOMAN | kl. 8 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 | 12 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |




# Sigur Rós tekur við af Björk

Björk Guðmundsdóttir segir að hugsanlega muni hljómsveitin Sigur Rós verða næst til að gefa lag til stuðnings umhverfishreyfingunni Náttúru, rétt eins og hún gerði með samnefndu lagi sínu.

**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk telur að Sigur Rós muni hugsanlega verða næst til að gefa lag til styrktar íslenskri náttúru.

„Ég hef minnst á þetta við Sigur Rós og kannski gefur hún næsta lag og kannski heldur þetta áfram þannig,“ segir Björk í viðtali við bandarísku tónlistarsíðuna Pitchforkmedia.com.

Hún segir að Íslendingar séu sérlega góðir í að safna saman upplýsingum og nota heilann, rétt eins og með ritun Íslendingasagnanna í gamla daga og tölvuforritun dagsins í dag. „Við erum betri í því heldur en einhvers konar Las Vegas-fjárhættuspili. Ég dáist mjög að persónuleika Íslendinga, þessari ævintýramennsku. Við erum þekkt fyrir hana. Við erum svo háð ævintýramennsku að það jaðrar við fífldirfsku en það gerist ekkert nema fólk taki áhættu. Kannski nýtist þessi persónuleiki betur á öðrum stöðum en á hlutabréfamarkaðnum,“ segir hún.

Björk bætir því við að þrjú til fjögur ár muni líða þangað til næsta plata hennar kemur út og verður hún hugsanlega í líkingu við Vespertine. „Ég veit nokkurn veginn hvernig hún verður. Á skondinn hátt þá tengist það öllu fólkinu sem ég hef verið að hitta á Íslandi undanfarið. Þannig ganga hlutirnir stundum fyrir sig.“



**JÓNSI** Jónsi og félagar í Sigur Rós spiluðu á náttúrutónleikunum í Laugardal í sumar ásamt Björk.

# Þorir ekki að tala við bankann

**Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður sér ekki eftir því að hafa flutt til Danmerkur. Hann ætlar að sitja af sér kreppuna í um það bil tíu ár.**

„Maður er voða lítið að spá í þessu. Fólk er bara að tapa peningum. Það er ekki eins og einhver sé að deyja,“ segir Andri Freyr Viðarson, útvarpsmaður og lífskúnstner. Hann hefur búið í Danmörku í nokkra mánuði og kann vel við sig þar. Það er lítið að trufla hann að vera frá niðurlægðri þjóð. „Ég held það sé nú orðum aukið að það sé verið að reka Íslendinga út úr búðum á Strikinu fyrir það eitt að vera íslenskir. Allavega hef ég ekki lent í svoleiðis. Tja, reyndar var fólk í lobbíinu á Danmarks Radio að baktala mig þegar ég var þar síðast. Það var eitthvað að benda á mig og flissa og gera lítið úr mér – „aumingja Íslendingurinn“ eitthvað.“

Auk þess að sjá um hinn frábæra þátt Litlu hafmeyjuna í beinni frá Danmörku vinnur Andri í „ljósabransanum“ eins og hann kallar það. „Við erum fjórir Íslendingar í þessu. Erum að setja upp ljós fyrir leikhús og á tónleikum og svona. Yfirleitt sitjum við nú bara á rassinum með skrúfjárn og hlustum á iPod-ana okkar. Mér skilst að trixið sé að vinna í tvö ár. Þá er maður kominn inn í kerfið og getur farið að liggja á danska spenanum. Nei, nei, ég segi bara svona.“



**ÆTTUM AÐ FÁ DANINA TIL AÐ TAKA VIÐ OKKUR AFTUR** Andri Freyr er ekkert á leiðinni aftur heim. Þó var hlegið að honum í lobbíinu á Danmarks Radio um daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hrun bankakerfisins hefur áhrif á alla. Meira að segja Andra Frey. „Ég á einhverja peninga inni á Landsbankanum en hef bara ekki þorað að kíkja á þá ennþá. Einn af þeim sem ég er að vinna með tapaði hálfri milljón í einhverju verðbréfagambli. Þetta snertir alla.“

Og Andri er ekkert á leiðinni heim. „Ætli maður verði ekki úti í svona tíu ár í viðbót. Er ekki verið að tala um að það taki þann tíma að koma okkur upp úr þessu? Annars skil ég ekkert í því að við fáum ekki Danina bara til að taka við okkur aftur. Við getum þetta greinilega ekki sjálf. Það þarf einhver að halda í höndina á okkur. Ég hef aðeins verið að nefna þennan möguleika við Danina sem ég er að vinna með en þeir vilja ekki sjá okkur aftur!“

Litla Hafmeyjan með Andra og Dodda Litla er á Rás 2 í kvöld á eftir kvöldfréttunum. Heiðar Viking Giant er gestur þáttarins og aðeins verða spilaðir stórsmellir úr bíómyndum.

**drgunni@frettabladid.is**

# Safnplata frá Melua

Söngkonan Katie Melua, sem hélt tónleika í Laugardalshöll fyrir tveimur árum, gefur út tvöfaldan safndisk á mánudag. Á fyrri disknum verða sautján lög, þar á meðal The Closest Thing To Crazy, Nine Million Bicycles og What A Wonderfuld World sem hún söng með Evu Cassidy. Einnig verða þar þrjú áður óútgefin lög. Á síðari disknum er sýnt frá tónleikum sem Melua hélt í Rotterdam fyrr á árinu, auk þess sem skyggnst er bak við tjöldin við undirbúning tónleikaferðar hennar. Fram undan hjá Melua er tónleikaferð um Bretland sem verður hennar stærsta þar í landi til þessa.



**KATIE MELUA** Tvöfaldur safndiskur frá Katie Melua kemur út á mánudaginn.

# Myndir úr einkalífinu

**Ný bók er komin út um Kurt Cobain, fyrrverandi forsprakka hljómsveitarinnar Nirvana. Nefnist hún Cobain Unseen þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá þessari látnu rokkhetju og birtar myndir úr einkalífi hans. Blaðamaðurinn Charles R. Cross fékk leyfi til að skoða myndirnar og segir að tilfinningin hafi verið eins og að vera í miðri James Bond-mynd. „Þegar þú komst fram hjá öryggisvörslunni voru allar eigur hans bara í kössum,“ sagði hann. „Verk Cobains voru leyndardómur og við eigum enn erfitt með að komast að kjarna þeirra.“**


SparBíó föstudag
SAMbio.is
SAMBÍÓIN




**EAGLE EYE**
kl. 3.40 í Álfabakka

kl. 3.40 í Álfabakka

**SVEITABRÚÐKAUP**
kl. 3.40 í Álfabakka

**WILD CHILD**
kl. 3.50 í Kringlunni

kl. 4 í Álfabakka
kl. 6 í Keflavík

kl. 3.40 í Álfabakka
kl. 4 í Kringlunni


„MEISTARANS TÖK“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
EINAR KÁRASON
Ofsi
Leiðbeinandi útsöluverð kr. 4.990
Kynningarverð kr. 3.493
30% AFSLÁTTUR
GILDIR Í VERSLUNUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR TIL 29. OKT.
Stórbrotin saga um eitt mesta níðingsverk Íslandssögunnar.
Í Ofsa leiðir sagnameistarinn EINAR KÁRASON okkur á fund brennuvarga og bænda, höfðingja og húsfreyja, og varpar okkur inn í hringiðu atburða á róstusömum tímum.
„Mikil dramatík og húmor ... Ein af bestu bókum Einars Kárasonar.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN, RÚV
„Einar er innblásinn sagnamaður.“
EGILL HELGASON, KILJAN, RÚV
„Þessi saga, Ofsi, er merki um fullþroska höfund og er sómi okkar dögum.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## > Aukin framlög til barna -og unglingastarfs

Knattspyrnusamband Íslands ákvað á nýlegum fundi að bregðast við gjörbreyttu íslensku efnahagslandslagi með því að stórauka fjárframlög til barna -og unglingastarfs aðildarfélaga sambandsins. Um er að ræða allt að 140 milljónir króna til aðildarfélaganna fyrir næstu tvö ár, 70 milljónir króna á næstu vikum og aðrar 70 milljónir króna verða greiddar í lok árs 2009. Þar að auki mun KSÍ veita lengri tíma til félaga til að uppfylla veigamestu þætti í uppbyggingu mannvirkja fyrir áhorfendur samkvæmt leyfiskerfi sambandsins og er það von þess að ákvarðanirnar verði til þess að styðja enn frekar við rekstur knattspyrnufélaga í landinu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**REYNIR LEÓSSON:** YFIRGEFUR SAFAMÝRI FYRIR HLÍÐARENDA ÞAR SEM HANN SKRIFAÐI UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING

# *Valur var eina liðið sem kom upp í huga mér*

Varnarmaðurinn sterki Reynir Leósson hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir Fram og ganga í raðir erkifjendanna í Val og hefur þegar samþykkt þriggja ára samning við Hlíðarendafélagið.

„Þetta gerðist reyndar mjög fljótt. Ég settist niður með forráðamönnum Fram eftir tímabilið og þrátt fyrir að ég hafi enn átt eitt ár eftir af samningi mínum við félagið þá var það sameiginleg ákvörðun beggja aðila að slíta samstarfinu. Ég var því í raun samningslaus þegar ég kom að máli við Valsmenn og skrifaði undir þriggja ára samning við þá þannig að Fram og Valur ræddu aldrei sín á milli um félagsskiptin,“ segir Reynir.

Hinn 29 ára gamli Reynir býr yfir mikilli leikreynslu úr efstu deild og hefur leikið þar 169 leiki með ÍA og Fram en hann var einnig á mála hjá sænska félaginu Trelleborg í eitt ár. Reynir, sem var fyrirliði Fram og lék frábærlega í sumar, kvaðst ánægður með dvöl sína hjá Safamýrarliðinu og ber félaginu vel söguna þótt leiðir hafi skilist.



„Ég átti tvö skemmtileg ár með Fram og kynntist og vann með mörgu góðu fólki, bæði innan vallar sem utan og ég á því mjög góðar minningar frá tíma mínum þar. Það er líka mun skemmtilegra að hafa skilið við klúbbinn eftir jafn frábært tímabil og núna í sumar, það var alla vega talsvert betra en fyrsta árið mitt þar,“ segir Reynir í léttum dúr.

Reynir hlakkar mjög til komandi verkefna með Valsmönnum.

„Valur var eina liðið sem kom upp í huga mér. Metnaðurinn er gríðarlega mikill hjá félaginu og aðstaðan og velgengni félagsins á síðustu árum ber vott um það. Síðasta tímabil olli reyndar ef til vill einhverjum vonbrigðum en ég finn að það er mikill hugur í mönnum að gera vel og ná árangri á næstu árum. Ég er bara mjög spenntur og þakklátur að fá að taka þátt í því og vill ólmur leggja mitt af mörkum til þess að vinna eitthvað,“ segir Reynir að lokum.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla*

Akureyri-Valur 24-22 (12-12)

**Mörk Akureyrar (skot):** Oddur Grétarsson 7 (10), Árni Þór Sigtryggsson 6 (12), Andri Snær Stefánsson 5/1 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (3), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Gústaf Línberg Kristjánsson 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 1 (3), Jónatan Magnússon 1/1 (7), Elfar Halldórsson 0 (1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 0 (4).
**Varin skot:** Hafþór Einarsson 27 (3)/49, 55%
**Hraðaupphlaup:** 6 (Oddur 4, Andri, Rúnar)
**Fiskuð víti:** 2 (Andri, Heiðar)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk Vals (skot):** Arnór Þór Gunnarsson 5 (9/2), Anton Rúnarsson 4 (6), Hjalti Pálmason 3 (7), Ingvar Árnason 2 (2), Sigfús Páll Sigfússon 2 (6), Sigurður Eggertsson 2 (6), Baldvin Þorsteinsson 2 (6/1), Sigfús Sigurðsson 1 (2), Elvar Friðriksson 1 (13).
**Varin skot:** Ólafur Gíslason 21/45 47%
**Hraðaupphlaup:** 6 (Arnór 3, Baldvin 2, Anton)
**Fiskuð víti:** 3 (Ingvar, Sigurður, Sigfús S.)
**Utan vallar:** 8 mínútur
**Dómarar:** Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson, frekar slakir en samræmi á milli liðanna.

Haukar-Fram 20-27 (12-11)

**Mörk Hauka:** Andri Stefan 7, Gísli Jón Þórisson 5, Sigurbergur Sveinsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Pétur Pálsson 1, Einar Örn Jónsson 1, Kári Kristján Kristjánsson 1.
**Mörk Fram:** Andri Berg Haraldsson 7, Rúnar Kárason 6, Magnús Stefánsson 3, Guðjón Finnur Drengsson 3, Haraldur Þorvarðsson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Halldór Jóhann Sigfússon 2, Brjánn G. Bjarnason 1, Magnús Einarsson 1.

HK-Víkingur xx-xx (xx-xx)

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Akureyri** | **6** | **4** | **0** | **2** | **+5** | **8** |
| 2. Valur | 6 | 3 | 2 | 1 | +23 | 8 |
| **3. Fram** | **5** | **3** | **1** | **1** | **+9** | **7** |
| 4. xxx | x | x | x | x | x | x |
| **5. xxx** | **x** | **x** | **x** | **x** | **x** | **x** |
| 6. Haukar | 5 | 2 | 0 | 3 | -5 | 4 |
| **7. Stjarnan** | **4** | **1** | **1** | **2** | **-7** | **3** |
| 8. Víkingur | 5 | | | | | |

### *N1-deild kvenna*

HK-Stjarnan 22-28 (12-13)

**Mörk HK:** Pavla Kulíková 7, Elva Björg Arnarsdóttir 3, Elísa Ósk Viðarsdóttir 3, Arna Sif Pálsdóttir 3, Brynja Magnúsdóttir 3, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 2, Lilja Lind Pálsdóttir 1.
**Mörk Stjörnunnar:** Alina Petrache 6, Birgit Engl 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Harpa Sif Eyjófsdóttir 3, Sólveig Lára Kjærnested 3, Þorgerður Anna Atladóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Kristín J. Clausen 1.

# Gjörsamlega geðbilað

**Akureyri er komið í toppsæti N1-deildar karla eftir frækinn sigur á Val. Frábær vörn og markvarsla í síðari hálfleik skópu sigurinn. Þjálfari Vals var ósáttur með sóknarleik sinna manna. „Gjörsamlega geðbilað“ segja Akureyringar.**

**HANDBOLTI** Akureyri vann verðskuldaðan 24-22 sigur frammi fyrir frábærum áhorfendum í Höllinni á Akureyri í gær. Um 800 manns voru í húsinu en frábær vörn allan leikinn og stórkostleg markvarsla Hafþór Einarssonar í síðari hálfleik tryggðu Akureyringum toppsætið í deildinni, þar sem þeir sitja með Val.

Valsmenn komu virkilega ákveðnir til leiks og virtust líklegir til að keyra niður Akureyringa. Vörn þeirra var þétt og Ólafur Gíslason varði vel framan af. Valur komst mest þremur mörkum yfir og litu vel út.

Norðanmenn tóku tíu mínútur í að finna lausn á 3-2-1 varnarleik Vals og komu sér inn í leikinn. Þeir neituðu að gefast upp og eftir að þeir bundu vörn sína vel saman skoruðu þeir fimm mörk í röð og komust tveimur mörkum yfir. Valsmenn náðu aftur á móti að jafna í 12-12 sem voru hálfleikstölur.

Akureyringar voru skrefinu á undan allan seinni hálfleikinn og urðu mest fjórum mörkum yfir.



**HARÐFYLGI** Árni Þór Sigtryggson brýst hér framhjá Ingvari Árnasyni í leiknum í gærkvöld. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR



**HÚSFYLLIR** Það var mikil stemning í Höllinni á Akureyri í gær eins og sést á þessari mynd. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR

Valur náði aldrei að ógna góðum sigri Akureyrar þar sem Oddur Grétarsson var frábær ásamt Hafþóri. Akureyri hefur nú unnið fjóra leiki í röð. „Það hlýtur að vera létt að vera í markinu fyrir aftan svona vörn,“ gantaðist Rúnar Sigtryggsson þjálfari.

„Við spiluðum ekki nógu vel í fyrri hálfleik þar sem sóknin var slök og ég var frekar fúll við strákana. Staðan var jöfn en við áttum nóg inni eins og við sýndum gegn besta liðinu á landinu. Það er gaman að vera kominn á toppinn og við njótum þess núna. Hingað til er þetta erfiðasti útivöllur landsins og það er rosalega gaman að sjá að stúkan er ekki nógu stór,“ sagði Rúnar glottandi.

„Þetta var hörmungar leikur hjá okkur,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals. „Haffi var frábær í markinu hjá þeim, ég hef aldrei séð annað eins. Það verður ekki tekið af þeim að þeir spiluðu góða vörn en sóknin okkar var léleg. Það átti nánast enginn góðan leik og við vorum heppnir að tapa bara með tveimur mörkum með svona sóknarleik,“ sagði Óskar.

„Það er gjörsamlega geðbilað að vera á toppnum. Það reiknaði enginn með neinu af okkur fyrir mót en við erum hvergi nærri hættir. Við erum komnir á bragðið og við ætlum að halda svona áfram,“ sagði Andri Snær Stefánsson sem átti stórleik fyrir Akureyri en engu líkara var en um aðvörun til hinna liðanna í deildinni væri að ræða. **- hþh**

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

Stjarnan-Njarðvík 77-87 (33-44)

**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse24 (7 stoðs.), Jovan Zdravevski 20 (9 frák.), Birkir Guðlaugsson 8, Guðjón Hrafn Lárusson 7, Hilmar Geirsson 7, Fannar Freyr Helgason 6 (10 fráK.), Ólafur Jónas Sigurðsson 3, Kjartan Atli Kjartansson 2.
**Stig Njarðvíkur:** Friðrik Stefánsson 27 (21 frák.), Slobodan Subasic 16, Hjörtur Hrafn Einarss. 15 (7 frák.), Magnús Þór Gunnarss.12 (7 stoðs.), Logi Gunnarss. 12, Sævar Sævarss. 3, Sigurður G. 2.

Keflavík-ÍR 93-69 (46-26)

**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 25, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 22 (10 frák.), Þröstur Leó Jóhannsson 17, Hörður Axel Vilhjálmsson 14 (6 stoðs.), Vilhjálmur Steinarsson 8, Alfreð Elíasson 3, Axel Þór Margeirsson 2, Gunnar Hafsteinn Stefánsson 2.
**Stig ÍR:** Sveinbjörn Claessen 18, Ómar Örn Sævarsson 16 (13 frák.), Hreggviður Magnússon 14, Eiríkur Önundars. 14, Davíð Þór Fritzs. 4, Sigurður Tómasson 2, Ólafur Aron Ingvason 1.

FSu-Skallagrímur 98-56 (46-19)

**Stig FSu:** Vésteinn Sveinsson 26, Árni Ragnarsson 20, Sævar Sigurmundsson 18, Tyler Dunaway 9, Nicholas Mabbutt 9, Alexander Stewart 6, Daði Berg Grétarsson 5, Hilmar Guðjónsson 3, Cristopher Caird 2.
**Stig Skallagríms:** Þorsteinn Gunnlaugsson 27, Pálmi Þór Sævarsson 6, Bjarne Ómar Nielæsen 5, Sveinn Arnar Davíðsson 4, Sigurður Þórarinsson 4, Sigursteinn Orri Hálfdánars. 3, Ómar Helgason 3, Þráinn Ásbjörnsson 2, Sigurður Sigurðsson 2.

### *Evrópukeppni félagsliða*

**A-riðill:**
Schalke-Paris St. Germain 3-1
**B-riðill:**
Hertha Berlin-Benfica 1-1
**C-riðill:**
Sevilla-Stuttgart 2-0
Partizan Belgrade-Sampdoria 1-2
0-1 Emiliano Bonazzoli (20.), 1-1 Lamine Diarra (34.), 1-2 Daniele Dessena (55.).
**D-riðill:**
Udinese-Tottenham 2-0
1-0 Di Natale (24.), 2-0 Simone Pepe (86.)
**E-riðill:**
Heerenveen-AC Milan 1-3
0-1 Sjálfsmark (19.), 0-2 Ivan Gennaro Gattuso (23.), 0-3 Filippo Inzaghi (69.), 1-3 Danijel Pranjic (86.). Arnór Smárason sat á varamannabekk Heerenveen og kom ekki við sögu í leiknum.
Braga-Portsmouth 3-0
1-0 Luis Agular (8.), 2-0 Wason Renteria (46.), 3-0 Osrio Alan (87.). Hermann Hreiðarsson lék fyrri hálfleikinn með Portsmouth.
**F-riðill:**
MSK Zilnia-Hamburg 1-2
Aston Villa-Ajax 2-1
1-0 Martin Laursen (8.), 1-1 Thomas Vermaelen (22.), 2-1 Gareth Barry (45.).




FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Pósthúsið

Pósthúsið ehf | Suðurhraun 1
210 Garðabær | s: 585 8300


Njarðvíkingurinn Friðrik Stefánsson var með tröllatvennu gegn Stjörnunni í gær:

# Ætlaði ekki tapa aftur fyrir þeim

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar unnu sinn fyrsta sigur í Iceland Express-deild karla í vetur og forðuðu sér frá því að jafna félagsmetið yfir verstu byrjun í úrvalsdeild með því að vinna Stjörnuna í Garðabæ með tíu stiga mun, 87-77.

Njarðvíkingar spilltu þar með 15 ára afmælishátíð Stjörnunnar en þeir voru nærri því búnir að tapa niður 19 stiga forskoti sínu í lokin en sluppu með skrekkinn.

„Ég ætlaði ekki að tapa á móti Stjörnunni einu sinni enn,“ sagði Friðrik Stefánsson, fyrirliði Njarðvíkur, eftir sigurinn en Stjarnan vann báða leiki liðanna í fyrra. „Við hefðum átt að vera búnir að klára leikinn miklu fyrr en það var smá einbeitingarleysi hjá okkur og kannski smá þreyta. Ég er bara gríðarlega sáttur með að vinna hérna því við töpuðum nógu oft fyrir þeim í fyrra,“ sagði Friðik sáttur en þreyttur í leikslok.



**ÁTTI TEIGINN** Stjörnumenn réðu ekkert við Friðrik Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Friðrik átti frábæran leik og náði tröllatvennu þegar hann skoraði 27 stig og tók 21 frákast. Hann er greinilega að komast á fullt eftir hjartaaðgerð en segist sjálfur eiga enn nokkuð í land. „Ég er ekki kominn í gott form en það má segja að ég sé á leiðinni í gott form,“ sagði miðherjinn sterki.

„Við erum að spila svolítið villt en við ætlum okkur ekki að vera spila svona villt. Þegar skotin detta þá tekur maður því alveg en í hin skiptin verður maður alveg brjálaður,“ sagði Friðrik í léttum tón.

Auk Friðriks spilaði Hjörtur Hrafn Einarsson mjög vel og Magnús Þór Gunnarsson var traustur á úrslitastundu auk þess að styðja vel við félagana. Logi Gunnarsson var hins vegar langt frá sínu besta sem kom þó ekki að sök.

Justin Shouse og Jovan Zdravevski voru í aðalhlutverki hjá Garðabæjarliðinu. **- óój**

# Góð kaup í Hagkaup

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum






## JVC ferðaútvarp RCEZ31

- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Segulband
- Fjarstýring

8.990kr

## Lenco ferðaútvarp SCD25

- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA
- Heyrnartólstengi
- Góðir hátalarar

6.990kr




**United 19" sjónvarp** TVD7056

69.990kr

- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi, textavarp, 12v snúra fylgir
- Borðstandur fylgir



**Toshiba DVD spilari** SD180

- Progressive Scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

10.990kr



**Toshiba DVD spilari** SD370

- Fjölkerfa DVD DivX spilari • Progressive Scan • Video Upscaling í 720p / 1080i (í gegnum HDMI) • 192kHz/24 bit Audio DAC
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

14.990kr

**United DVD ferðaspilari** DVP7046

21.990kr

- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgja




29.990kr

Verð áður 34.990.-

**Philips heimabíókerfi** HTS3154

- Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi • 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) digital magnari
- Fjölkerfa DivX DVD spilari • 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum • SCART (með RGB), USB tengi, fjarstýring



Gildir til 30. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



> **Hilary Swank**

„Hugurinn getur verið besti hvatinn eða stærsta hindrunin í lífinu. Fólk sem nær árangri hugsar ekki „ég get það ekki“ heldur hugsar það „ég get það og ég vil það“.
Swank fer með hlutverk í myndinni 11:14 sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SPARKAR Í LIGGJANDI MANN

# Þrjár vikur án hláturs

Eflaust er ekki auðvelt að vera grínari á Íslandi í dag. Allt í einu er spilling stjórnmálamanna ekki lengur fyndin heldur grafalvarleg. Áhorfendum stekkur varla bros á vör þegar Örn Árnason birtist í líki Davíðs Oddssonar. Þeir verða bara reiðari og reiðari. Hann verðskuldi ekki að láta gera grín að sér.

Útrásin þykir ekki lengur súrrealísk heldur kallar fram sterkar tilfinningar. „Af hverju geturðu ekki verið eins og Hannes Smárason?“ var brandari í einu Skaupinu. Þá reið Hannes um héruð, felldi mann og annan og minnti einna helst á Gunnar á Hlíðarenda. Nú segist Hannes hafa öðrum hnöppum að hneppa. Hann hefur ekki tíma fyrir Ísland heldur er hann að telja aurana sína. Og biður til Guðs að þeir hafi ekki verið frystir.

Einu sinni mætti Björgólfur Guðmundsson í söfnunina Neyðarhjálp úr norðri. Seldi teinóttu jakkafötin sín til styrktar fólki sem hafði glatað öllu sínu í flóðbylgju. Jóhannes í Bónus keypti þau og fólk felldi tár yfir gjafmildi útrásarvíkingsins. Fannst Bjöggi gamli góður karl. Eins og Villi Vill. Í dag vill Björgólfur ekkert af sínu eigin fólki vita. Vill ekki einu sinni tala við fólkið. Skrifar því bara bréf og þakkar fyrir sig. Vonar að við reddum okkur bara. Tjattar síðan bara við soninn sem býr í London.

Einu skiptin sem ég hef hlegið á undanförnum þremur vikum var þegar skoskur landsliðsmaður skaut fram hjá opnu marki. Og þegar Kastljósið birti myndskeið af útrásinni. Þá varð mér ljóst að auðurinn sem Íslendingar töldu sig eiga, var í besta falli hlægilegur. Í versta falli skaut hann okkur aftur til ársins 1935. Með hvelli.



**TEINÓTTU JAKKAFÖTIN** Björgólfur gæti í það minnsta fundið fötin sem hann var í þegar Landsbankinn styrkti úrvalsdeildina í knattspyrnu. Og selt hana í söfnunina Neyðarhjálp úr norðri.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Shrek STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Charmed SKJÁR EINN



▶ **20.15** Útsvar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** Beauty and The Geek STÖÐ 2



▶ **21.30** Happy Hour STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (57:65)

**17.47 Músahús Mikki** (27:55)

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (25:41)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Að þessu sinni eigast við lið Garðabæjar og Reykjavíkur. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Kirkjugarðsklúbburinn** (The Cemetery Club) Bandarísk gamanmynd frá 1993 um þrjár vinkonur á sextugsaldri sem misstu mennina sína með stuttu millibili og hittast árlega við grafir þeirra til að ræða málin. Aðalhlutverk: Ellen Burstyn, Olympia Dukakis, Diane Ladd og Danny Aiello.

**23.00 Taggart - Lögin** (Taggart: Law) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.

**00.10 Svikahrappar** (Matchstick Men) Bandarísk bíómynd frá 2003. Aðalhlutverk: Nicolas Cage og Sam Rockwell (e)

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Land Before Time XII. Day of the Flyers**

**10.00 Eulogy**

**12.00 Shrek**

**14.00 Revenge of the Nerds**

**16.00 Land Before Time XII. Day of the Flyers**

**18.00 Eulogy**

▶**20.00 Shrek**

**22.00 11.14** Spennandi og áhrifamikið drama með valinkunnum leikurum í helstu hlutverkum, m.a. Óskarsverðlaunaleikkonunni Hilary Swank

**00.00 The Da Vinci Code**

**02.25 Caos and Cadavers**

**04.00 11.14**

**06.00 Fíaskó**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Tommi og Jenni, Louie og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttaadrottningu heims.

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (177:300)

**10.20 Grey's Anatomy** (22:36)

**11.15 The Moment of Truth** (8:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (59:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (60:114)

**14.35 Meistarinn** (4:15)

**15.25 Bestu Strákarnir** (13:50)

**16.00 A.T.O.M.**

**16.23 Bratz**

**16.48 Nornafélagið**

**17.08 Hvolpurinn Scooby-Doo**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.35 The Simpsons** (17:22) Langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu um Simpsons-fjölskylduna og aðra íbúa í Springfield.

**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.

**20.45 Ríkið** (9:10) Nýstárlegur sketsaþáttur sem gerist á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.

▶**21.15 Beauty and The Geek** (13:13) Fjórði hópur nörda og fegurðardísa er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni.

**22.00 Hot Fuzz**

**00.00 The Breakfast Club**

**01.35 Control**

**03.15 Lords of Dogtown**

**05.00 Ríkið** (9:10)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**07.00 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Aston Villa og Ajax.

**16.55 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Aston Villa og Ajax.

**18.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**19.05 Inside the PGA** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**19.30 Spænski boltinn** Hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**20.00 Fréttaþáttur** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**20.30 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.00 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**22.00 UFC Unleashed** Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.00 World Series of Poker 2008**

**23.55 Utan vallar með Vodafone**

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**15.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og West Ham.

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Wigan.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Everton.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield, 1993. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Sheffield - Tottenham, 1994.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (7:15) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Dr. Phil**

**19.20 Friday Night Lights** (6:15) (e)

▶**20.10 Charmed** (6:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Billie framkvæmir galdur til að fjarlægja óþægilegar minningar úr æsku. Fjölmiðlar láta systurnar ekki í friði eftir að það var tilkynnt um samstarf þeirra við heimavarnarráðið.

**21.00 Singing Bee** (6:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina. Að þessu sinni eigast við starfsfólk IKEA og Rúmfatalagerinn.

**22.00 Law & Order** (5:24) Tveir lögreglumenn eru myrtir eftir að hafa reynt að leiða vopnasala í gildru. Fontana og Green reyna að góma tvo menn sem eru grunaðir um morðin og Green leggur líf sitt að veði þegar hann þykist vera vopnakaupandi.

**22.50 The Eleventh Hour** (13:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.

**23.40 Swingtown** (10:13) (e)

**00.30 CSI. Miami** (5:21) (e)

**01.20 In Plain Sight** (5:12) (e)

**02.10 America's Funniest Home Videos** (16:42) (e)

**02.40 America's Funniest Home Videos** (17:42) (e)

**03.10 Jay Leno** (e)

**04.00 Jay Leno** (e)

**04.50 Vörutorg**

**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00

### Hot Fuzz (Tveir á toppnum)



Grípandi og gamansöm spennumynd um lögreglufljón í London sem er færður til í starfi. Nú starfar hann í rólegum og íhaldssömum smábæ og þar kynnist hann skrautlegum starfsfélögum sem hafa dólað við löggæsluna. Þegar ýmis óútskýrð og banvæn slys eiga sér stað grunar hann hins vegar að það sé ekki allt með felldu í bænum. Kolsvartur breskur húmorinn skín í gegn enda myndin frá hinum sömu og gerðu hina vinsælu Shaun of the Dead.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Logi í beinni
### Stöð 2 kl. 20.00



Logi Bergmann Eiðsson stjórnar léttum spjallþætti þar sem hann fær góða viðmælendur í heimsókn auk þess sem boðið er upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Í þættinum í kvöld ræðir Logi við Benedikt Erlingsson leikara. Þá koma fram söngkonurnar Hafdís Huld og Ellen Kristjánsdóttir auk þess sem Magni Ásgeirsson og hljómsveitin Á móti sól mæta. Eins og nafnið gefur til kynna er þáttúrinn í beinni útsendingu með áhorfendum í sal.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (44:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (45:260)
**17.00 Ally McBeal** (18:23)
**17.45 Skins** (8:10)
**18.30 Happy Hour** (11:13)
**19.00 Hollyoaks** (44:260)
**19.30 Hollyoaks** (45:260)
**20.00 Ally McBeal** (18:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 Skins** (8:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶**21.30 Happy Hour** (11:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Prison Break** (4:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.45 Magick** (3:4)
**23.10 Twenty Four 3** (22:24)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst ...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.
**21.00 Vitleysan** Grínistarnir Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson láta gamminn geysa. Það sannast að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni en hér eru synir Ladda og Karls Ágústs Úlfsonar mættir til leiks.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Hvor er vi landet? **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2008 **19.50** Reimers **20.30** Tordenhjerte **22.25** Dobbeltliv

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Megafon **13.30** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Viten om **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Pip **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Taggart **21.05** Kveldsnytt **21.20** Si at du elsker meg **22.10** Céline Dion - live i Los Angeles **22.55** Berserk til Valhall **23.25** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen **11.40** Carin 21.30 **12.10** Svensson, Svensson **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Djursjukhuset **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Robins **19.30** Om Sara **21.15** Morgonsoffan **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Pushing hands **23.45** Sändningar från SVT24





HÄCKER INNRÉTTINGAR Á ÍSLANDI

Nýjasta viðbótin hjá Eirvík eru hinar glæsilegu Häcker innréttingar. Häcker eru þýskar gæðainnréttingar sem henta öllum eldhúsum og fást í nokkrum verðflokkum. Kynnum einnig Miele eldhústæki, Liebherr og General Electric kæliskápa og Elica háfa ásamt öðrum glæsilegum eldhústækjum.

SÖLUSÝNING
laugardag frá kl. 11-16

LIEBHERR General Electric Miele elica Collection bulthaup magimix

Verið velkomin í Eirvík á morgun laugardag og fáið ráðgjöf og kynningu á glæsilegum eldhúsinnréttingum og eldhústækjum sem þarf til að gera gott eldhús betra.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Krua Thai. Þar er bæði ódýrt og mjög gott að borða. Það er líka stutt frá vinnunni. Ég fæ mér oft hádegistilboð og set tvo eða þrjá rétti saman á einn stóran disk. Það er mjög fínt.“*

Oscar Bjarnason, grafískur hönnuður.

# Stórfelld útrás Baggalúts á Netinu

Fréttamiðillinn Baggalútur.is er kominn í útrás, fyrstur íslenskra netmiðla – og hefur hafið stórfelldan fréttaútflutning á erlendri tungu á vefsíðunni **newiceland.net**. Að sögn Jóhanns Braga Fjalldal, nýráðins sviðsstjóra alþjóðasviðs Baggalúts, er New Iceland miskunnarlaus áróðursvél, sem ætlað er að koma á framfæri sjónarmiðum Íslendinga, gefa raunsanna mynd af ástandinu í íslensku samfélagi og sporna við þeirri neikvæðu ímynd og umræðu sem landið hefur mátt þola undanfarið.



**FÁNI NÝJA ÍSLANDS** Þessi fáni kom upphaflega til greina sem þjóðfáni Íslands árið 1914.

„Ísland á betra skilið. Við eigum ekki að þurfa að þola einelti og kúgun einhverra útlendinga, sem bera ekki skynbragð á séríslenskar aðstæður og eru langþjáðir af öfund í okkar garð. Við viljum sýna umheiminum okkar rétta andlit og færa útlendingum heim sannleikann um Ísland,“ segir Jóhannes Bragi og hljómar grunsamlega líkt og Bragi Valdimar Skúlason.

Ákveðið var að hafa síðuna á ensku fyrst um sinn, enda nýtur það tungumál almennrar hylli í útlöndum – enn sem komið er. „Við erum allir nokkuð sleipir í ensku, lærðum hana bæði í grunn- og menntaskóla og höfum síðan fylgst náið með henni í sjónvarpi og dægurlagatextum. Svo erum við með alvöru útlending sem les yfir og lagfærir,“ segir Jóhann Bragi og upplýsir jafnframt að kínversk útgáfa sé í bígerð, náist samningar við þarlenda prófarkalesara.

„Baggalútur er vel undirbúinn fjárhagslega fyrir langa kreppu og samdrátt, enda hefur fyrirtækið ávallt verið rekið fyrir andleg auðæfi en ekki veraldleg – því eru sjóðir samsteypunnar enn þá stútfullir.“



**BAGGALÚTUR Á GÓÐRI STUND** Á myndina vantar nýráðinn sviðsstjóra, Jóhannes Braga Fjalldal.

Sóknarfæri fyrir dugmikla internetgrínista eru gríðarleg á alþjóðlegum mörkuðum að mati Jóhanns Braga, sem reiknar staðfastlega með að vefsíðan nái alþjóðlegri frægð á undraskömmum tíma – og Baggalútur hljóti loks þá viðurkenningu og athygli sem honum ber á heimsvísu. **- drg**



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** voði, **8.** tækifæri, **9.** næra, **11.** ónefndur, **12.** liðsemi, **14.** krafsa, **16.** tveir eins, **17.** lík, **18.** í viðbót, **20.** tveir eins, **21.** sæla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrirdrag, **3.** belti, **4.** drottinsvik, **5.** hætta, **7.** ákvörðun, **10.** einkar, **13.** gláp, **15.** nabbi, **16.** vefnaðarvara, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** póló, **6.** vá, **8.** lag, **9.** ala, **11.** nn, **12.** fylgd, **14.** klóra, **16.** tt, **17.** nár, **18.** auk, **20.** ðð, **21.** unun.

**LÓÐRÉTT: 1.** ívaf, **3.** ól, **4.** landráð, **5.** ógn, **7.** ályktun, **10.** all, **13.** gón, **15.** arða, **16.** tau, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ofsi
2. Rúningi.
3. Pétur Blöndal.


10% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn





Auglýsingasími
512 5050




ÞORVALDUR ÞORVALDSSON: HEFÐI ÁTT AÐ TAKA BANKANN LÍKA

# Albaníu-Valdi í stað Bjarna Ármannssonar

„Jú, þetta er kannski táknrænt. Boðar breytta tíma. Ég var einmitt að gantast með það að ég hefði líka átt að taka við Bjarna í bankanum á sínum tíma. Þá hefði kannski verið hægt að bjarga einhverju,“ segir Þorvaldur Þorvaldsson trésmiður – sem jafnframt er þekktur undir nafninu Albaníu-Valdi.

Valdi kemur nýr inn í Útsvars-lið Akraness sem mun takast á við Kópavog 14. nóvember í hinum ágæta spurningaþætti Útsvar á RÚV. Í fyrra var athafna- og auðmaðurinn, fyrrum bankamaðurinn Bjarni Ármannsson í liðinu. Nú hefur orðið alger kúvending í liði Skagamanna. Albaníu-Valdi er einhver þekktasti vinstrimaður landsins, róttækur mjög og vakti athygli þegar hann var forsöngvari, með sinni djúpu bassaraust, þegar hópur mótmælenda söng „Internationalinn“ fyrir framan Seðlabankann fyrir skemmstu. „Þetta er reyndar ekki þannig að einn komi inn fyrir annan því í liðinu eru tveir nýir. Ég og Steingrímur Bragason íslenskukennari sem reyndar kenndi mér þegar ég var við nám á Akranesi. Áfram er svo Máni Atlason,“ segir Valdi. Máni er lögfræðinemi og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hann sé hægrimaður fram í fingurgóma. Í fyrra var Guðríður Haraldsdóttir blaðamaður, oft nefnd Kaffi-Gurrí, í liðinu auk þess sem Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, ritstjóri Skessuhorns, keppti í einni viðureigninni. „Já, það er algert kvenmannsleysi í liðinu núna.“



**ÞORVALDUR ÞORVALDSSON SMIÐUR** Talsverðar vendingar hafa orðið í liði Skagamanna en róttæklingurinn Albaníu-Valdi sest nú í sæti auðmannsins Bjarna Ármannssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þorvaldur hlaut viðurnefnið Albaníu-Valdi þegar hann fór til Albaníu fyrsta sinni árið 1978 og svo nokkrum sinnum upp frá því. Hann var um hríð formaður Albaníu-félagsins auk þess sem Sósíalistafélagið var stofnað árið 1994 að hans frumkvæði. Honum þótti þá vinstri fókusinn mást við stofnun Vinstri grænna. Er þá aðeins fátt eitt nefnt af pólitískum afskiptum Albaníu-Valda sem sér fyrir breytta tíma. „En breytingar fara auðvitað eftir því hvort menn hafi manndóm í sér að breyta um stefnu. Nú eru menn að keppast við að reyna að sannfæra sjálfa sig og aðra um að kapítalisminn hafi ekki brugðist!“ segir Valdi og furðar sig á hvernig menn geti komist að þeirri niðurstöðu.



**BJARNI ÁRMANNSSON** Kannski tímanna tákn að hann er horfinn úr Útsvars-liði Skagans og harður vinstrimaður kominn í hans stað.

„Ég veit nú ekki hversu mikill spurningamaður ég er,“ segir Þorvaldur lítillátur en er reyndar þekkt spurningaljón. Hann tók tvívegis þátt í „Viltu vinna milljón?“ og var fyrstur keppenda til að svara þrettán spurningum af fimmtán. Auk þess tók hann þátt í „Meistaranum“ sem Logi Bergmann stjórnaði. Þá kann einhver að kannast við Þorvald sem leikara en hann má sjá í Reykjavík Rotterdam og Bræðrabyltu. „Ég er áhugaleikari og stofnfélagi Skagaleikflokksins þá aðeins 16 ára og depúteraði þá á sviði.“ Þorvaldur er enda leikarinn í Skagaliðinu en Máni hleypur fyrir þá sem þekkja reglurnar í Útsvari. Og hver veit nema Bjarni verði vinur í síma.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Valur Gunnarsson** hefur verið áberandi í menningarumræðunni og lýsti því meðal annars yfir nýlega að krúttkynslóðin væri dauð – við nokkur viðbrögð. Valur hjólaði einnig í **Megas** þegar Toyota keypti „Ef þú smælar framan í heiminn“ í auglýsingu. Hinum skelegga gagnrýnanda þótti lítt leggjast fyrir kappann og listin væri orðin handbendi markaðsaflanna. Því kemur á óvart að á nýrri plötu Vals, Vodka Songs, syngur einmitt Megas. Sögulegar sættir? En þá ber til þess að líta að **Gímaldin**, sonur Megasar, er einnig skráður fyrir Vodka Songs.



**Bubbi Morthens** hélt nýverið vel heppnaða tónleika í Kaupmannahöfn eins og fram hefur komið. Á leiðinni út kom Bubbi sér vel fyrir í flugvélinni og hugsaði sér gott til glóðarinnar að lesa Ódáðahraun, nýja bók **Stefáns Mána**. Bubbi brá sér frá sæti sínu eitt augnablik og þá gerði einhver vafasamur pappír sér lítið fyrir og nappaði bókinni. Bubbi, sem lætur engan eiga neitt hjá sér, taldi þó ekki rétt að tilkynna þjófnaðinn með því að kveðja sér hljóðs því margir í vélinni voru einmitt á leiðinni á tónleikana.



Hér á þessum stað í blaði gærdags voru því gerðir skórnir að hið ágæta tímarit Golfblaðið væri lagst í vetrardvala og **Sveinn Waage** væri búinn að mynstra sig á DV. Það mun rétt vera en upplýsingar um meint vetrarhíði Golfblaðsins reyndust bullið eitt – væntanlegt er eintak tímaritsins og er beðist velvirðingar á mistökunum. **- jbg**

# Snobbið víkur fyrir þægindum

Skemmtistaðurinn Rex, sem hefur verið lokaður undanfarnar þrjár vikur, verður opnaður aftur með nýjum formerkjum um þarnæstu helgi. Staðurinn hefur í gegnum tíðina verið þekktur sem mikill „uppastaður“ en nú verður breyting þar á.

„Það var mikið af bankaliði þarna en núna er það dæmi allt búið. Núna er kominn Nýi Landsbankinn, Nýi Glitnir og Nýja Kaupþing og þá verður til hinn nýi Rex,“ segir Sverrir Rafnsson, einn af eigendum staðarins.

„Við tókum við fyrir fjórum árum þegar útrásin var að byrja og rákum staðinn á meðan hún var í hæstu hæðum. Við fórum jafnframt niður þegar allt fór að hrynja,“ segir Sverrir. „Það var líka kominn tími á staðinn. Hann var búinn að vera óbreyttur í fjögur og hálft ár og það var komin þreyta í hann. Það var annaðhvort að selja eða breyta og þrír eða fjórir reyndu að kaupa en enginn komst í gegnum bankakerfið. Þannig að við urðum bara að gera þetta sjálfir,“ segir hann.

Miklar breytingar verða á hinum nýja Rex og hlakkar Sverrir mikið til að kynna þær fyrir nýjum viðskiptavinum. „Við erum algjörlega að breyta um útlit. Allt þetta Innlit/útlit-dæmi verður tekið í burtu, allt þetta svarta og hvíta, og í staðinn verður mikið af litum og þægilegheitum. Þarna verða teppi á gólfum að hluta til og öðruvísi tónlistarstefna. Við erum að reyna að gera þetta að flottum stað, ekkert snobb eins og hefur verið, það er bara búið.“ **- fb**



**SVERRIR RAFNSSON** Þægilegheit koma í staðinn fyrir snobbið á endurbættum Rex sem verður opnaður um þarnæstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


15% afsláttur af allri gjafavöru í dag og á morgun!
model 793 - leður svart, hvítt og brúnt - 298 x 205 x 83 sm.
vasi 11.500 nú 9.775
h. 26 x b. 23 sm.
25% af sófum model: 793 & 601
verð 328.800 nú 246.600
model 601 - leður hvítt og brúnt
3ja sæta 230 x 95 x 82 sm.
2ja sæta 167 x 95 x 82 sm.
stóll 110 x 95 x 82 sm.
silfurskál 17.900 nú 15.215
3+1+1 389.800 nú 292.350
3+2+1 449.800 nú 337.350
b. 56 x d. 35 x h. 20 sm.
skál 2.800 nú 2.380
model 806 - leður svart, hvítt og brúnt - 292 x 230 x 98 sm.
b.21 x d. 10 x h. 13 sm.
verð 349.800 nú 262.350
25% af sófa model: 806
Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.*
*Af öllu nema vörum á afslætti.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttir

# Íslenskt, já takk!

Iðnaðarveldið Akureyri mátti muna sinn fífil fegurri þegar ég var að alast þar upp. Ég er því ekki ein þeirra sem geta kallað fram bragðið af Valash-drykknum víðfræga með því einu að loka augunum og aldrei var ég svo heppin að eiga Duffys-buxur frá Gefjun. Hins vegar rámar mig í að hafa fengið Act-sparískó frá Iðunni tvenn jól í röð og á gelgjunni dró ég fram gamla mokkajakkann hennar mömmu, akureyrska framleiðslu frá gullaldarárum verksmiðjanna, sem var aftur kominn í tísku.

**ÞAÐ** er hálfgerð synd að núna, þegar fjármálaheimurinn er hruninn og atvinnuöryggi þjóðarinnar virðist felast í framleiðslustörfum á borð við sjávarútveg og landbúnað, skuli nýbúið að valta yfir öll verksmiðjuhúsin á Gleráreyrunum til að byggja þar kuldalega verslunarmiðstöð. Nú væri lag að upphefja íslenskan iðnað á ný enda verða þjóðir að vera sjálfbærar í framleiðslu sinni þegar gjaldeyrishöft vofa yfir og erlendar þjóðir vilja ekki leika við okkur lengur. Miðað við svartsýnisrausið er aðeins tímaspursmál hvenær innflutningi á erlendum merkjafatnaði og heimilistækjum verður beinlínis hætt og hvað ætlum við þá að gera?

**BEST** væri að koma Sambandsverksmiðjunum í gang hið snarasta og auðvitað þarf Rafha að hefja framleiðslu á hafnfirskum eldavélum og bökunarofnum á ný. Þegar við erum fær um að sjá okkur fyrir mat, græjum og fatnaði getum við síðan farið í almennilega fýlu við stjórþjóðirnar sem voru svo vondar við okkur. Þær geta bara átt sig! Við þurfum ekkert á þeim að halda svo lengi sem við höfum Álafossúlpur, slátur og Freyjurís.

**NÚ** verður gaman að lifa. Innlend dagskrárgerð mun blómstra og þættir á borð við Innlit-útlit fá algjörlega nýjan tilgang. Í stað þess að sýna okkur stílhrein heimili ríka (eða skuldsetta) fólksins, sem fór og keypti allt í einni ferð í fínustu húsgagnaverslun bæjarins, verður boðið upp á fræðandi efni um það hvernig búa megi til borðstofuborð úr áburðarbrettum og hvernig plássið nýtist best þegar fimm þurfa að deila herbergi.

**EF** við erum heppin má horfa á þessa dásemd með Lindubuff í annarri og ískalt Valash í hinni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 24. október, 298. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.46 | 13.12 | 17.36 |
| Akureyri | 8.39 | 12.57 | 17.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

